HRUND ÞÓRSDÓTTIR

*Á ógrynni kjóla og fer jafnvel á kjól í útilegu*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




RÚM

*Nauðsynlegt að velja rétta dýnu í rúmið*

Sérblað um rúm

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. september 2009 — 208. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Ný bók um lungnakrabba



Um 125 einstaklingar greinast með lungnakrabbamein á ári.

TÍMAMÓT 20

### Leikstýrir Betlehem



Dagur Kári Pétursson ætlar að leikstýra nýjum sjónvarpsþætti sem hefur fengið vinnuheitið Betlehem.

FÓLK 38

### Við Georgie

„Georgie fór víða með Elísabetu Taylor, nema hún var óstundvís með afbrigðum og lét iðulega bíða eftir sér tímunum saman“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 16

### Stendur fast á sínu



Jóhannes Karl Guðjónsson er afar ósáttur við vinnubrögð landsliðsþjálfarans.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR** Í dag verður víðast hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Dálítil rigning vestan til, einkum á annesjum annars þurrt að mestu. Bjart með köflum suðaustan til. Hiti 7-13 stig mildast syðra.

VEÐUR 4

# Yfir 2.000 fyrirtæki hafa verið stofnuð frá hruninu

**Ekkert lát er á stofnun nýrra fyrirtækja þrátt fyrir ískyggilega stöðu í efnahagslífinu. Forsvarsmenn atvinnulífsins telja sjálfsbjargarviðleitni atvinnurekenda og viðbrögð við atvinnumissi búa að baki.**

**ATVINNUMÁL** Hér á landi hafa að meðaltali verið stofnuð 216 ný fyrirtæki á mánuði það sem af er þessu ári. Þetta er sambærilegur fjöldi fyrirtækja og var stofnaður fyrir efnahagshrunið í fyrra. Átta fyrstu mánuði ársins voru stofnuð 1.731 fyrirtæki, aðeins 38 fyrirtækjum færra en á sama tímabili árið 2008.

Þetta sýnir ítarleg úttekt sem CreditInfo vann fyrir Fréttablaðið um stofnun nýrra fyrirtækja frá árinu 2005. Í tölum CreditInfo kemur fram að alls hafa 2.369 ný fyrirtæki verið nýskráð í hlutafélagaskrá eftir hrunið í byrjun október. Þar af voru 215 stofnuð í október, 197 í nóvember og 226 í desember. CreditInfo tekur fram í greiningu sinni að í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu og í ljósi þess fjölda fyrirtækja sem þegar hefur farið í þrot á árinu megi telja líklegt að forsendur við stofnun fyrirtækja séu allt aðrar í samanburði við fyrri ár. Er vísað í fjölda fyrirtækja sem bankar hafa nú þegar yfirtekið eða sem hafa fært rekstur yfir í nýjar kennitölur.

Spurður hvort svokallað kennitöluflakk kunni að búa að baki segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, að þótt SVÞ hafi gagnrýnt kennitöluflakk í gegnum tíðina þá skuli hafa hugfast að allt hafi breyst. „Menn gera sér grein fyrir því að ævistarfið, stutt eða langt, fór með hruninu. Í kringum sjötíu prósent allra starfandi fyrirtækja í landinu voru með erlend lán. Það þýðir tvöföldun skulda yfir nótt. Kannski eru þetta varúðarráðstafanir ef illa færi, að hafa kennitölu til að hefja rekstur að nýju.“ Hann minnir á að í raun sé það ríkið sem hafi gengið á undan í kennitöluflakki og nefnir þar breytingar innan bankakerfisins sem dæmi.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir það jákvæðar fréttir að Íslendingar skirrist ekki við að stofna ný fyrirtæki. Þetta sé til dæmis til vitnis um að þeir sem misst hafa vinnuna séu að koma undir sig fótunum að nýju. „Á bak við þetta liggur örugglega endurskipulagning fyrirtækja, sameiningar og fleira,“ segir Vilhjálmur.

Flest fyrirtæki sem stofnuð hafa verið í ár eru á sviði verslunar og þjónustu auk framleiðslu. Helst má sjá mikla fækkun í stofnun fyrirtækja í fjármálastarfsemi, eða svokallaðra eignarhaldsfélaga.

Frá miðju síðasta ári hafa 834 fyrirtæki verið úrskurðuð gjaldþrota samanborið við 669 tólf mánuði þar á undan, sem er fjórðungsaukning. Þetta er þó aðeins lítið hlutfall heildarfjölda fyrirtækja en á Íslandi eru skráð tæplega 32 þúsund fyrirtæki í hlutafélagaskrá.

- shá



FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

**HEIMILISLEGT** Strákarnir okkar í íslenska fótboltalandsliðinu mættu sprækir á æfingu á Framvöllinn í Safamýrinni í gær þar sem þeir undirbjuggu sig fyrir leikinn gegn Norðmönnum um helgina. Sumir ákváðu að næra íslenska náttúru í leiðinni.

Íslensk tónlist:

## Bubbi vill fá stefgjöldin á ný

**FÓLK** Óvissa ríkir um hver eignast Hugverkasjóð Íslands, sem gerði samning við fjölmarga íslenska tónlistarmenn árið 2006. „Ég veit ekkert um samninginn né hvar hann er. Ef ég ætti peninga myndi ég kaupa hann aftur,“ segir Bubbi.



BUBBI MORTHENS

„Ég er búinn að athuga möguleika mína á að kaupa samninginn aftur, því mér er ekki sama hvert hann fer. Þetta eru gríðarleg verðmæti. Ég veit ekki hvort einhver ríkisbankinn, sem er að hirða úr fólki blóð og taugar, sé tilbúinn að lána pening til að kaupa þetta.“

- afb / sjá síðu 38

Flugmaður eins hreyfils flugvélar lenti í vandræðum í aðflugi:

## Nauðlenti flugvél á túni á Kjalarnesi

**LÖGREGLUMÁL** Eins hreyfils flugvél nauðlenti á túni gegnt Grundarhverfi á Kjalarnesi laust fyrir hádegi í gær. Engan sakaði.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynnti flugmaður vélarinnar um erfiðleika í aðflugi að Reykjavíkurflugvelli. Hann hélt því flugi áfram og lenti heilu og höldnu á túni við Vesturlandsveg. Lögreglu var gert viðvart og slökkviliðs- og sjúkrabílar ræstir út, en þeirra reyndist ekki þörf.

Flugmaðurinn var einn í vélinni og talið að vélin hafi lítið sem ekkert skemmst.

- kg



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÚTI Á TÚNI** Fulltrúar frá rannsóknarnefnd flugslysa skoða hreyfil flugvélarinnar.











Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

## SPURNING DAGSINS



*Hannes, er platan á leiðinni, alltaf á leiðinni?*

„Á morgun er kominn nýr dagur.“

Hljómsveitin Buff vinnur nú að plötu með sínum útgáfum af vinsælustu lögum Magnúsar Eiríkssonar. Hannes Friðbjarnarson er trommari Buffsins.

Starfsmaður Olís handtekinn eftir árás á viðskiptavini og samstarfsfólk:

# Bensínafgreiðslumaður ærðist

**LÖGREGLUMÁL** „Hann var alveg viti sínu fjær,“ segir yfirmaður bensínafgreiðslumanns Olís í Norðlingaholti sem ærðist við störf í gær. Hann veittist að viðskiptavinum bensínstöðvarinnar og samstarfsmönnum sínum og var að lokum færður burt í járnum.

Ekki liggur fyrir hvað kom yfir manninn, sem er á þrítugsaldri og af erlendum uppruna. Að sögn sjónarvotts virðist sem kveikjan hafi verið þegar starfsmaðurinn sakaði hjón sem biðu eftir afgreiðslu um að ætla að stela bensíni. Átök brutust út í kjölfarið.

Aðrir viðskiptavinir og samstarfsmenn mannsins brugðust við og reyndu að hemja hann með litlum árangri. Hillur með sælgæti og mynddiskum brotnuðu í átökunum og dreifðust um allt gólf. Lögregla var að lokum kvödd til og handtók hún manninn.

„Þetta var auðvitað afskaplega óeðlileg hegðun sem maðurinn sýndi af sér,“ segir Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Olís. „Það er alveg á hreinu að hann er ekki velkominn í vinnu hjá okkur aftur,“ segir Jón en tekur þó fram að starfsmaðurinn hafi verið dagfarsprúður og ágætur starfsmaður. Þetta hafi komið öllum mjög á óvart. Mestu skipti að enginn hafi meiðst.



**Á OLÍS** Maðurinn fær ekki vinnu aftur á Olís eftir berserksganginn. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL

Einn þeirra sem lentu í átökum við manninn í gær hafði samband við Fréttablaðið og sagðist myndu verða sér úti um áverkavottorð á slysadeild og kæra árásina. - sh

Kjörnir fulltrúar í Árnessýslu:

# Fengu greitt frá Landsvirkjun

**VIRKJANIR Landsvirkjun greiddi fimm sveitarstjórnarmönnum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir að sitja fundi þar sem fjallað var um fyrirhugaðar virkjanir í hreppnum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.**

**Sigurður Jónsson, fyrrverandi sveitarstjóri í hreppnum, sagði hvern hinna kjörnu fulltrúa hafa þegið 200 þúsund krónur fyrir að sitja tíu slíka fundi. Þá hafi hreppurinn fengið ellefu milljónir króna frá Landsvirkjun, meðal annars vegna lögfræðikostnaðar.**

**Oddviti hreppsins sagði að sér þætti ósanngjarnt að vera nánast sakaður um mútur.** - sh



**FJÁRMÁLARÁÐHERRAR** Juncker frá Lúxemborg, Lagarde frá Frakklandi og Asmussen frá Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Fjármálaráðherrar ESB:

# Bónusar bankamanna lækki

**BRUSSEL, AP Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins fagna frumkvæði Frakka og Þjóðverja, sem vilja fá Bandaríkjastjórn og fleiri ríki í lið með sér til þess að hafa hemil á bónusgreiðslum til yfirmanna í bönkum.**

**Á fundi ráðherranna í Brussel í gær sagð Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, að óhóflegar bónusgreiðslur verði að heyra sögunni til. „Bankamennirnir eru að skemmta sér eins og enn væri árið 1999, en reyndar er komið árið 2009,“ sagði Borg. Bæði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari hafa lagt áherslu á að óhófsgreiðslur verði stöðvaðar.** - gb

# Ólga í Framsókn vegna Magma-sölu

**Bakland Framsóknarflokksins í Reykjavík virðist missátt við að Orkuveitan hafi gengið að kauptilboði Magma Energy. Formaður borgarráðs segir að þrýstingur frá óánægðu framsóknarfólki breyti ekki niðurstöðu málsins.**

**BORGARMÁL** „Fjölmargir framsóknarmenn, þar á meðal ég, telja það ekki þjóna hagsmunum almennings á Íslandi að selja úr landi yfirráð á orkuauðlindum. Fjölmargir framsóknarmenn eru andstæðingar þeirrar skefjalausu einkavæðingarstefnu sem einkennir Sjálfstæðisflokkinn“, skrifar Salvör Gissurardóttir, stjórnarmaður í framsóknarfélagi Reykjavíkur.

Salvör staðfestir að hún sé alfarið á móti því að hlutur Orkuveitunnar verði seldur á þessum tímapunkti og „vil gera allt sem í mínu valdi stendur til að stöðva þennan gjörning“, eins og hún orðar það.

Spurð hvort hún hafi tilfinningu fyrir því hvort þetta sé skoðun margra framsóknarmanna segir hún að svo sé. Viðhorf framsóknarmanna til einkavæðingar séu önnur en sjálfstæðismanna. Salvöru finnst að framsóknarmenn ættu að fjarlægja sig frá Sjálfstæðisflokknum og ekki standa með þeim að samþykkt á sölu hlutarins til Magma Energy.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður borgarráðs, tekur ekki undir að urgur sé á meðal framsóknarfólks í borginni. „Það er allt of mikið sagt að það sé mikill óróleiki innan okkar raða en hins vegar eru skiptar skoðanir og við höfum tekið umræðuna. Menn átta sig á því að við erum í þeirri stöðu að vera með úrskurð samkeppnisyfirvalda um að selja þennan hlut og það skiptir Orkuveituna miklu máli að losa hlutinn á þessum tíma. Þannig getum við byggt upp Orkuveitu Reykjavíkur sem er fyrirtæki í almannaeigu.“ Óskar segir að þessu slepptu megi velta fyrir sér hugmyndafræðinni um hvorum megin orkufyrirtækin eiga að liggja og það sé nærtækt að beina spjótum að þeim sveitarfélögum sem þegar hafa selt frá sér orkufyrirtækin. „Það er ekki hægt að segja það um Reykvíkinga.“

Í niðurlagi bloggfærslu Salvarar segir að nú reyni á borgarfulltrúa í borgarráði og borgarstjórn um hvort samkomulagið verði staðfest. „...þar eiga menn að horfa á víðari hagsmuni en bara hagsmuni eins fyrirtækis. Það er margt sem bendir til að borgin sé ekkert að tapa á því að bíða og gefa ríkinu eða öðrum innlendum aðilum meira svigrúm til að kaupa.“

Spurður hvort þrýstingur frá óánægðu framsóknarfólki geti haft áhrif á niðurstöðu málsins úr þessu svarar Óskar neitandi.

svavar@frettabladid.is



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Sala á hlut Orkuveitunnar til Magma Energy hefur fengið umfjöllun í borgarstjórn. Borgarráð fundar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SALVÖR GISSURARDÓTTIR**



**ÓSKAR BERGSSON**

Ólafur F. Magnússon:

# Ætlar í mál við Ríkisútvarpið

**FJÖLMIÐLAR** Borgarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon hefur ákveðið að höfða meiðyrðamál gegn Ríkisútvarpinu vegna fréttaflutnings af deilum hans við Frjálslynda flokkinn um fjárframlög frá Reykjavíkurborg. Ólafur kvaddi sér hljóðs á borgarstjórnarfundi á þriðjudag og kynnti þessi áform sín.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Málið snýst um inngang fréttar, þar sem sagt var að Ólafur hefði í heimildarleysi látið leggja framlag ætlað Frjálslynda flokknum inn á reikning í eigin eigu. Með þessu telur Ólafur að fréttastofan hafi þjófkennt hann. „Þetta er dropinn sem fyllir mælinn,“ segir Ólafur, sem telur RÚV ítrekað hafa sýnt honum vanvirðingu í fréttaflutningi. - sh

Úthlutun nýs fiskveiðiárs:

# Tæplega 800 skip fá kvóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Fiskistofa hefur úthlutað alls 259.797 tonnum í þorskígildum talið nú í upphafi nýs fiskveiðiárs og er það tæplega 2,8 prósenta aukning frá 2008. Alls fengu 788 skip úthlutað aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar, þar af eru 456 skip í krókaaflamarkskerfinu. Þetta er 21 skipi fleira en á síðasta fiskveiðiári og er aukningin í krókaaflamarkinu.**

**Hæst hlutfall úthlutaðs aflamarks fer til skipa með heimahöfn í Reykjavík, og þar á eftir til skipa með heimahöfn í Vestmannaeyjum, eins og á síðasta fiskveiðiári. HB Grandi hf. og Brim hf. eru, líkt og í fyrra, stærstu kvótahafarnir.** - shá

# Lést í vinnuslysi í Árbæ

Karlmaðurinn sem féll af húsþaki við vinnu sína í Árbæjarhverfi var úrskurðaður látinn við komu á slysadeild á sjötta tímanum á þriðjudag.

Maðurinn hét Gísli Ágústsson og var á fimmtugsaldri. Hann var til heimilis að Vagnhöfða 7 í Reykjavík. Gísli lætur eftir sig tvö börn.

Tildrög slyssins liggja ekki fyrir en lögregla og Vinnueftirlitið vinna að rannsókn málsins.

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Námskeið að hefjast.
15 vikur.
Byrjendur og lengra komnir.
Börn og fullorðnir.

Ármúli 38 / við Selmúla S: 5516751 6916980
pianoskolinn@pianoskolinn.is

Fyrsta rannsóknin á umfangi og eðli mansals á Íslandi kynnt:

# Minnst 59 þolendur mansals

**FÉLAGSMÁL** Minnst 59 fórnarlömb mansals hafa komið fram á Íslandi á síðastliðnum þremur árum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri rannsókn Rauða Krossins á umfangi og eðli mansals á Íslandi, þeirri fyrstu sem gerð er hér.

Rannsóknin leiðir í ljós að um þriðjungur tilfellanna eru tengd kynlífsiðnaði, en önnur tilvik tengjast jafnan konum sem annaðhvort giftast íslenskum mönnum eða starfa við heimilishjálp, eða starfsfólki í byggingariðnaði og veitingarekstri. Af þeim 59 þolendum sem vitað er um eru 50 konur og níu karlar. Allir karlarnir höfðu verið órétti beittir í starfi sínu í byggingariðnaði eða á veitingahúsum.

Fríða Rós Valdimarsdóttir, höfundur rannsóknarskýrslunnar, segir það helst hafa komið sér á óvart við gerð hennar hversu hljótt vandamálið hefur farið í samfélaginu undanfarin ár, miðað við það hversu umfangsmikil baráttan gegn mansali hefur verið hjá fagaðilum bak við tjöldin.

Athygli vekur að einungis þriðjungur dæmanna hérlendis tengjast kynlífsiðnaði, en yfirleitt er talið að 70 til 80 prósent þolenda mansals í heiminum séu í þeim iðnaði. Fríða segir hugsanlegt að slík tilvik komi síður fram á Íslandi en annars staðar, enda skorti stuðning fyrir fólkið, sem sé til dæmis til staðar í mun meiri mæli á Norðurlöndum. - sh



**MARGIR ÞOLENDUR** Dæmi eru um konur á Íslandi sem þurfa að búa við það að eiginmenn þeirra krefji þær skilyrðislaust um kynlíf.

# SLÁTURTÍÐ

## FRYSTIKISTUR OG SKÁPAR

**FRÁBÆRT VERÐ**
**MIKIÐ ÚRVAL**

Frigor
Dönsk gæði í 45 ár



**79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

ORKUNÝTING A

Frigor
**Frystiskápur**
FHF 142-55
155 ltr, 142 x 58 x 50 sm
1805493



**89.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Frigor
**Frystikista**
272 ltr, 89,5 x 98 x 64,5 sm
1805487

Frigor



**116.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Frystikista**
461 ltr, 89,5 x 150 x 64,5 sm
1805489

Frigor



**56.990**
FRÁBÆRT VERÐ

ORKUNÝTING A

**Frystiskápur**
FHF 85
88 ltr, 85 x 58 x 55 sm
1805492



verð frá
**6.999**

**Sláturtunnur**
15 - 54ltr
2200914/17/19/22

Frigor



**74.990**
FRÁBÆRT VERÐ

ORKUNÝTING A+

**Frystikista**
G215
197 ltr, 89,5 x 59 x 84 sm
1805482

Frigor



**56.990**
FRÁBÆRT VERÐ

ORKUNÝTING A+

**Frystikista**
G115
98 ltr, 54,5 x 59 x 84 sm
1805483



**20%**
AFSLÁTTUR
af öllum
**sultukrukkum**

**Frigor frystiskápar og kistur væntanlegar í allar verslanir Húsasmiðjunnar fyrir helgi.**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 02.09.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,9 | 126,5 |
| Sterlingspund | 203,83 | 204,83 |
| Evra | 178,94 | 179,94 |
| Dönsk króna | 24,038 | 24,178 |
| Norsk króna | 20,614 | 20,736 |
| Sænsk króna | 17,342 | 17,444 |
| Japanskt jen | 1,3574 | 1,3654 |
| SDR | 196,25 | 197,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

232,2556

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisábyrgð staðfest með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis:

# Forsetinn staðfesti Icesave-lög

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, staðfesti í gær lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninga við Breta og Hollendinga.

Í yfirlýsingu frá forsetanum segist hann staðfesta lögin með sérstakri áritaðri tilvísun til þeirra fyrirvara sem Alþingi setti við lögin. „Um leið lætur forseti í ljósi þá ósk, að kraftar þings og þjóðar verði sameinaðir í því brýna verkefni að endurreisa íslenskt efnahagslíf, styrkja fjárhag heimilanna og stoðir atvinnuveganna“, segir líka í tilkynningunni.

Hjörtur Hjartarson, talsmaður Kjósa.is, samtakanna sem afhentu forseta undirskriftir um ellefu þúsund Íslendinga og hvöttu hann til að synja lögunum staðfestingar, segir niðurstöðuna vonbrigði.

„Ef 26. greinin [sem heimildar forseta að synja lögum staðfestingar] megnar ekki að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni sem forsætisráðherra hefur lýst sem einu mesta hagsmunamáli þjóðarinnar fyrr og síðar, þá er greinin, að minnsta kosti eins og hún er praktíseruð núna á Bessastöðum, gagnslaus,“ segir Hjörtur.

Nauðsynlegt sé að setja lög sem færa þjóðinni möguleika á að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg mál. **- sh**



**FORSETI ÍSLANDS** Fór ekki að kröfu ellefu þúsund manna sem vildu þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Ísraelar og Palestínumenn:

# Viðræður ráðamanna hefjast

**ÍSRAEL, AP** Háttsettir ráðamenn Ísraelsstjórnar og Palestínustjórnar hittust í gær í fyrsta sinn frá því að Benjamin Netanjahú tók við sem forsætisráðherra Ísraels.

Það voru þó ekki æðstu leiðtogar úr röðum beggja sem áttu fund, heldur þeir Silvan Shalom, varaforsætisráðherra Ísraels, og Bassem Khoury, efnahagsráðherra Palestínustjórnar.

Fundurinn þykir þó glæða vonir um frekara framhald viðræðna. Ráðherrarnir samþykktu að haldnir verði reglulegir fundir og samstarfsnefndir embættismanna verði settar á fót. **- gb**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Tekur ákvörðun á næstu dögum um ráðningu þjóðleikhússtjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Skipan þjóðleikhússtjóra:

# Jafnvel rætt við umsækjendur

**MENNING** Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, bræðir nú með sér hvort rætt verður við umsækjendur um stöðu þjóðleikhússtjóra. Nokkuð var kvartað yfir því að umsagnaraðilinn, þjóðleikhúsráð, hefði ekki tekið viðtal við umsækjendur.

Katrín segist munu ákveða framhaldið á næstu dögum. Hún segir einnig til skoðunar að setja fram lagafrumvarp um hámarkssetu leikhússtjórans. Það verði hins vegar að skoða út frá samhengi við aðra listræna stjórnendur. Trauðla gangi að einungis gildi svona ákvæði um þjóðleikhússtjóra. **- kóp**

## LEIÐRÉTTINGAR

Í frétt blaðsins í gær um styrkveitingar til stjórnmálaflokka var ranghermt að Guðlaugur Þór Þórðarson hefði viðurkennt að hafa haft milligöngu um styrkveitingar til Sjálfstæðisflokks. Hið rétta er að Guðlaugur Þór hvatti til þess að fé yrði safnað til að styrkja fjárhag flokksins.

Í frétt í blaðinu í gær um útbreiðslu sjálfsprottins trjágróðurs hér á landi var missagt að birkiskógur hefði vaxið vestan Skaftárbrúar. Umræddur skógur er vestan Skeiðarárbrúar.

# Tvö þúsund félög hunsa skattstjóra

**Ríkisskattstjóri undirbýr aðgerðir gegn hlutafélögum sem ekki hafa skilað ársreikningum fyrir árið 2007. Sektin er 250.000 krónur. Hann skortir úrræði til að bregðast harðar við málum og hefur nefnt það við fjármálaráðuneytið.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisskattstjóri hefur sektað á þriðja hundrað hlutafélaga fyrir að skila ekki ársreikningum fyrir árið 2006.

Nú er verið að undirbúa aðgerðir gegn nærri tvö þúsund félögum sem ekki hafa skilað ársreikningum fyrir 2007.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að nú verði farið í að senda félögunum fyrsta áminningarbréfið vegna reikninga síðasta árs. Að líkindum verði því öllu færri sem nú til með að verða sektaðir á endanum fyrir það árið.

Ársreikningaskrá fékk í fyrsta sinn í fyrra heimildir til að beita sektarúrræðum gegn fyrirtækjum sem ekki skila reikningum sínum. Ríkisskattstjóri segir þetta ekki duga til.

„Vandamálið er að menn virða ekki þessa skyldu. Besta úrræðið væri að taka félögin af skrá, það myndi hreyfa við fólki,“ segir hann.



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

Ríkisskattstjóri þarf að senda nokkur áminningarbréf og að lokum sektarboð, áður en menn „kippast við og skila reikningum.

Svo vilja þeir fá sektina niðurfellda,“ segir Skúli.

En væru félögin tekin af skrá fyrir trassaskapinn þýddi það að þau yrðu rekin á ábyrgð eigandans. Þau bæru því ekki „takmarkaða ábyrgð“ heldur yrði eigandinn sjálfur gjaldþrota, ef illa fer.





FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## BM-VALLÁ STEFNIR ÁRSREIKNINGASKRÁ

Fyrirtækin bregðast ekki öll jafn vel við kröfum ríkisskattstjóra.

Nú er dómsmál í gangi þar sem BM-Vallá hefur stefnt Ársreikningaskrá fyrir að krefjast ársreikninga til opinberrar birtingar.

BM-Vallá krefst þess fyrir dómi að viðurkennt verði að félaginu sé ekki skylt að birta þessa reikninga.

Málið var þingfest í vor og verða gögn ef til vill lögð fram í þessum mánuði.

Ríkisskattstjóri hefur, óformlega, bent fjármálaráðuneytinu á að þessi úrræði skorti og vakið athygli á því í ræðu á þessu ári.

Greint var frá því í blaðinu á þriðjudag að Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, ræddi þennan vanda. Hermann telur atvinnurekendur eiga að sinna þessari skyldu sinni. Að öðrum kosti skuli yfirvöld leysa upp slík félög.

„Ég er sammála honum um þetta. Það er brýnt að Ársreikningaskrá hafi heimild til að afskrá félagið, leysa það upp sem hlutafélag. Eins og stendur getur Ársreikningaskrá sektað félag um 250.000 krónur fyrir að skila ekki eitt árið. Dugi þetta ekki til fer sektin í 500.000, árið eftir. Þessar fjárhæðir breyta litlu, séu menn staðráðnir í að skila ekki upplýsingunum,“ segir Skúli.

**klemens@frettabladid.is**

Rannsóknir lofa góðu:

# Brjósksykrur nothæfar í lyf

**ÞRÓUN Úr sæbjúgum og brjóskvef hákarla má framleiða brjósksykrur, sem geta haft jákvæð áhrif á ýmsa kvilla sem hrjá mannfólkið. Þetta sýna rannsóknir Matís ohf., Lyfjafræðideildar HÍ, IceProtein og Reykofnsins Grundarfirði, sem vinna að rannsóknum á brjósksykrum.**

**Rannsóknir hafa sýnt að chondroitin sulfat fásykrur, sem eru uppistaðan í byggingarefni brjóskvefjar, hafa jákvæð áhrif á blóðþrýsting, ónæmiskerfi, meltingu og fleira. Því má nota þessar brjósksykrur sem lyf, heilsu- eða fæðubótarefni. - shá**



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Maður skar annan í höndina á Bifröst í fyrrinótt.

Átökin á Bifröst í Borgarfirði:

# Lögregla yfirheyrir vitni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi yfirheyrir nú vitni vegna átaka tveggja manna á Bifröst í Borgarfirði í fyrrinótt.

Það var um fjögurleytið að nóttu að lögreglan var kvödd að Bifröst. Þar handtók hún karlmann um þrítugt. Hann hafði skorið annan mann í höndina með eggvopni.

Mennirnir eru báðir búsettir á Bifröst og hafði þeim lent saman eftir að vín hafði verið við hönd. Sá sem slasaðist var fluttur til aðhlynningar á Heilsugæslustöðina í Borgarnesi.

Lögreglan vinnur að rannsókn málsins. **- jss**





## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HELGIN FREMUR BLAUT SYÐRA**

Sé horft á helgarhorfurnar verður ekki hjá því komist að sjá vætu sunnan- og vestanlands, bæði laugardag og sunnudag en þurrt og bjart með köflum nyrðra. Hátíðin ljósanótt er í Reykjanesbæ og nær hátíðin hámarki á laugardeginum. Eru horfur á töluverðri rigningu framan af degi en verulega dregur úr henni þegar á daginn líður.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt.

**LAUGARDAGUR**
5-13 m/s stífastur með suðurströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 33° |
| Amsterdam | 18° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 16° |
| París | 21° |
| Róm | 32° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


TAL
Alltaf
ódýrara net
Tal
Tal 10 GB
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s*
10 GB erlent niðurhal
3.490 kr.
mánaðargjald
* mesti hraði miðað við gæði línunnar.
Síminn
Leið 1
Hraði allt að 2 Mb/s
Gagnamagn 10 GB
4.190 kr.
mánaðargjald
Skv. siminn.is
Vodafone
Huggulega netið
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s
10 GB erlent niðurhal
4.190 kr.
mánaðargjald
Skv. vodafone.is
Nýr netpakki fyrir þá sem vilja mikið niðurhal:
TAL 120 GB - mesti hraði, allt að 12 Mbit/s
6.990 kr.
mánaðargjald
Allur Pakkinn
frá 3.490 kr. á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm
HEIMASÍMI
SJÓNVARP
NET
GSM
Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af því að Vítisenglar hafi haslað sér völl á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 81% |
| Nei | 19% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Má starfsemi Alþjóðahúss missa sín?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Lögreglumenn sem gengu úr óeirðadeild í mótmælaskyni komnir í hópinn á ný:

# Óeirðadeildin fullmönnuð

**LÖGREGLUMÁL** Flestir þeir lögreglumenn sem ákváðu að ganga úr óeirðadeild lögreglu í síðasta mánuði hafa nú gengið til liðs við hópinn á ný.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins töldu lögreglumennirnir sig hafa komið óánægju sinni á framfæri með því að hætta í mannfjöldastjórnunarhópi lögreglu, svokallaðri óeirðadeild. Því myndi ekkert frekar vinnast með því að halda sig utan við hópinn áfram.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir mannfjöldastjórnunarhóp embættisins fullmannaðan.

Hann segir að sér hafi aldrei borist neinar sérstakar upplýsingar um að lögreglumenn vildu ekki starfa að mannfjöldastjórnun. Af því leiði að hann hafi ekki fengið upplýsingar um að þessar aðgerðir hafi verið dregnar til baka.



**ÁLAG** Mikið mæddi á óeirðadeild lögreglunnar í búsáhaldabyltingunni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mannfjöldastjórnun er eitt af verkefnum lögreglu sem allir lögreglumenn gætu þurft að sinna. Sumir lögreglumenn hafa þó hlotið sérstaka þjálfun til að sinna slíkum verkefnum, og hafa fengið til þess búnað á borð við hjálma, skildi og fleira.

Hluti þeirra lögreglumanna sem hlotið hafa slíka þjálfun lítur svo á að þar sem þeir hafi fengið að velja hvort þeir tækju þátt í starfi mannfjöldastjórnunarhópsins sé þeim jafnframt frjálst að hætta þátttöku í honum sýnist þeim svo. - bj

Aðgerðir ríkisins fyrir heimilin:

# Níu af tíu segja ekki nóg gert

**KÖNNUN** Ríflega 91 prósent þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun sem unnin var af Capacent Gallup fyrir ASÍ telur stjórnvöld þurfa að gera meira til að mæta greiðsluvanda heimilanna.

Aðeins 8,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni telja stjórnvöld hafa gert nóg til að mæta vanda heimilanna, að því er fram kemur á vef ASÍ.

Af þeim sem sögðust sjálfir hafa nýtt sér úrræði sem í boði eru sögðu 63 prósent að úrræðin hafi ekki dugað til. Þá sögðust tæplega 39 prósent hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu heimila sinna á næstu mánuðum. - bj




# Prentlög og útvarpslög verða samræmd

**Unnið er að endurskoðun fjölmiðlafrumvarps í menntamálaráðneytinu. Frumvarp verður jafnvel lagt fyrir Alþingi í haust. Löggjöf allra fjölmiðla verður samrýmd og tekið á eignarhaldi. Sérstaklega verður hugað að Netinu.**

**FJÖLMIÐLAR** Unnið er að heildarendurskoðun löggjafar fyrir fjölmiðla í menntamálaráðneytinu og að öllum líkindum verður frumvarp lagt fyrir Alþingi í haust. Áður verður haft samráð við hagsmunaaðila og almenning.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að mikil vinna hafi verið unnin innan ráðuneytisins. Fyllsta þörf sé á heildarendurskoðun í þessum efnum og því að samræma þau lög sem gilda um fjölmiðla hér á landi. Núverandi löggjöf er tvíþætt: annars vegar prentlög fyrir prentmiðla, en málefni þeirra eru undir dómsmálaráðuneytinu, og hins vegar útvarpslög fyrir ljósvakamiðla. Þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Katrín sagði í svari við fyrirspurn á Alþingi í ágúst að samræma þyrfti þessi lög. „Nokkurt misræmi er að finna í þessum lögum þegar kemur til dæmis að ábyrgðarreglum og ég tel mjög mikilvægt að þessi lög verði skoðuð samhliða og reynt að samræma þær reglur sem þar er að finna um fjölmiðla.“



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Katrín minnir á að prentlögin séu frá árinu 1956 og því nauðsyn á að endurskoða þau. Grundvallarbreyting hafi orðið á Evróputilskipun um fjölmiðla í lok síðasta árs og gildandi lög hér á landi séu um margt úrelt. Skilgreiningar í þeim séu of þröngar og ekki tekið á tækninýjungum. Í gildandi prentlögum sé til dæmis ekki minnst á netið „og ef við reiknum með því að það sé ekki bóla þá er ágætt að fara að koma því í lög“.

Meðal þess sem er til skoðunar er ákvæði um eignarhald á fjölmiðlum. Ráðherra segir að þar sé byggt á vinnu sem fyrir liggur. Þar verði skýrsla þverpólitískrar nefndar frá árinu 2005, sem skoðaði eignarhald fjölmiðla, höfð til hliðsjónar. Þá þurfi að skoða breytingu á gildissviði nokkurra annarra laga, til dæmis hvað snertir höfundarrétt.

Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, spurði ráðherra út í frumvarpið á Alþingi. Hann sagði við það tækifæri að hann vonaðist eftir því að hægt væri að ræða þessi mál án sleggjudóma eða tenginga við einhverjar persónur. Gagnsæi væri ákaflega mikilvægt og þar væri ríkisfjölmiðillinn ekki undanskilinn. kolbeinn@frettabladid.is



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Unnið er að heildarendurskoðun lagaumhverfis fjölmiðla þar sem horft verður til eignarhalds meðal annars. Katrín Jakobsdóttir á von á að frumvarp komi fram á haustþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Nokkurt misræmi er að finna í þessum lögum þegar kemur til dæmis að ábyrgðarreglum og ég tel mjög mikilvægt að þessi lög verði skoðuð samhliða.
>
> **KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**
> MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Atvinnuleysistölur hærri í byrjun ágústmánaðar í fyrsta sinn síðan í mars:

# Atvinnulausum fjölgaði í ágúst

**ATVINNUMÁL** Atvinnulausum fjölgaði í ágústmánuði. Er það í fyrsta sinn sem þeim fjölgar frá því í mars síðastliðnum, samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Þetta kemur fram í morgunkorni Íslandsbanka.

Þeir sem voru skráðir atvinnulausir í ágústbyrjun voru 15.217 talsins. Nú, rúmlega mánuði síðar, eru þeir 15.480 og hefur því fjölgað um 263 á tímabilinu. Fjöldi atvinnulausra náði hámarki í lok mars, en þá töldust þeir 16.822.

Í morgunkorni Íslandsbanka kemur fram að tveir þættir hafi verið að vegast á í þróun atvinnuleysis undanfarna mánuði. Annars vegar undirliggjandi efnahagsþróun, þar sem samdráttur hafi farið vaxandi og atvinnuleysi af þeim sökum færst í aukana. Hins vegar árstíðasveifla sem einkenni atvinnuleysi hér á landi, sem lýsi sér þannig að atvinnuleysið minnki að vori og yfir sumarmánuðina en aukist svo að hausti og fram eftir vetrinum. Ástæðan sé meðal annars árstíðabundin verkefnastaða fyrirtækja. Árstíðasveiflan hafi undanfarið haft betur og atvinnulausum fækkað, þrátt fyrir aukna dýpt samdráttar í efnahagslífinu.



**ATVINNULEYSI** Alls voru 15.217 skráðir atvinnulausir hjá vinnumiðlunum í upphafi ágústmánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fram kemur að búist sé við að atvinnuleysi muni ná hámarki í mars eða apríl á næsta ári. Atvinnulausir gætu þá verið um 18.000 til 20.000 talsins, eða um tíu til tólf prósent af vinnuaflinu. - kg

# ESTĒE LAUDER
# GJÖFIN ÞÍN

## Allt þetta fyrir þig ef þú kaupir vörur frá ESTÉE LAUDER fyrir 4.900 kr. eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 3. – 9. september.

GJÖFIN INNIHELDUR:
Eye Makeup Remover 30ml – augnfarðahreinsi
DayWear Plus 15ml – dagkrem
Eyeshadow quad – box með fjórum augnskuggum
Pure Color Lipstick – litur,
Projectionist Mascara – litur, svartur
Artist Eyepensil – litur, svartur
Greiðu og spegil
Fallega snyrtibuddu
Verðgildi kr. 17.482.-

**meðan birgðir endast.*




## ER Í RAUN OG VERU HÆGT AÐ GERA VIÐ DNA-SKEMMDIR?
## VÍSINDAMENN OKKAR TELJA SVO VERA




**Nýtt. Advanced Night Repair Synchronized Recovery Complex**

Á grundvelli tímamótarannsókna á genum þeim er stjórna lífsklukku okkar og því mikilvæga hlutverki sem þau gegna í viðgerðum á erfða-efni húðarinnar (DNA), hefur Estée Lauder nú framleitt einhverja áhrifamestu öldrunarvörn sem fram hefur komið fyrir húðina.

Notaðu þessa frábæru vöru á hverjum degi til að stuðla að samfellu í viðgerð á ummerkjum fyrri skemmda sem orðið hafa vegna mikils umhverfisáreitis - útfjólublárra geisla, reyks, mengunar, jafnvel tilfinningastreitu. Líttu á þetta sem "tryggingu" fyrir húð sem virðist yngri og við betri heilsu dag eftir dag.

ALVÖRU FULLYRÐINGAR STUDDAR ALVÖRU VÍSINDUM

Leitaðu uppi www.esteelauder.com á Vefnum til að fræðast betur um þessa frábæru nýjung sem húð þín ætti ekki að vera án.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver er saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra?*

2 *Hversu mikið fé missti sjóður hjartveikra barna í Landsbankanum?*

3 *Hver verður formaður dómnefndar Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 38

Öryggisráðstafanir vegna sextugsafmælis kommúnistastjórnarinnar í Kína:

# Lögreglan flæðir um götur

**KÍNA, AP** Tugir þúsunda ungra manna og kvenna hafa bæst í lögregluliðið í Kína. Tilefnið er sextíu ára afmæli kommúnistastjórnarinnar, sem komst til valda í byrjun október árið 1949.

Stjórnvöld þora ekki annað en efla öryggisráðstafanir til muna. Meðal annars sjá nokkur þúsund vopnaðra manna úr úrvalssveitum lögreglunnar um öryggisgæslu á þjóðhátíðardeginum 1. október.

Hert öryggisgæsla verður einnig í Tíbet og Xinjiang, þar sem óánægja ríkir með yfirráð Kínverja. Einnig verður hert öryggisgæsla í fjármálaborginni Sjanghæ.

Öryggissveitir lögreglunnar voru stofnaðar árið 1983. Þær eru vopnaðar og hafa það hlutverk að grípa inn í þegar verkefnin reynast almennum lögregluþjónum ofviða.

Undanfarin tvö ár hafa þessar vopnuðu lögreglusveitir haft nóg að gera bæði í Tíbet og í Xinjiang, þar sem óánægja íbúa hefur brotist út í mótmælum og óeirðum. Í tilefni af afmælinu hefur flokkurinn einnig látið gera bíómynd um upphaf kommúnistastjórnarinnar, þar sem margir þekktustu leikarar Kína eru í áberandi hlutverkum, þar á meðal hasarmyndahetjurnar Jackie Chan og Jet Li. **- gb**



**FJÖLGAÐ Í ÚRVALSSVEITUM** Tugir þúsunda manna hafa gengið til liðs við lögregluna í Kína á síðustu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjú fíkniefnamál:

# Með amfetamín og marijúana

**LÖGREGLUMÁL Þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag.**

**Síðdegis fannst amfetamín við húsleit í íbúð tvítugs pilts í Árbænum. Um níuleytið í fyrrakvöld stöðvaði lögreglan för átján ára ökumanns í Kópavogi. Hann var undir áhrifum fíkniefna og reyndist einnig vera með marijúana í fórum sínum. Með honum í bílnum voru fjórir aðrir piltar á aldrinum 15 til 17 ára. Nokkru síðar stöðvaði lögreglan bíl í Hlíðunum. Farþegi í honum, karlmaður á fertugsaldri, var með amfetamín í fórum sínum.** **- jss**



**FÆKKUN** Farþegum sem leið áttu um Keflavíkurflugvöll í ágúst fækkaði hlutfallslega minna en aðra mánuði ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flugfarþegar um Keflavík:

# Um fjórðungsfækkun á árinu

**SAMGÖNGUR** Rúmlega 1,2 milljónir farþega fóru um Keflavíkurflugvöll á fyrstu átta mánuðum ársins. Það er 19,4 prósenta fækkun samanborið við sama tímabil í fyrra þegar tæplega 1,5 milljónir áttu leið um völlinn, samkvæmt samantekt Ferðamálastofu.

Farþegum í ágústmánuði fækkaði um 6,2 prósent samanborið við ágúst á síðasta ári. Þeir voru um 246 þúsund í nýliðnum ágúst, en tæplega 272 þúsund í fyrra.

Fækkunin í ágúst er því minni en búast mátti við, auk þess sem áætla má að Íslendingar ferðist almennt minna en á síðasta ári, segir á vef Ferðamálastofu. **- bj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ránstilraunin mistókst

Karlmaður, grímuklæddur og með barefli, var handtekinn við verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld. Hann ætlaði að ræna peningum úr verslun sem þar er. Óeinkennisklæddir lögreglumenn voru þar og handtóku hann.

# ESB og evra besti kosturinn að mati sérfræðinga OECD

**Stærð íslensku bankanna, lánveitingar til tengdra aðila og flókin eignatengsl gerðu þá veika fyrir í alþjóðlegri kreppu, segir sérfræðingur OECD. Halda þarf gjaldeyrishöftum og háum stýrivöxtum enn um sinn.**

**EFNAHAGSMÁL** Eini góði kosturinn sem Ísland hefur um að velja til að koma á stöðugleika í efnahagslífinu hér á landi í framtíðinni er að ganga í Evrópusambandið (ESB) og taka upp evruna.

Þetta er ein af niðurstöðum nýrrar efnahagsskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem kynnt var í fjármálaráðuneytinu í gær.

„Til lengri tíma litið verður staða Íslands best innan Evrópusambandsins,“ segir Robert Ford, aðstoðarsviðsstjóri landrannsókna á hagfræðideild OECD.

Hann segir Ísland hafa þrjá kosti til að koma á stöðugleika. Sísti kosturinn sé að taka upp fastgengisstefnu á ný, sem OECD telji óráðlegt. Besti kosturinn sé að Ísland gangi í ESB og stefni að því að taka upp evruna.

Sé hvorugt af þessu talið fýsilegt gæti eina lausnin verið sú að halda áfram með fljótandi gengi krónu og verðbólgumarkmið, eins og reynd hafa verið hér á landi frá árinu 2001, sagði Ford. Þá leið verði hvort eð er að fara þar til Ísland fái að taka upp evruna. Einhliða upptaka annars gjaldmiðils sé hins vegar alls ekki fýsileg.

Spurður hvort hann telji það hlutverk OECD að taka afstöðu í pólitísku hitamáli á borð við ESB-aðild sagði Ford:

„Spurningin um ESB-aðild er í megindráttum pólitísk, en ekki þó eingöngu. Við viljum gefa sem bestar ráðleggingar um hvernig megi bæta efnahag landsins, án þess að blanda okkur beint í pólitískar umræður. En við skiljum pólitísku vandkvæðin við þetta mál, og þegar allt kemur til alls geta þau orðið efnahagslegum forsendum sterkari.“

Nauðsynlegt er að viðhalda gjaldeyrishöftum og háum stýrivöxtum Seðlabankans eins og staðan er, til að gengi krónunnar hrynji ekki frekar, segir Ford. Ólíklegt sé að hækka þurfi stýrivexti, þótt ekki sé hægt að útiloka það.

Hvorki gjaldeyrishöft né háir stýrivextir eru heppilegir til langframa, að mati OECD. Aflétta ætti höftunum og lækka vextina um leið og hægt er að gera það á öruggan hátt, sagði Ford. Erfitt sé að tímasetja það nákvæmlega, en mögulega geti verið eitt til tvö ár í það.

Í skýrslu OECD er einnig fjallað um ástæður bankahrunsins. David Carey, hagfræðingur á sviði landrannsókna á hagfræðideild OECD, segir að í grundvallaratriðum hafi íslenskir bankar verið of áhættusæknir og of stórir.

Líklega voru bankarnir þegar orðnir svo stórir árið 2005 að ómögulegt hefði verið fyrir ríkið að koma þeim til bjargar, sagði Carey. Þá hafi lánveitingar úr bönkunum til tengdra aðila aukið enn á vandann, sem og flókin eignatengsl, sem hafi gert eftirlitsstofnunum erfitt fyrir með að hafa eftirlit með bankanum.

Ford segir íslensk stjórnvöld meðvituð um þær aðgerðir sem grípa þurfi til. Augljóslega þurfi að hækka skatta, til dæmis með því að láta skattalækkanir undanfarinna ára ganga til baka. Einnig verði að skera niður ríkisútgjöld.

brjann@frettabladid.is



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Fulltrúar OECD, David Carey (til hægri) og Robert Ford, kynntu helstu niðurstöður nýrrar skýrslu OECD um efnahagsmál Íslands á fundi með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MÖGULEGT AÐ SKERA ÁN SKERÐINGAR

Skera mætti niður útgjöld ríkisins til menntamála og heilbrigðismála án þess að skerða gæði þjónustu við námsmenn og sjúka nema óverulega. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál.

„Í uppsveiflunni þöndust ýmsir hlutar ríkisútgjaldanna út,“ segir Robert Ford, aðstoðarsviðsstjóri hjá OECD. Dæmi um það séu mennta- og heilbrigðiskerfið, þar sem kostnaður hafi aukist án þess að þjónusta hafi batnað í samræmi við útgjöldin.

Til dæmis sé íslenska menntakerfið ómarkvisst og of dýrt. Of margir kennarar séu hér á landi miðað við fjölda nemenda, og það skili einfaldlega ekki mælanlegum árangri í samræmi við kostnaðinn sem af því hljótist.



# Gallabuxnadagar

# 25% afsláttur

## af barna, dömu og herra gallabuxum

Gildir ekki hjá NTC og Oasis
og gildir ekki með öðrum tilboðum

Gildir fimmtudag til sunnudags



FLOTT
VARA
Á FLOTTU
VERÐI





Full búð af nýjum vörum

**DEBENHAMS**

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**MÆÐGIN Í DÝRAGARÐI** Apamóðir tínir lýs af skotti sonar síns í dýragarði í Freiburg í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Creditinfo breytir skráningu:

## Fólk í greiðsluaðlögun ekki á vanskilaskrá

**NEYTENDUR** Fyrirtækið Creditinfo hefur breytt skráningarferli sínu á þann veg að innköllun vegna nauðasamninga til greiðsluaðlögunar verður ekki lengur skráð á vanskilaskrá.

„Upplýsingar á innköllunum vegna greiðsluaðlögunar verða ekki skráðar á vanskilaskrá Creditinfo enda flokkast slík mál undir að vera upplýsingar um „opinberar gjörðir“,“ segir framkvæmdastjórinn Rakel Sveinsdóttir í tilkynningu. Tilteknar upplýsingar munu hér eftir birtast undir kaflanum „Sérstök úrræði“ í skráningarkerfi Creditinfo. Tilgangur slíkra innkallana, sem birtar eru í Lögbirtingarblaðinu í formi auglýsingar, er að upplýsa kröfuhafa um að senda beri inn kröfulýsingar innan tiltekins frests. **- sh**

# Hælisleitendurnir farnir til Bagdad

**Hælisleitendurnir frá Írak, sem handteknir voru í kirkju í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði, voru í gær sendir með flugvél til Íraks. Óvissa er um örlög þeirra í heimalandinu, en dönsk stjórnvöld segjast hafa farið rétt að öllu.**

**DANMÖRK, AP** Hópur íraskra flóttamanna var sendur heim til Íraks frá Danmörku í gær, þrátt fyrir að óvissa ríkti um örlög þeirra þar. Írakarnir voru handteknir fyrir þremur vikum í Brorsons-kirkju í Kaupmannahöfn, þar sem þeir höfðu leitað hælis.

Alls voru 22 Írakar sendir heim í gær; 21 karl og ein kona. Samtals höfðu um sjötíu flóttamenn frá Írak dvalist í kirkjunni um þriggja mánaða skeið, en meirihluta þeirra tókst að komast hjá handtöku.

Meðal þeirra sem lögreglan hafði ekki hendur í hári á var ungur maður, Ali Nayef, sem á barn hér á landi með íslenskri konu. Fyrir tilviljun var hann ekki staddur í kirkjunni þegar lögreglan gerði áhlaup. Hann hefur verið í felum síðan.

Hópurinn fór um borð í flugvél í Óðinsvéum beina leið til Bagdad.

Írösku flóttamönnunum hafði verið neitað um hæli í Danmörku, en hafði engu að síður ekki verið vísað úr landi vegna óvissunnar sem beið þeirra í Írak. Í vor gerðu síðan dönsk og írösk stjórnvöld samning, sem gerði dönsku stjórninni kleift að senda til Íraks þá hælisleitendur sem ekki höfðu fengið dvalarleyfi í Danmörku. Eftir það leituðu flóttamennirnir hælis í kirkjunni og vonuðust til að fá að vera þar í friði.

Hinn 13. ágúst réðst lögreglan síðan inn í kirkjuna og handtók alla íraska flóttamenn sem þar fundust. Þessi aðgerð lögreglunnar vakti hörð viðbrögð í Danmörku. Strax sama daginn komu tólf þúsund manns saman í Kaupmannahöfn til að mótmæla brottsendingu flóttamannanna. Lögreglan var sökuð um hörku.

„Það er gjörsamlega ómannlegt að senda fólk heim þar sem óvissan ein bíður þess,“ sagði Rosa Lund, hjá samtökum sem hafa veitt írösku hælisleitendunum aðstoð.

Dönsk stjórnvöld segjast hins vegar hafa farið rétt að öllu. Birthe Rønn Hornbech, ráðherra innflytjendamála, segir að þessum hópi Íraka hafi verið neitað um hæli vegna þess að þeir sæti ekki persónulegum ofsóknum í Írak. Hún hvetur þá úr hópnum sem enn eru í Danmörku til þess að fara úr landi.

Lög um innflytjendur voru hert mjög í Danmörku árið 2002. Síðan þá er engum veitt hæli nema vera viðurkenndur flóttamaður samkvæmt Genfarsáttmála um flóttamenn, þar sem segir að flóttamenn teljist þeir sem sæti ofsóknum í heimalandi sínu vegna kynþáttar, trúar eða stjórnmálaskoðana.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**LÖGREGLAN Í BRORSONS-KIRKJU** Aðgerðir lögreglunnar 13. ágúst síðastliðinn vöktu hörð viðbrögð í Danmörku. NORDICPHOTOS/AFP



**SÖFNUN** Jóhanna Valgeirsdóttir hjá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna tók við styrknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengu 24 tinda:

## Styrktu krabbameinssjúk börn

**SAMFÉLAGSMÁL Nokkrir ungir menn sem standa að baki vefsíðunni 24tindar.com afhentu í gær Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna 109.000 krónur sem þeir söfnuðu í sumar.**

**Fénu söfnuðu mennirnir með áheitum, en þeir gengu Glerárdalshringinn 24x24, sem er stór og umfangsmikill fjallgönguviðburður sem genginn er árlega í júlí. Strákarnir í 24 tindum höfðu ekki gengið á fjöll fyrr en í febrúar á þessu ári. Þeir eru því ánægðir með árangurinn, og ekki síður með að geta látið gott af sér leiða. - kg**

Samgöngubót á Vestfjörðum:

## Brú yfir Mjóafjörð vígð í dag

**SAMGÖNGUMÁL** Ný brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi verður vígð í dag. Það er Kristján Möller samgönguráðherra sem mun vígja brúna.

Lengi hefur verið beðið eftir brúnni, sem er 130 metra löng stálbrú. Upprunalega átti verkinu að vera lokið í byrjun nóvember í fyrra.



Göngum saman næstu helgi:

# Gengið á sjö stöðum



GÖNGUM SAMAN Margir tóku þátt í styrktargöngunni í fyrra.

**SAMFÉLAGSMÁL** Árleg styrktarganga til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini, Göngum saman, verður haldin næsta sunnudag. Gengið verður á sjö stöðum á landinu; Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Mývatnssveit, Egilsstöðum, Höfn og Vestmannaeyjum. Þátttaka kostar 3.000 krónur og renna göngugjöldin óskipt í styrktarsjóð félagsins. Öll vinna við undirbúning og framkvæmd er unnin af sjálfboðaliðum.

Göngum saman á rætur að rekja til grasrótarstarfs 22 kvenna sem tóku þátt í Avon-göngu í New York í október 2007 en þar er gengið til fjáröflunar fyrir rannsóknir og meðferð á brjóstakrabbameini. Nánari upplýsingar er að finna á www.gongumsaman.is.

- sbt

Hagstofan birtir tölur um fjölda starfsmanna:

# Fleiri konur kenna í framhaldsskólum



SKÓLASTARF Fleiri konur vinna við framhaldsskóla landsins en karlar, en í færri stöðugildum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MENNTUN** Svipað margir starfsmenn voru í framhaldsskólum í fyrra og árið á undan, eða um 2.600 kennarar. Konur eru fleiri en karlar meðal starfsmanna skólanna, eða 58,3 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir að konur séu fleiri innan skólanna, eru þær í færri stöðugildum. Karlar vinna því fremur yfirvinnu en konur, sem eru frekar í hlutastörfum. Í nóvember 2008 höfðu nærri 80 prósent kennara kennsluréttindi. Fleiri kennarar með réttindi voru á landsbyggðinni, 78,7 prósent á móti 77,9 á höfuðborgarsvæðinu. Lengi vel var þetta hlutfall öfugt, en það snérist við árið 2006 og hefur haldist þannig síðan.

- kóp






Íslenski lífeyrissjóðurinn

AUKAÁRSFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Mánudaginn 28. september 2009, kl. 17.00.
Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

DAGSKRÁ:
Skýrsla umsjónaraðila
Kosning stjórnar
Breytingar á samþykktum
Önnur mál

Upplýsingar um fundinn og tillögur að breytingum á samþykktum má nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.islif.is, og í næsta útibúi Landsbankans.

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eða ályktunum berist til umsjónaraðila sjóðsins, Láru V. Júlíusdóttur hrl., Borgarlögmenn, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.

Sjóðfélagar, mætum á fundinn og tökum virkan þátt í að móta framtíð Íslenska lífeyrissjóðsins.



Lagerhreinsun á DANA innihurðum
Allt á að seljast með 70% afslætti
Baðþiljur 2,98 m² platan á kr 2.920,-
Salan verður að Stakkahrauni 1 Hafnarfirði dagana 3.-11. september
Opnað kl. 13 3. sept. síðan opið kl. 10-18.
ASETA
Aseta ehf. | Tunguhálsi 19 | 110 Reykjavík | Sími 533 1600 | aseta@aseta.is


**Útgjöldin**
>Verð á 0,7 lítra flösku af íslensku brennivíni í ágúst ár hvert.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*



LAUKUR FRÁ LÍBANON?



KÁL FRÁ KÍNA?




**HVAÐAN KOMA ÞESSAR?** Ómerktar paprikur eru til sölu, bæði hjá Bónus og Krónunni.

# Verslanir verða að merkja grænmetið

**Nú gilda reglur sem gera verslunum skylt að merkja grænmeti með upprunalandi. Verslanir ættu að vera farnar að merkja síðar í mánuðinum. Spurning um virðingu fyrir viðskiptavinum, segir formaður Neytendasamtaka.**



JÓHANNES GUNNARSSON



ANDRÉS MAGNÚSSON

Verslunum er nú skylt að merkja fjölmörg fersk matvæli með upprunalandi þeirra.

Neytendur eiga að geta séð hvort varan er framleidd í Portúgal eða Pakistan, „með sýnilegum hætti, þar sem varan liggur frammi“. Svo segir í reglugerð sem tók gildi í gær. Hér eftir fremja verslanir lögbrot ef vörur eins og tómatar, ýmis laukur, margs konar kál, sveppir, paprikur og kúrbítur og margt fleira er ekki merkt upprunalandi.

Fréttablaðið fór á þriðjudag, daginn sem reglurnar tóku gildi, í verslanir Krónunnar og Bónuss vestur í bæ til að sjá hvort þessu væri fylgt eftir. Svo var ekki í öllum tilfellum. Upprunamerkingar var helst að finna á íslenskum vörum og vörum sem eru formerktar erlendis. Fersk matvæli í lausu reyndust sjaldan merkt greinilega.

Andrés Magnússon, formaður Samtaka verslunar og þjónustu, skýrir þetta með því að verslanir megi klára þær vörur sem hún á til á lager. Smásalar þurfa því ekki að fara eftir reglunum fyrr en þeir taka inn vörur sem eru tollafgreiddar eftir 1. september.

Eftir það bera verslanir ábyrgð á merkingu grænmetis í lausu.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þetta

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### KRAMIN JARÐARBER ERU GOTT TANNKREM

■ *Kristrún Heiða Hauksdóttir, markaðsfulltrúi Forlagsins, er hafsjór af fróðleik um góð húsráð.*



Þegar Kristrún Heiða Hauksdóttir er ekki að þurrka af með gömlum sokkabuxum eða búa til sinn eigin stíflueyði úr grófu salti og matarsóda, liðkar hún stundum stirða rennilása með blýantsblýi. Fari svo illa að hún bíi út veggina í leiðinni á hún ráð við því. „Tannkrem er afar hentugt til að þrífa blýantsstrik af veggjum. Ef tannkremið klárast er hægt að bursta tennurnar úr krömdum jarðarberjum. Þau hreinsa tennurnar vel og eru miklu bragðbetri.

**Neytendur:** Mikil verðmunur er á prenthylkjum í tölvuprentara en …

# *Prenthylkin geta verið ódýr*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Prenthylki í tölvuprentara voru dýr áður en kreppan skall á, en verðið nú er hreinlega orðið ógnvænlegt. Í Canon Pixma IP4000 prentaranum mínum eru fimm hylki og ekkert grín að fylla á allan þann pakka. Nú er prentarinn farinn að pípa yfir því að stóra svarta hylkið sé búið svo ég gerði smá könnun. Það borgar sig greinilega að athuga þessi mál fyrirfram því verð er mjög misjafnt.

Canon 3e – „stóra svarta“:
Griffill: 1.860 kr.
A4: 2.489 kr.
Office 1: 2.490 kr.
Bóksala stúdenta: 2.645 kr.
Eymundsson: 2.670 kr.
Úlfarsfell: 3.990 kr

Þetta eru verð á orginal prenthylkjum og eins og sjá má borgar sig að athuga verð á sem flestum stöðum því munurinn er meira en 100 prósent. Svo er annar kostur í stöðunni, sá að kaupa samhæfða vöru, en ekki „rétt“ merki. Í byrjun ágúst tók til starfa netverslunin prentvorur.is. Ég hringdi og spurðist fyrir um hylkið mitt. Sá sem svaraði staðhæfði að sín vara væri fyllilega jafn góð og „rétt“ merki. „Við fáum bara einn séns til að sanna okkur svo þetta verður að vera í lagi,“ sagði hann og bætti við að sínar vörur kæmu frá Þýskalandi. Hylkið sem mig vantar kostar 1.006 kr. með sendingarkostnaði og er á leiðinni til mín í pósti. Ég læt ykkur vita ef þetta er eitthvert drasl.




**PRENTHYLKI** Gríðarlegur verðmunur getur verið á prenthylkjum.





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÍSLENSKT SELLERÍ** Margar merktu vörurnar eru íslenskar.

aðeins fyrsta skrefið af mörgum. Neytendur vilji að uppruni allra vara komi skýrt fram.

„Heilbrigðisfulltrúar eiga að líta eftir þessu og Matvælastofnun hefur yfirumsjón með starfi þeirra. Við ætlumst til að þessir aðilar fylgi þessu eftir,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Um leið ættu verslanir að „sjá sóma sinn í að upplýsa viðskiptavini. Það er spurning um virðingu fyrir viðskiptavinum,“ segir hann.

Það skipti marga neytendur máli hvaðan varan kemur, sumir vilji til dæmis sniðganga vörur frá Ísrael af pólitískum ástæðum.

„Það er líka mjög mismunandi eftir löndum hversu mikil eiturefni eru notuð við framleiðsluna,“ segir Jóhannes. Fólk þurfi að hafa þessar upplýsingar til að geta valið á upplýstan hátt.

Andrés Magnússon bendir á að allar aukakröfur til verslunarmanna hafi kostnað í för með sér. Þessar reglur virðist fyrst og fremst gerðar til að vernda innlenda framleiðslu enn meira.

**klemens@frettabladid.is**





úr kjötborði
Svínahnakki úrb.
898,kr./kg
verð áður 1.498,-/kg
úr kjötborði
Lambalærisneiðar
1.498,kr./kg
verð áður 1.798,-/kg
úr kjötborði
Svínabógur
398,kr./kg
verð áður 698,-/kg
Búbót
3. - 5. september
Verkuð svið
479,kr./kg
verð áður 684,-/kg
Skólaostur
20%
afsláttur
SKÓLA OSTUR
AFSLÁTTUR 20% VIÐ KASSANN
L&L
Létt og laggott 400g
198,kr.
Kjúklingalæri
569,kr./kg
verð áður 949,-/kg
Kjúklingaleggir
569,kr./kg
verð áður 949,-/kg
KJARNAFÆÐI
Krakkabúðingur
635g
399,kr./stk.
verð áður 622,-/stk.
SKÓLABJÚGU
Skólabjúgu 290g
190,kr./stk.
verð áður 238,-/stk.
FK
FK Bayonneskinka
940,kr./kg
verð áður 1.175,-/kg
AXA
honningristet
müsli
chokolade
Axa Musli m/súkkulaði
498,kr.
PRINCE POLO XXL
Prins Póló XXL 28x52g
1.798,kr.
River
WHITE RICE
Extra long grain
River Hrísgrjón 2,5kg
598,kr.
TWIN STAY-FRESH PACKS
Cheerios
Cheerios 992g
899,kr.
BEYGLUR
Samsölu Beyglur
198,kr./pk.
Hamborgarabrauð
Hamborgarar
80g 4 stk. m/brauði
398,kr./pk.
verð áður 548,-/pk.

**Saltað folaldakjöt**
**529,kr./kg**
verð áður 841,-/kg

**Reykt folaldakjöt**
**529,kr./kg**
verð áður 841,-/kg

**Nautahakk 1.fl.**
2,5 kg í pk.
**998,kr./kg**
verð áður 1.298,-/kg

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

**Reykt medisterpylsa**
**611,kr./kg**
verð áður 814,-/kg

**FK brauð 770g**
**179,kr.**

**Gull Ostur 250g**
**538,kr.**

**Stóri Dímon 250g**
**586,kr.**

**Camembert 150g**
**379,kr.**

**Íslenskar kartöflur**
Litlar - 2,5 kg
**298,kr./pk.**

20% afsláttur

**Gala epli**
**219,kr./kg**

**Jónagold**
**129,kr./kg**

**Gul epli**
**129,kr./kg**

**Knorr tilbúnar súpur**
**389,kr.**

**Knorr Aspassúpa**
**299,kr.**

**Knorr tilbúnar sósur**
**329,kr.**

# þegar mikið stendur til

**Kelloggs Kornfleks 750g**
**649,kr.**

**Kelloggs Special K 750g**
**798,kr.**

**Ariel Regular/Color**
2,24 kg
**1.498,kr./pk.**

**Head&Shoulders 200ml**
**398,kr.**

**Andrex WC hvítur**
**999,kr.**

## Tilboð gilda til laugardagsins 5. september

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK
FJARÐARKAUP

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Mansal viðgengst líka á Íslandi.

## Nauðsynlegt að bregðast við

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Mansal er talið þriðja umfangsmesta glæpastarfsemi í heiminum, á eftir vopna- og fíkniefnasölu. Augunum verður ekki lokað fyrir því að mansal viðgengst ekki bara úti í hinum stóra heimi heldur er það blákaldur raunveruleiki hér á Íslandi.

Margir vilja þó enn skella við því skollaeyrum þrátt fyrir að fjölmargt fagfólk sem hitt hefur fyrir fórnarlömb mansals í störfum sínum, hafi um árabil reynt að vekja athygli á vandamálinu.

Í skýrslu sem Fríða Rós Valdimarsdóttir vann á vegum Rauða kross Íslands í samstarfi við Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum er dregin upp mynd af umfangi og eðli mansals á Íslandi. Það er fagnaðarefni að nú skuli slík úttekt liggja fyrir og styður mjög við aðgerðaráætlun félagsmálaráðuneytisins gegn mansali sem kynnt var fyrr á árinu.

Í mansali felst ekki endilega að manneskja sé innilokuð og hlekkjuð. Mansal merkir samkvæmt skilgreiningu aðgerðaráætlunar félagsmálaráðuneytisins „að útvega fólk, flytja það eða færa til, halda því eða taka við því í því skyni að notfæra sér það og það er gert með hótunum, valdbeitingu eða annars konar nauðung“.

Í skýrslu Fríðu Rósar eru rakin allmörg dæmi um mansal úr íslenskum veruleika; konur sem seldur hefur verið aðgangur að, hópur kvenna sem vann hér á landi, hafði enga kennitölu og laun fyrir þjónustu kvennanna var greidd til eins og sama aðila sem greiddi konunum eftir dúk og disk og í samræmi við launataxta í upprunalandi þeirra en ekki þá sem hér er miðað við, og konur sem gert er að sjá mönnum sínum fyrir kynlífi þegar þeir óska þess, óháð eigin löngun. Og það eru ekki eingöngu konur sem eru fórnarlömb mansals því dæmi eru um að skilyrði karlmanna sem hingað hafa komið til að vinna í byggingariðnaði hafi einnig flokkast sem mansal.

Ísland hefur undirritað tvo fjölþjóðlega samninga sem taka á mansali, Palermó-bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn skipulegri brotastarfsemi frá árinu 2000 og samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá árinu 2005. Hvorugur þessara samninga hefur verið fullgiltur vegna þess að í íslensk lög og reglugerðir vantar tiltekin atriði sem nauðsynleg eru til þess að það sé hægt. Þetta er meðal þess sem tekið er á í aðgerðaráætlun félagsmálaráðuneytisins og verði farið að henni á að vera hægt að fullgilda báða samningana á allra næstu árum.

Í hinni nýútkomnu skýrslu kemur fram að umfang mansals á Íslandi er verulegt, eða á bilinu 59 til 128 mál á síðustu þremur árum. Þrátt fyrir það hefur aldrei fallið dómur í mansalsmáli hér á landi. Það sýnir með áþreifanlegum hætti hversu hjálparvana íslensk yfirvöld eru gagnvart þessari glæpastarfsemi.

Aðgerðaráætlun gegn mansali liggur fyrir og nú greinargóð skýrsla um stöðu mála. Nú er komið að því að bretta upp ermar og nýta þessi góðu gögn til að vinna gegn mansalinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fortíð og framtíð

Framtíð Heimdallar réðst í gær þegar ungir sjálfstæðismenn í Reykjavík kusu sér nýjan formann. Að mati frjálshyggjufréttaskýringarvefjarins AMX var þar tekist á um framtíðina og fortíðina; kvað Davíð Þorláksson vera fulltrúi framtíðarinnar en Árni Helgason fulltrúi fortíðarinnar. Þegar þetta er skrifað liggja niðurstöður kosninganna ekki fyrir og því ekki ljóst hvort framtíð Heimdellinga liggur í framtíðinni eða fortíðinni.

### Óhræddir við mótmæli

Formannsefni „samvisku Sjálfstæðisflokksins“, eins og Heimdellingar nefna sig á góðum stundum, tóku sér hlé frá því að bola hvor öðrum af Facebook og rituðu greinar í Morgunblaðið í gær til að kynna stefnumál sín. Davíð bryddar vissulega upp á hugmyndum sem mega heita nýstárlegar þegar Sjálfstæðisflokkurinn á í hlut, til dæmis að ungir sjálfstæðismenn eigi að vera „óhræddir við mótmæli og gjörninga“. Yfirleitt hafa Heimdellingar afgreitt „mótmæli og gjörninga“ sem skrílslæti. Fyrir utan auðvitað þeirra eigin árlegu ærsl hjá Ríkisskattstjóra. Sem af einhverjum ástæðum féllu niður í ár.





### Koma svo, fórna sér

Merkja má áherslumun í málflutningi þeirra Davíðs og Árna. Þannig telur Árni að Sjálfstæðisflokkurinn eigi að vera „skýr valkostur fyrir ungt fólk“ og að það sé „mikið á sig leggjandi“ til að ríkjandi ástand festi sig ekki í sessi. Davíð telur aftur á móti „algjörlega ólíðandi“ að ungt fólk vilji frekar kjósa aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn og að Heimdallur þurfi fólk „sem er tilbúið til að fórna sér fyrir málstað sem það trúir á“. Með öðrum orðum vantar einstaklinga til að fórna sér fyrir flokkinn sem stendur vörð um einstaklinginn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Við Georgie



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Hið ljúfa líf

Hann er frægastur fyrir tvennt: konurnar, sem hann ber á höndum sér og býður gjarnan með sér til Acapulco í Mexíkó og á frönsku Rívíeruna og víðar, nema hann sé nýhættur því, og sólbrúnt hörundið, sem minnir helzt á húðina á Valbirni Þorlákssyni stangarstökkvara að loknu löngu sumri. Nema nú ætla ég að vísu ekki að minnazt Valbjarnar, sem háði marga tugþrautina á Melavellinum í gamla daga við erfiðar aðstæður, sló Íslandsmet eins og mýfluga (stökk fjóra og fimmtíu 1960 eins og að drekka vatn) og lá í sólbaði á milli, brúnastur allra Íslendinga. Nei, nú er komin röðin að kvikmyndaleikaranum og kyntröllinu George Hamilton. Ég rakst á hann í New York ekki alls fyrir löngu. Þú varst eins og næpa við hliðina á honum, sagði konan mín.

**Marylin, Liz …**

Og konurnar hans, maður lifandi: kvennalistinn er eins og Hver er konan? – svo langur er hann, litríkur og leiftrandi eins og hann lýsir honum í sjálfsævisögu sinni. Þar er Marilyn Monroe. Georgie sá hálfpartinn eftir að hafa ekki verið til taks, þegar hún skildi við Joe DiMaggio, hornaboltaleikarann, og giftist leikskáldinu Arthur Miller. Marilyn var háfleyg í samræðum, eins og Miller lýsir henni líka svo fallega í sjálfsævisögu sinni, og vildi helzt ekki tala um annað við Georgie en bókmenntir og mannfræði, og Georgie hafði ekki roð við henni. Einföld ljóska? Það var nú eitthvað annað, segir Georgie. Hann talar vel og virðulega um næstum alla vini sína nema Evel Knievel, torfærufíkilinn, sem gekk með hækjur eftir vinnuslys, var síðan kærður fyrir barsmíðar, skaut sér undan dómi með þeim rökum, að hann hefði ekki getað misþyrmt meintu fórnarlambi eins og hann væri á sig kominn, þótt hann vildi, með hækjur, vann málið og lúbarði síðan gömlu konuna aftur í lyftunni niður úr dómsalnum, svo að báðar hækjurnar brotnuðu.

Georgie fór víða með Elísabetu Taylor, nema hún var óstundvís með afbrigðum og lét iðulega bíða eftir sér tímunum saman, og gilti þá engu, hversu margir biðu, hún var svo lengi að mála sig. Hún hóf ferilinn sem barnastjarna og var til málamynda sett í hraðskóla í Hollywood og lærði samt aldrei almennilega að skrifa á sama hraða og aðrir. Einhverju sinni þurfti hún að skrifa stutta orðsendingu til að þakka fyrir blóm, tvær setningar, og hún var lengur að því en að mála sig. Þá lá við sjálft, að Georgie missti þolinmæðina, þetta var á Dorcesterhótelinu í London, í brúðarsvítunni, þar sem Liz og Richard Burton höfðu áður þeytt þungum húsgögnum hvort í annað, en þó aldrei út um gluggana, og er Georgie þó allra manna prúðastur og þolinmóðastur. Hann er kurteisin sjálf, suðurríkjaséntilmaður af gamla skólanum, sem aldrei dettur eða drýpur af.

**… og Lynda Bird**

Hann var í vinfengi við Lyndu Bird, eldri dóttur Johnsons Bandaríkjaforseta, og margir bjuggust við því líkt og hann sjálfur, að hann yrði tengdasonur LBJ, sem kallaði hann ævinlega Georgie. Af þeim ráðahag gat þó ekki orðið, því að andstæðingar Johnsons grófu það upp, að Georgie hafði fengið undanþágu frá herþjónustu í Víetnam til að geta framfleytt þurfandi móður sinni og systkinum, móðirin hafði verið fjórgift, og annar bróðir hans, Bill, var samkynhneigður, og á slíkt var ekki hættandi, sagði Johnson, mannréttindafrömuðurinn, við Georgie. Lynda Bird giftist heldur Virgínumanninum Charles Robb, sem hafði gegnt herþjónustu í Víetnam og varð síðar ríkisstjóri og öldungadeildarþingmaður, einn með öllu. Georgie var hrókur alls fagnaðar í brúðkaupinu í Hvíta húsinu 1967, þótt hann kæmist ekki að því sinni upp að altarinu. Hann var einnig í innilegu vinfengi við Ímeldu Marcos og þau hjónin bæði, hana og Ferdinand forseta Filippseyja, og ætlaði að gera kvikmynd um þau, en hann fékk engan framleiðanda til að gera myndina, svo að hún sigldi í strand. Og svo var það Britt Ekland, sænska kynbombman, hún var þá nýskilin við Peter Sellers: tvær vikur í himnaríki, segir Georgie – og bókin er rétt að byrja.

Bókin heitir Don't mind if I do, sem útleggst Gjarnan, en það sagði Lynda Bird, þegar Georgie bauð henni til Acapulco eða bað hana að giftast sér, man ekki hvort var. Hann hefur leikið í 50 kvikmyndum, þar á meðal The Godfather Part III (1990) eftir Francis Coppola og Hollywood Endings (2002) eftir Woody Allen.

# Frístundastrætó í Grafarvogi

**UMRÆÐAN**
Dofri Hermannsson
skrifar um borgarmál



DOFRI HERMANNSSON

Á fundi borgarstjórnar í fyrradag var tillaga Samfylkingar um frístundastrætó í Grafarvogi samþykkt einróma. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir íbúa en í þessu stóra og barnmarga hverfi má ætla að í hverri viku séu um 15.000 ferðir farnar vegna frístundastarfs.

Þetta kostar foreldra bæði mikinn tíma og peninga en ef miðað er við forsendur ríkisskattstjóra, 92 kr/km, kemur í ljós að heildarkostnaður foreldra af skutlinu er rúmlega 33 milljónir á mánuði. Ef reiknað er með að hver ferð taki um 20 mínútur að meðaltali sést að auk þess fara í hverjum mánuði um 20.000 klukkustundir af tíma foreldra í skutlið.

Til að spara um eina og hálfa milljón á mánuði voru hverfisleiðirnar í Grafarvogi skornar niður 1. febrúar síðastliðinn og ganga síðan aðeins á 60 mínútna fresti. Það var óheppileg þróun en við það hættu langflest börn að geta nýtt sér vagnana til að komast í frístundir.

Þessari þróun vilja íbúar í Grafarvogi snúa við en að frumkvæði hverfisráðs Grafarvogs eru nú skólar og frístundaaðilar í Grafarvogi að vinna með hverfisráðinu og þjónustumiðstöð Grafarvogs að grænni samgöngustefnu hverfisins.

Að útrýma þörfinni fyrir skutlið er þó ekki aðeins spurning um bætt öryggi í umferðinni, tíma og peninga, minni mengun og eftirsóknarverðan hverfisbrag. Hér er ekki síður um réttlætismál að ræða því það búa ekki öll börn svo vel að foreldrar þeirra hafi tíma eða aðstöðu til að skutlast. Þetta hefur íþróttafélagið Fjölnir bent á og lagt ríka áherslu á að íþróttastarfið standi öllum jafnt til boða. Ef áfram er stuðst við forsendur ríkisskattstjóra sést að skutl vegna þriggja æfinga í viku kostar hátt í 7.000 kr á mánuði. Hætt er við að það sé meira en margir ráða við – ekki síst þar sem börnin eru mörg.

Samþykkt borgarstjórnar á tillögu Samfylkingarinnar um frístundastrætó boðar tímamót og vonandi endalok skutlsins.

*Höfundur er 1. varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Tilboðsdagar!

# Af bestu list...

## Myndlistarvörur í úrvali






**Svartir Azanta penslar**
Vandaðir penslar
fyrir olíu og akrýl.
Verð frá kr. 276,-
**20% afsláttur**

**Winsor & Newton**
Gæða Winton olíulitir 37 ml.
**20% afsláttur**

**Ástrekktir blindrammar**
Yfir 50 stærðir.
**30% afsláttur**



Ath! Úrval getur verið breytilegt eftir verslunum.

Winsor & Newton
The World's Finest Artists' Materials

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*




698

G.V FERSKT GRÍSASNITSEL 698 kr./kg.

NÝTT GRÍSAKJÖT



GAMALT VERÐ

FERSKUR HE






1198

G.V FERSKAR GRÍSALUNDIR 1198 kr./kg.
TAKMARKAÐ MAGN




698

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
698 kr./kg.

47

KJÖRFUGL
HEILL KJÚ
MERKT VERÐ
20% AFS
479 k




798

G.V FERSKAR ÚRBEINAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
798 kr./kg.




698

G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS
698 kr./kg.

ALI NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR
40% afsláttur

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR



GULLAUGA Í LAUSU: VELDU SJÁLFUR
129 kr./kg.




1498

HAMBORGARHRYGGUR *ÚRBEINAÐUR*
MERKT VERÐ 2498 KR./KG. 1498 kr./kg.




1198

HAMBORGARHRYGGUR *MEÐ BEINI*
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 1198 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ILL KJÖRFUGL
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
598
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR 598 kr./kg.
698
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUTAKJÖT/SVÍNAKJÖT 698 kr./kg.
Holta
Leggir
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 539 kr./kg.
Ali
KJÚKLINGUR
1798
ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
79
FERSKUR
ÚKLINGUR
598 KR./KG.
SLÁTTUR
r./kg.
598
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 598 kr./kg.
298
K.S FROSIN LAMBASVIÐ 298 kr./kg.
1078
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI 1078 kr./kg.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.
PÖNNUBUFF 79 KR.STK
ÓDÝRT OG GOTT Í BÓNUS
ELDAÐ OG TILBÚIÐ:
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
TILBOÐ
KJÖTFARS
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.
798
FROSIN PÖNNUBUFF (GRÍSAKJÖT/NAUTAKJÖT)
10 stk./100g - 79 KR./STK 798 kr.
50%
AFSLÁTTUR
HOLTA ELDAÐIR PARTÝKJÚKLINGAVÆGIR
MERKT VERÐ 690 KR./KG. 50% AFSLÁTTUR 345 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

**FERDINAND PORSCHE FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Ég fann ekki sportbíl drauma minna, svo ég bjó hann bara til sjálfur.“*



***Ferdinand Porsche (1875-1961) var austurrísk-ungverskur vélaverkfræðingur. „Bjallan“, fyrsta Volkswagen-bifreiðin, er hans sköpun ásamt fyrstu Porsche-bifreiðunum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. SEPTEMBER 1982

## *Verk Thorvaldsens sýnd á Íslandi*

Þennan dag árið 1982 var sýning opnuð á Kjarvalsstöðum á verkum Bertels Thorvaldsen en þetta var í fyrsta sinn sem Thorvaldsensafnið í Kaupmannahöfn sýndi verk sín utan Danmerkur.

Danir og Íslendingar hafa löngum slegist um ætterni Bertels Thorvaldsen en hann átti danska móður og íslenskan föður og bjó í Kaupmannahöfn og Róm. Í Kaupmannahöfn eyddi hann bróðurparti ævi sinnar og er því oftar talinn danskur en hann var einn fremsti myndhöggvari álfunnar á sínum tíma. Hann sló í gegn með styttu sem gerð var eftir pöntun á árunum 1801-1828 en það var breski listaverkasafnarinn Thomas Hope sem gerði pöntunina. Styttan var gerð eftir fyrirmynd höggmyndarinnar Apollo frá Belvedere.

Fyrsta útilistaverkið í eigu Íslendinga, „Vonin“ er eftir Bertel Thorvaldsen en hann gaf Íslandi verkið í tilefni þjóðhátíðarinnar 1874. Skírnarfonturinn í Dómkirkjunni er þó líklega þekktasta verk hans í eigu Íslendinga.

Fjölmenni mætti á sýninguna á Kjarvalsstöðum og vakti hún mikla athygli auk þess sem Íslendingar uppgötvuðu að nýju þennan merka hálfíslenska listamann að nýju.



**MYNDASTYTTA AF BERTEL THORVALDSEN Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM.**

## MERKISATBURÐIR

**1189** Ríkharður ljónshjarta er krýndur konungur Englands.

**1651** Ensku borgarastyrjöldinni lýkur með sigri Cromwells á Karli II. í orrustunni við Worchester.

**1783** Bretar viðurkenna sjálfstæði Bandaríkjanna.

**1921** 206 metra löng brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi er vígð.

**1988** Tekin er í notkun Óseyrarbrú yfir ósa Ölfusár og styttist leiðin milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka við það úr 45 í 15 kílómetra.

**2004** Rússneskar hersveitir gera innrás í grunnskóla í Beslan þar sem hryðjuverkamenn héldu starfsfólki og börnum í gíslingu. 344 féllu í árásinni, þar af 172 börn.

---



†

*Ástkær sonur minn, stjúpsonur, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Guðmundur Jóhannes Tómasson**

Hverfisgötu 125, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 28. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 4. september klukkan 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Sjöfn Guðmundsdóttir** **Guðni Þórðarson**
**Vega Rós Guðmundsdóttir** **Dylan Kincla**
**Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**
**Andreas Guðmundsson**
**Guðrún Tómasdóttir**
**Hulda Rós Guðnadóttir**
**Sunna Jóna Guðnadóttir** **Matej Hlavacek**
**Brynja Þóra Guðnadóttir** **Andri Páll Pálsson**
**og barnabarn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín Jónsdóttir**

áður til heimilis Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést föstudaginn 28. ágúst sl. á Hrafnistu, Hafnarfirði.

**Jón Kristinn Valdimarsson** **Margrét Örnólfsdóttir**
**Gunnar Valdimarsson** **Guðrún Oddgeirsdóttir**
**Dóróthea Valdimarsdóttir** **Kristján Antonsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,*

**Erna María Ludvigsdóttir**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 4. september kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þau sem vilja minnast hennar láti líknardeildina í Kópavogi njóta þess, sími 543 1159.

**Haraldur Sch. Haraldsson**
**Pétur Albert Haraldsson** **Berglind Johansen**
**Unnur María Haraldsdóttir** **Helgi Bjarnason**
**Haraldur Ludvig Haraldsson**
**Pétur Ludvigsson** **Nína Birgisdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**YFIRLÆKNIR** Tómas Guðbjartsson er einn níu lækna sem standa að hinni nýju bók um lungnakrabbamein.

NÝ BÓK UM LUNGNAKRABBAMEIN: SÚ FYRSTA SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI

# 125 einstaklingar greinast með lungnakrabbamein á ári

Fyrir nokkrum dögum kom út bók um lungnakrabbamein sem níu læknar á Landspítala hafa skrifað, en þeir mynda ásamt fleiri læknum samstarfshóp um lungnakrabbamein. Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor á skurðdeild Landspítalans, hefur um árabil stundað rannsóknir á lungnakrabbameini en hann ritstýrir bókinni ásamt Steini Jónssyni, lungnalækni og dósent við Háskóla Íslands.

„Bókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur með sjúklingum en síðar er fyrirhugað að koma út texta sem ætlaður er sjúklingum og ættingjum þeirra. Fræðsluefni um lungnakrabbamein hefur vantað á íslensku, og við vildum bæta úr því, því lungnakrabbamein er annað algengasta krabbamein á Íslandi og sá sjúkdómur sem dregur flesta einstaklinga til dauða,“ segir Tómas. Hann segir bókina ætlaða til að efla vitund heilbrigðisstarfsfólks sem og nema í heilbrigðisgeiranum um sjúkdóminn og koma honum betur „á kortið“ eins og hann orðar það.

„Læknarnir sem koma að útgáfunni tilheyra starfshópi sem hittist einu sinni í viku og þar eru rædd ný tilfelli sem og meðferðir og allir geta lagt vitneskju í púkk. Þetta hefur hjálpað til við að veita sjúklingum bestu meðferð sem völ er á hverju sinni. Sjúkdómurinn er erfiður í eðli sínu, sérstaklega þar sem margir sem komnir eru með lungnakrabbamein vita ekki af því þar sem einkennum getur svipað til annarra reykingatengdra öndunarfærasjúkdóma, svo sem lungnaþembu, og greining því tafist.“

Níutíu prósent þeirra tilfella sem greinast má að sögn Tómasar rekja beint til reykinga en um 125 einstaklingar greinast á hverju ári með lungnakrabbamein. Erfðaþættir koma þó einnig oft við sögu. „Þar sem við vitum að rekja má lungnakrabbamein til reykinga er hægt að fyrirbyggja meinið og vinna forvarnarstarfsemi en það vill stundum gleymast. Í dag reykja um átján prósent Íslendinga en við vonumst til að geta lækkað það hlutfall enn frekar. Góðu fréttirnar eru þær að margt er að gerast hvað meðferð lungnakrabbameins varðar, til að mynda eru komin ný og betri lyf og betri greiningartæki og boðið er upp á fleiri meðferðarmöguleika en áður. Einnig er farið að gefa krabbameinslyf eftir skurðaðgerð til að bæta árangurinn enn frekar.“

Bókin verður gefin út í tæplega tvö þúsund eintökum og verður meðal annars send til allra lækna á Íslandi.

**juliam@frettabladid.is**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Hörður Halldórsson**

Furugrund 54, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 27. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 4. september kl. 11.00.

**Þórdís Sigtryggsdóttir**
**Eiríkur A. Harðarson**
**Haukur Harðarson**
**Sigtryggur Harðarson** **Katrín Helga Reynisdóttir**
**Vildís Ósk Harðardóttir** **Steindór Guðmundsson**
**Svanur Halldórsson** **Jóhanna Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Hjartardóttir**

frá Purkey, áður til heimilis Bárugötu 6, Reykjavík,

sem andaðist á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík, fimmtudaginn 27. ágúst, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 4. september kl. 15.00.

**Helgi H. Steingrímsson** **Valgerður Halldórsdóttir**
**Þorsteinn Steingrímsson**
**Guðjón Steingrímsson** **Jóhanna Sigtryggsdóttir**
**Guðrún H. Marinósdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



**RODARTE-SYSTURNAR,** Kate og Laura Mulleavy, hafa vakið þónokkra athygli og hlotið verðlaun fyrir fatatísku sína. Þær viðurkenndu á dögunum að þær sæktu oft og tíðum innblástur til hrollvekjumynda á borð við Texas Chainsaw Massacre og Dawn of the Dead.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



**Allir í dans**

**Kennsla hefst laugard. 12. september**



**Samkvæmisdansar**
Barna - unglinga og hjónahópar

**Break - Freestyle - Hip hop**
Barna - unglingahópar

**Barnadansar**
Fyrir 3 - 5 ára

**Salsa**
Kennt 2x í viku

Afsláttur fyrir 16 ára og yngri frá Hafnafjarðarbæ

**Innritun á www.dih.is**

**Sími: 565-4027/861-6522**

**Kennslustaðir:**
Haukahraun 1, 220 Hfj. (Bjarkarhúsinu)
Íþróttahús Setbergsskóla
Íþróttahús Hraunvallaskóla

**Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar** RioTinto




Hrund Þórsdóttir, blaðamaður á Vikunni og rithöfundur, hefur margsinnis keypt sér flíkur í sterkum litum og finnst gott að nota liti og geta þá sleppt skartgripum og öðrum fylgihlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Klæðist kjólum við öll hugsanleg tækifæri

**Hrund Þórsdóttir segist eiga það til að dúkka upp í útilegu klædd kjól en hún segist vera sérstaklega hrifin af notuðum kjólum. Hún velur sér frekar rautt og slíka liti en mildari tóna.**

„Ég er mjög mikil kjólakona og er jafn oft klædd kjól og ég er klædd peysum og buxum, nota þá þannig séð bæði hversdags og spari," segir Hrund Þórsdóttir, aðstoðarritstjóri á Vikunni.

Kjóllinn sem hún klæðist er keyptur í Spúútnik í Kringlunni, en flestir kjólarnir í safni hennar eru keyptir í búðum sem selja gömul föt. „Ég fer oft í slíkar búðir þegar ég er stödd erlendis og fer stundum í slíkar búðir hér heima. Svo hef ég á tilfinningunni að það sé meira úrval af fínni kjólum í verslun Spúútnik í Kringlunni en þeirri sem er staðsett á Laugaveginum."

Rauði kjóllinn er langerma en Hrund dregur þær týpur fram þegar kólnar. „Þessi minnti mig svolítið á eins konar flugfreyjubúning frá 7. áratugnum og hann er það æpandi að maður þarf ekki neina skartgripi eða þess lags með honum. Ég vil frekar klæðast sterkum litum í bland við svart og er lítil pastellitakona," segir Hrund og segir rautt í sérstöku uppáhaldi.

„Hvað á ég marga kjóla? Ég hef eiginlega ekki hugmynd. En ég á allavega slatta og nota þá mikið, manni dettur nú auðvitað í hug barnaævintýrið um prinsessuna sem átti 365 kjóla en ég á þó pottþétt ekki svo marga," segir Hrund en Hrund hlaut einmitt Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir barnabókina Loforðið á þarsíðasta ári.

*juliam@frettabladid.is*


**Skokkarnir loksins komnir!**



**Stærðir 40-50**

**Litir: Svart og Grátt**

**Pantanir óskast sóttar**

FLASH

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**Fararstjórn erlendis**

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson, Pétur Björnsson, Jóhanna Kristjónsdóttir, Höskuldur Frímannsson, Sigurður A. Magnússon, Magnús Björnsson, Pétur Óli Pétursson, Bjarni Randver Sigurvinsson, Bjarni Karlsson.

Ferðamálaskóli Íslands

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

BALLET
NÁM
SKEIÐ

Haustnámskeið fyrir alla aldurshópa frá 3 ára aldri.
Kennt er í Skipholti 35, Reykjavík
Innritun í síma 567 8965

balletskóli sigríðar ármann
www.balletskoli.is

**AXLARPÚÐARNIR** eru komnir aftur ef marka má hana Madonnu sem skartaði glitrandi kjól með stórum axlarpúðum frá Balmain í nýlegu tónlistarmyndbandi sínu.




Selena
er flutt í Hæðasmára 4
í sama hús og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.



Útsölulok
enn meiri verðlækkun
15% aukaafsláttur af útsöluvörum

Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is




Ný útgáfa af stráhatti eftir Fionu Powell.



Veðreiðarhöfuðfat þarf að vera áberandi.

# Veðjað á réttan hest

**Ekki þýðir að mæta í gallabuxum og bol á jafn merkilegar uppákomur og veðreiðar. Hvort sem er á Kentucky Derby eða Belmont Stakes, skulu pilsin sveiflast og hattar á höfðum og ekki er verra ef þeir eru litaglaðir og áberandi.**

Veðreiðar eru vinsæl íþrótt í Ástralíu. Keppt hefur verið í veðreiðum frá því að landnemar byggðu landið og er nú þriðja öflugasta veðreiðaþjóð heims. Þar er meðal annars keppt í hinu fræga Melbourne Cup sem dregur að fólk og hesta frá öllum heimsins hornum.

Fyrir slíkar uppákomur er tilhlýðilegt að klæðast fötum sem hæfa tilefninu. Á David Jones-tískusýningunni sem fram fór nýlega í Melbourne í Ástralíu sýndu fyrirsætur nýjasta veðreiðafatnaðinn. Þar voru litrík pils og toppar áberandi en mestu athyglina hlutu þó hattarnir sem voru af öllum stærðum og gerðum.

*solveig@frettabladid.is*



Litir eru bjartir og sumarlegir og hatturinn allsérstakur.



Ekki þýðir fyrir karlana að vera púkó þegar stelpurnar eru allar í sínu fínasta pússi.



Fötin sem klæðast skal á veðreiðum eru kannski ekki nýtískuleg en allavega klassísk.


Auglýsingasími 512 5473
ALLT

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
Þurrkari
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FLOTT Í HAUST...
með Slendertone
dömu/herra belti
NÝTT
Flex Max kr. 27.900,-
Flex kr. 22.900,-
System kr. 33.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Bowen Tækni
EUROPEAN COLLEGE OF BOWEN STUDIES
Námskeið í Bowen Tækni
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál
Kennt í Reykjavík 25. - 28. september
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. í síma 496-0769 og 897-7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

DANSSTUDIO JSB
www.jsb.is
Dansstudio JSB
Innritun hafin á haustnámskeið!





Í boði er spennandi og krefjandi 12 vikna DANS og PÚL námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í form.

- Kennt er í lokuðum hópum
- Tímar fyrir byrjendur og lengra komna
- Kennarar eru **LOVÍSA ÓSK GUNNARSDÓTTIR** og **PETER ANDERSON**, dansarar við Íslenska dansflokkinn.

Námskeið hefst 10.september
Vertu með!
Skráning í síma 5813730 og á jsb@jsb.is

Tímar eru 2 x í viku, frjáls aðgangur að tækjasal meðan á námskeiði stendur.
**Dansstudio 1:**
Byrjendur, mánudaga kl.19:40 og fimmtudaga 19:40, sal 2.
**Dansstudio 2:**
Framhald, mánudaga kl. 20:40 og fimmtudaga kl.20:40, sal 1.
**Verð: 29.900 kr.**

Nýtt!
**STUDIOKORT** er árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstudioi JSB.
Kortið veitir einnig frjálsan aðgang að tækjasal JSB.
**Verð: 56.900 kr.**

DANSLISTARSKÓLI JSB
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Femínisti frumkvöðull í hátísku

Nafn Madeleine Vionnet er flestum gleymt í tískunni. Þrátt fyrir það var hún einn vinsælasti tískuhönnuður á sama tíma og Coco Chanel, Paul Poiret og Jeanne Lanvin, milli 1920-30. Hún hefur haft áhrif á fjölda tískuhönnuða dagsins í dag eins og John Galliano, Jean-Paul Gaultier og Christian Lacroix.

Lífshlaup hinnar frönsku Madeleine Vionnet var einstakt fyrir konu á hennar tíma og ólíkt því sem ætla mátti í upphafi. Tólf ára neyddist hún til að hætta í skóla en hún vildi verða kennari. Eins og konur gerðu svo oft á þessum tíma lærði hún saumaskap að undirlagi föður síns, giftist 18 ára en skildi aðeins tveimur árum síðar 1896. Þá hélt hún til Lundúna þar sem hún vann hjá nafntoguðum tískuhúsum en sneri aftur til Parísar eftir fimm ár og vann hjá fínustu tískuhúsum borgarinnar.

En Madeleine Vionnet var allt of framsýn og fékk ekki að sýna kjóla án lífstykkja með berfættum fyrirsætum. Hún stofnaði því sitt eigið tískuhús 1912 en neyddist til að loka þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á. Eftir stríð náði hún skjótt miklum frama meðal ríkra Bandaríkjamanna, evrópska aðalsins og stjarna samtímans og blöðin töluðu um hina fullkomnu hátísku. Konur voru búnar að fleygja lífstykkinu til frambúðar, allt þangað til að Gaultier tók það upp að nýju og spurning hvort það sé Madeleine að þakka þó sagan tengi það Coco Chanel. Kjólar Vionnet voru útvíkkandi og því var ekki lengur þörf á rennilás eða tölum, einungis hægt að smeygja sér í flíkina. Sömuleiðis þóttu sniðin fullkomin og unnin af mikilli nákvæmni með fyrirsætu úr viði sem líktist stórri brúðu. Kjólar voru sérgrein Vionnet og tengdust áhuga hennar á Forn-Grikkjum. Þeir líktust kuflum sem oft höfðu enga sjáanlega sauma. Ferningur, rétthyrningur og hringur komu víða fyrir í hönnuninni.

En Madeleine Vionnet var ekki aðeins frumkvöðull í tískunni, hún var sömuleiðis sannfærður femínisti og umhugað um starfsfólk sitt, um 1.200 manns þegar flest var og auðvitað aðallega kvenkyns. Hún opnaði mötuneyti í tískuhúsi sínu, bauð upp á fría lækna- og tannlæknisþjónustu og barnagæslu. Þegar seinni heimsstyrjöldin byrjaði var madame Vionnet 63 ára og var farið að leiðast í heimi tískunnar. Ólíkt mörgum vildi hún ekki láta tískuhús sitt í hendur annars hönnuðar og notaði reyndar ekki heldur nafn sitt til að selja ilmvatn eins og flestir aðrir. Á endanum lokaði hún tískuhúsi sínu en var þó guðmóðir hins spænska Cristobals Balanciaga og kenndi honum allt sem hún kunni. Tískuhús Balanciagas lifir í dag nýju lífi einmitt með nýjum hönnuði sem fetar í fótspor nemanda Madeleine Vionnet.

*bergb75@free.fr*

# Færri kaupa föt í stórum númerum

**Þrátt fyrir að mittismál Bandaríkjamanna fari sífellt stækkandi þá hafa verslanir sem selja stórar fatastærðir dregið saman seglin.**



Flottur kjóll frá City Chic og kynþokkafull fyrirsæta á Rosemount Sydney tískuhátíðinni á dögunum.

Sölutölur frá maí 2009 benda til þess að sala á almennum kvenfatnaði í Bandaríkjunum hafi dregist saman um fimm prósent en sala á stórum stærðum um tíu prósent miðað við sama tíma í fyrra. Menn velta nú vöngum yfir því hvað veldur og þá sérstaklega í ljósi þess að meira en helmingur bandarískra kvenna notar stórar stærðir, eða stærð 14 og stærra.

Helstu skýringarnar virðast þær að enn þykir ákveðin smán fylgja því að kaupa stórar stærðir og er eftirspurnin því ekki í samræmi við þörf, að því er AP-fréttastofan greinir frá. Í kjölfarið hafa fyrirtæki á borð við Old Navy, Banana Republic og Ann Taylor fjarlægt stóru stærðirnar úr verslunum sínum og selja þær eingöngu á netinu, en menn vilja meina að stórum konum hugnist frekar að versla þar. Önnur fyrirtæki, þar á meðal H&M, hafa alfarið dregið sig út úr verslun með stórar stærðir.

Annað sem þykir skýra minni sölu á stórum stærðum er að tengsl eru á milli offitu og fátæktar sem segir sérstaklega til sín á samdráttartímum.

*- ve*



Banninu er ætlað að sporna við kynferðislegri áreitni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bannað að ganga í gallabuxum

SKÓLASTJÓRI Í INDVERSKUM SKÓLA BANNAR STÚLKUM AÐ GANGA Í GALLABUXUM.

Skólastjórnendur framhaldsskóla í Uttar Pradesh á Indlandi lögðu nýlega blátt bann við því að indverskar skólastúlkur klæddust gallabuxum eða öðrum vestrænum klæðnaði í skólanum.

Þetta er gert til að sporna við kynferðislegri áreitni sem þær verða fyrir af hálfu karlkyns skólafélaga sinna. Með vestrænum klæðnaði er auk gallabuxna átt við stuttbuxur, þröngar skyrtur og míní-pils.

„Þeim stúlkum sem ganga gegn banninu verður vísað úr skólanum," segir Meeta Jamal, skólastjóri framhaldsskólans í Kanpur, í samtali við AFP-fréttastofuna. „Þetta er eina leiðin til að koma í veg fyrir glæpi gegn þeim."

Ekki fylgir sögunni hvort einhver bönn nái til karlmannanna eða hvaða viðurlög fylgi þeirra hegðun.






SPAKSelements er frakki sem breyta má á ótal vegu.

# Spaksmannsspjarir í hópi þeirra bestu

**Spaksmannsspjarir kepptu um The Nordic Selected-verðlaunin 2009 á hönnunarvikunni í Kaupmannahöfn.**

Alþjóðleg hönnunarvika stendur yfir í Kaupmannahöfn fram á sunnudag.

Meðal þeirra fjölmörgu viðburða sem boðið er upp á í ár er sýning á úrvali norrænnar hönnunar á síðastliðnum áratug. Sýningin heitir Nordic Selected en á henni má finna hönnun í sinni breiðustu mynd.

Sextán íslenskir hönnuðir voru valdir til þess að taka þátt í sýningunni en af Íslendingunum komst einungis hönnunarteymi Spaksmannsspjara í ellefu manna lokaval fyrir „The Nordic Selected Award 2009“, það er lokaval fyrir viðurkenninguna Best hannaði hluturinn á Norðurlöndunum síðastliðin tíu ár. Auk Spaksmannsspjara voru meðal annars hönnuðir frá Marimekko, Volvo og Bang&Olufsen í þessum hópi

Úrslitin voru tilkynnt síðastliðinn föstudag og var það norska arkitektastofan Snöhetta sem hlaut verðlaunin fyrir hönnun sína á nýja óperuhúsinu í Osló.

Hönnunarfyrirtækið Spaksmannsspjarir fagnar sextán ára afmæli um þessar mundir. Það var tilnefnt fyrir tvo hluti, annars vegar „SPAKSelements“, sem er frakki sem breyta má á ótal vegu og „SPAKSadaption“, sem eru fjölnota bútar sem púsla má saman á ólíkan máta til dæmis í flíkur, teppi eða púða, allt eftir þörfum hvers og eins.












Sigrún Baldursdóttir í Lykkjufalli mætir með úrval úr verslun-inni á markaðinn. MYND/JOSEPH HENRY RITTER



Þórey, Guðbjörg og Björg munu allar selja fylgihluti en sýnishorn af þeim bera þær um hálsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk föt og fylgihlutir beint frá hönnuðum

**Allnokkrir tískuhönnuðir taka höndum saman og efna til markaðar á efri hæð Nýlenduvöruverslunar Hemma og Valda í dag en þar verður hægt að kaupa af þeim bæði föt og fylgihluti.**

Pop-up hönnunarmarkaður verður haldinn á efri hæð Nýlenduvöruverslunar Hemma og Valda milli 15 og 21 í dag en þar verður hægt að kaupa íslenska tískuhönnun beint frá hönnuðunum.

„Við erum fjórar sem fórum af stað með þetta og héldum sams konar markað í síðasta mánuði. Hann mæltist mjög vel fyrir og munum við poppa upp hér og þar í framtíðinni,“ segir Guðbjörg Jakobsdóttir, sem stendur að markaðinum ásamt þeim Björgu Guðmundsdóttur, Þóreyju Björk Halldórsdóttur og Bryndísi Sveinbjörnsdóttur. „Við bjóðum mismunandi hönnuðum að vera með okkur og verður markaðurinn því síbreytilegur. Að þessu sinni fáum við þær Sigrúnu Baldursdóttur í Lykkjufalli og Ingu Björk Andrésdóttur til liðs við okkur,“ upplýsir Guðbjörg.

Hún segir markmiðið að bjóða fólki að kaupa beint af hönnuði en þannig fær það vandaða vöru á hagstæðum kjörum. „Þarna getur fólk nálgast íslenska tískuhönnun á einum stað og gengið að því vísu að fá allt hið nýjasta og besta.“ Að sögn Guðbjargar vilja Íslendingar gjarnan kaupa íslenska hönnun. „Það kom greinilega í ljós um síðustu jól en þá seldist eiginlega allt sem heitir íslensk hönnun upp. Ekkert lát virðist á því og gekk fyrri Pop-up markaðurinn okkar vonum framar og var stríður straumur af fólki.“

Á markaðnum verða jafn ólíkar vörur og hönnuðirnir eru margir. Guðbjörg hannar slaufur úr silki og leðri undir merkinu Serendipity en þær má nota til að hressa upp á hlutlausan klæðnað. Þórey, sem hannar undir merkinu Eight of Hearts, verður með klúta og kraga og Björg verður með úr og aðra fylgihluti sem hún hannar undir merkinu Don't let the bird nerd bite. Inga Björk leggur til hálsmen úr plexígleri og Bryndís verður með föt sem hún hannar undir merkinu Garmur ásamt Magnetic Memories-eyrnalokkum.

Sigrún mætir síðan með úrval úr verslun sinni Lykkjufalli.

Þeir sem vilja fylgjast með því hvar næsti markaður poppar upp geta skráð sig í grúppuna Milliliðalaus verzlun á Facebook.

*vera@frettabladid.is*






Magnetic Memories-eyrnalokkar Bryndísar Sveinbjörnsdóttur eru búnir til úr segulbandi og antíktölum. MYND/KRISTINN MAGNÚSSON



Inga Björk Andrésdóttir selur hálsmen úr plexígleri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sigún hannar bæði barna- og fullorðinslínu undir merkinu Lykkjufall.



Barnafötin í Lykkjufalli eru litrík og hlý.

# RÚM

Sérblað um rúm, fimmtudagur 3. september 2009





Bræðurnir Egill Fannar og Guðmundur Gauti Reynissynir, eigendur verslunarinnar Betra bak, segja Íslendinga leggja enn meiri áherslu á góða heilsu á þessum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Að sofa er eitt, það að hvílast er allt annað

**Íslendingar leggja aukna áherslu á góða heilsu, sem sýnir sig í sölu á Tempur-heilsudýnum og stillanlegum rúmum í Betra baki.**

Tempur-dýnurnar hafa átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og ekki síst hér á landi. „Við höfum verið á þessum markaði í fimmtán ár og í dag eiga tuttugu þúsund Íslendingar Tempur-heilsudýnu. Fimmtíu þúsund sofa á heilsukoddum,“ segir Egill Fannar Reynisson, sem á verslunina Betra bak ásamt bróður sínum, Guðmundi Gauta Reynissyni. „Þetta eru nýjustu sölutölur og þykir framúrskarandi árangur,“ segir Egill. „Ég held að þetta hljótist af því að Ísland er yfirleitt mjög fljótt að aðlagast nýjungum, að því gefnu að þær séu góðar og virki vel.“

Tempur er næststærsti dýnuframleiðandi í heiminum í dag, en fyrir því eru gildar og góðar ástæður að sögn Egils. „Tempur er þrýstijöfnunarefni sem var upphaflega fundið upp af Geimvísindastofnun Bandaríkjanna, Nasa,“ útskýrir Egill. „Upp úr aldamótunum hlaut Tempur svo verðlaun fyrir vörur sem hafa breytt lífsskilyrðum mannkynsins. GPS-staðsetningartæknin var í fyrsta sæti og Tempur í öðru. Það eru ekki lök meðmæli.“



Egill segir Betra bak lítið finna fyrir margumræddri kreppu og telur helst að skýringuna sé að finna í breyttum lífsviðhorfum Íslendinga. „Á svona tímum fer fólk að líta sér nær og hugsa um það sem skiptir mestu máli, eins og heilsuna, því að sofa er eitt, að hvílast er annað,“ segir Egill, en þar skiptir góð dýna sköpum. Viðskiptavinir halda líka tryggð við Tempur-dýnurnar. „Sumir eru að koma og endurnýja, aðrir að stækka eða minnka við sig rúmin, eða fá sér stillanlegt. Fólk sem á gott heilsurúm finnur líka alveg muninn þegar það fer í sumarbústaðinn á gömlu gormadýnuna, sem það svaf kannski á í fimmtán ár og fannst ekkert að,“ segir Egill.

Betra bak leggur mikið upp úr þjónustu og breiðu vöruúrvali. Verslunin hefur yfir gríðarstórum lager að ráða sem gerir henni kleift að bjóða viðskiptavinum upp á heimsendingu samdægurs. „Við bjóðum líka upp á uppsetningu á stillanlegu rúmunum,“ bendir Egill á. Úrvalið er mikið og eins hefur útlit rúmanna þróast mikið á síðustu árum. „Fólk getur núna stýrt því töluvert hvað það vill, hvernig botninn á að líta út og hvernig leðrið á að vera á litinn. Rúmið á enda ekki bara að vera þægilegt – það á líka að vera fallegt og hlýlegt,“ segir Egill.



Það kemur fæstum á óvart að fagurkerinn Gianni Versace hafi hannað konunglega sæng meðan hann lifði enda lagði hann mikið upp úr fallegu heimili eins og hér sést.

### GÓSS FYRIR GRÚSKARA

Á www.ebay.com og öðrum uppboðsvefjum má vafra og í það minnsta láta sig dreyma ef ekki splæsa í rúmföt með myndum af Michael Jackson heitnum á eða skreyttum með upphafsstöfum Marilyn Monroe.

Á meðal þeirra grasa sem þar gætir nú má nefna einstakt eintak af konunglegri sæng sem Gianni Versace hannaði en sængin er fyllt með gæsadún og áklæðið er úr silki – með hlébarðamunstrinu hans þekkta. Sængin er hönnun af Gianni Versace sjálfum enda er fyrsta boð á eBay hvorki meira né minna en 7.000 dollarar. Kóngurinn lést árið 1997.

## Svefnherbergið eftirlætisstaðurinn

Við eyðum stærstum hluta ævi okkar í svefnherberginu og flestir segja að þeim líði best í því herbergi. Eitt af frægari svefnherbergjum allra tíma er vistarvera listmálarans Vincents Van Gogh en hann var svo hrifinn af svefnstað sínum í Gula húsinu að hann gerði til eru þrjú málverk af því eftir hann. Hann sagði sjálfur að það að mála svefnherbergið „hvíldi hugann og ímyndunaraflið“ – með sínu snyrtilega umbúna rúmi og látlausu vistarverum.



Van Gogh hvíldi hugann með því að mála svefnherbergið sitt.




**Nafn** : Tempur heilsurúm stillanlegt
**Stærð** : 180*200 cm
**Gerð** : Tempur þrýstijöfnunar efni
**Áklæði** : Tau eða leður

TEMPUR



**Nafn** : Royal heilsurúm
**Stærð** : 180*200cm
**Gerð** : Spring-gormadýna með Latex yfirlagi
**Áklæði** : Tau eða leður

yatsan



**Nafn** : Tempur heilsurúm
**Stærð** : 180*200cm
**Gerð** : Tempur þrýstijöfnunarefni
**Áklæði** : Tau eða leður

TEMPUR


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 5125462



Ásgeir Ólafsson, sölustjóri hjá Lúr, þar sem hægt er að fá klæðskerasniðin dönsk Passion-rúm. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Klæðskerasniðin rúm og úrval fylgihluta

**Verslunin Lúr býður upp á allt sem til þarf til að gera svefnherbergið að griðastað. Þar fara dönsku Passion-rúmin einna fremst í flokki.**

„Passion-rúmin eru framleidd í Danmörku. Fyrirtækið er í eigu eins stærsta húsgagnaframleiðanda í Evrópu, sem framleiðir bara vörur í hæsta gæðaflokki – enda segja þeir að þetta séu líka meira en rúm,“ segir Ásgeir Ólafsson, sölustjóri Lúrs. Einn þeirra kosta sem höfða til viðskiptavina er tvöfalt gormakerfi í öllum Passion-dýnum. „Það eru tveir stífleikar í dýnunni, mýkra öðrum megin og stífara hinum megin. Fólk getur því alltaf snúið henni við eftir breytilegum þörfum og líkamlegu ástandi hverju sinni, í stað þess að festa sig í einum stífleika,“ útskýrir Ásgeir.

Passion-rúmin fást í ýmsum myndum og eru bæði fáanleg sem rafmagnsknúin lyftirúm og í hefðbundnara formi. „Það er hægt að velja um fjórar útfærslur af rúmum, sem allar eru handsmíðaðar í Danmörku. Þau eru til í sex litum og hægt er að velja um sjö mismunandi gerðir af fótum undir þau. Fólk getur því nánast klæðskerasniðið sér rúm hjá okkur,“ útskýrir Ásgeir. Ekki spillir heldur fyrir að hægt er að fjarlægja áklæðið og þvo á sextíu gráðum í þvottavél.

Vinsældir Passion-rúmanna hafa verið miklar hér á landi, eins og sölutölur Lúrs sýna. „Við höfum verið að slá sölumet í Evrópu og fengið viðurkenningar fyrir það. Fólki líkar rúmin augljóslega mjög vel, enda erum við að selja hágæðavöru á frábæru verði,“ segir Ásgeir.

Lúr býður þó ekki eingöngu upp á dönsk rúm, því þar er líka að finna hefðbundin amerísk rúm. „Við erum með mjög góð amerísk rúm með góðu pokafjöðrunarkerfi og byltuvörn. Það þýðir að hreyfing berst ekki á milli fólks, þannig að það verður ekki fyrir truflun þó að hinn aðilinn snúi sér í rúminu,“ útskýrir Ásgeir.

Eins er að finna mikið úrval fylgihluta og annarra húsgagna í svefnherbergið í versluninni. Þar má til að mynda fá heilsukodda dulbúinn sem dúnkodda – fyrir þá sem vilja góðan stuðning við höfuð og herðar, en sakna þess að hafa dúninn undir kinn. „Við erum með mikið úrval af ítölskum heilsukoddum, til dæmis þrýstijöfnunarkodda og latexkodda og auðvitað dúnkodda líka,“ segir Ásgeir. Hjá Lúr má einnig fá úrval afar vandaðra svefnsófa frá Ítalíu, rúmgafla og náttborð. „Við erum í raun með allt sem fólk kann að þurfa í svefnherbergið,“ segir Ásgeir.




**Hraun** er nýtt íslenskt rúmfatamynstur frá Lín Design. Rúmfatnaðurinn er ofinn úr 340 þráða bómull sem verður mjúk og þægileg.

**30%**
**kynningarafsláttur.**

*Verð áður 9.890,*
**verð nú 6.930 kr.**

*Íslensk hönnun á enn betra verði.*

Lín DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 • www.lindesign



**Passion Slide Back**

Handsmíðað rúm - allt framleitt í Danmörku.

Er á sleða-inndraganlegur botn.Tveir mjög öflugir en hljóðlátir mótorar. Val um næturlýsingu. Hægt að taka áklæði af og þvo. Sex litir í boði. Sjö mismunandi gerðir af fótum.

Stærðir: 80 cm, 90 cm, 105 cm, 140 cm. Þráðlaus fjarstýring.

Barnalæsing. Tvö minni fyrir uppáhaldstillingar. Tveir stífleikar í sömu dýnunni - alltaf val um mýkri eða stífari. Val um þrennskonar yfirdýnu.



**Passion Box**

Handsmíðað rúm-allt framleitt í Danmörku
Hægt að taka áklæði af og þvo
Sex litir í boði
Sjö mismunandi gerðir af fótum
Stærðir: 80 cm, 90 cm, 105 cm, 140 cm.
Tveir stífleikar í sömu dýnunni - alltaf val um mýkra/stífa
Val um þrennskonar yfirdýnu



**Passion Continental**

Handsmíðað rúm - allt framleitt í Danmörku
Hægt að taka áklæði af og þvo
Sex litir í boði
Sjö mismunandi gerðir af fótum
Stærðir 160 cm, 180 cm.
Tveir stífleikar í sömu dýnunni - alltaf val um mýkra /stífa
Tvær sjálfstæðar dýnur eru í rúminu
Val um þrennskonar yfirdýnu

# Ráðgjöf, flott hönnun og sextíu daga skilafrestur

**Fjölbreytni í rúmvali Ikea er mikil, bæði í stíl, útliti og verði. Þar má fá allt frá dýnum og rúmgöflum í barnarúm og svefnsófa.**



Kristin Leona aðstoðar viðskiptavini Ikea við að velja réttu dýnurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Jú, jú, fólk á oft fjörugar samræður þegar það er að prófa dýnurnar, enda mikilvægt að velja þá sem hentar því," segir Kristin Leona Rósinkranz Andersdóttir, svæðisstjóri svefnherbergisdeildar hjá Ikea. „Sultan-dýnurnar eru sérstaklega hannaðar til þess að koma til móts við þarfir hvers og eins og við veitum fólki ráðgjöf við valið. Við verjum þriðjungi lífs okkar í svefn svo það er mikilvægt að velja rétta dýnu," heldur Kristin áfram og segir það gaman að vinna í þessari deild. „Hér getur fólk staldrað við lengi. Í fyrsta lagi er það að velja sér dýnu og í öðru lagi er það að velja sér útlit og stíl á rúmið. Hæð, þyngd, svefnstaða og líkamsbygging er meðal þess sem taka þarf tillit til þegar dýnan er valin því hver og einn sefur á sinn hátt. Í Sultan-dýnunum bjóðum við upp á springdýnur sem tryggja gott loftflæði og dreifa þyngdinni jafnt auk svamp- og latexdýna sem laga sig að líkamanum, draga úr hreyfingum en veita jafnframt líkamanum nægilegan stuðning. Við viljum að fólk sé ánægt með Sultan-dýnurnar svo við gefum fólki 60 daga til þess að ákveða sig. Ef það af einhverjum ástæðum er ekki sátt getur það skilað dýnunni og fengið nýja í staðinn."

Hönnuðir Ikea eru oftar en ekki leiðandi í innanhússhönnun og eru rúmgaflar þar engin undantekning. „Hvítir gaflar úr áli eru áberandi sem og birkiviðurinn og annaðhvort eru línurnar mjög hreinar og nútímalegar, skandinavískar eða rómantískar," segir Kristin og bendir á fjölmörg rúm máli sínu til stuðnings. „Fjölbreytnin hjá okkur er mikil, bæði í stíl, útliti og verði. Við erum einnig með margar stærðir eins og 90 cm, 140 cm, 160 cm og 180 cm. Barnarúmin eru einnig mjög vinsæl, bæði þessi hefðbundnu sem og kojurnar. Þá hafa svefnsófarnir slegið í gegn, bæði í unglingaherbergin en einnig sem sjónvarpssófar og í sumarhús. Fólk virðist einnig vera farið að velja betri dýnur í það síðastnefnda og vera þar fremur rómantískt í vali sínu.

Náttborð eru ómissandi fylgihlutur og af þeim er nóg til í Ikea. „Við eigum yfirleitt náttborð sem passa við hvert rúm en fólk er alveg óhrætt við að blanda saman ólíkum stílum og útliti," segir Kristin og er rokin til þess að sinna viðskiptavini sem er að máta mismunandi Sultan-dýnur.



**Hægt er að fá sængur með snjógæsadúni og svanadúni. Æðardúnninn þykir þó alltaf flottastur.**

# Æðardúnsæng framleidd eftir pöntunum

Góða dúnsæng má finna á ýmsum stöðum í borginni. Ódýrari týpur fást gjarnan í Rúmfatalagernum og IKEA og svo selja búðir sem versla með rúm einnig oft dúnsængur, svo sem Betra bak. Verslunin Dúnn og fiður er ein þeirra verslana sem hafa selt íslenskar dúnsængur svo áratugum skiptir og á verslunin einmitt 50 ára afmæli í ár. Fyrirtækið framleiðir allar sínar vörur sjálft, að undanskildum lökum og og utanyfirverum. Hægt er að fá sængur úr snjógæsadúni, svanadúni, andardúni og gæsadúni en drottning dúnsænganna – æðardúnsængin – er einungis framleidd eftir pöntunum.

*-jma*

# Ekki alslæmt að sofa nakinn

Sumir segja að það að sofa nakinn sé gott fyrir líkamann, sérstaklega í heitara loftslagi þar sem heilsufarslega sé betra að vera frekar í svala en hita.

Einn frægasta nakta nætursvefninn stundaði Marilyn Monroe heitin sem reyndar sagðist sofa í Chanel-ilmvatni. Af öðrum frægum sem hermt er að hafi sofið naktir má nefna Al Gore, Pablo Picasso og Alyssu Milano. Vert er þó að hafa það í huga ef fólk hyggst taka upp það að vera í engu yfir nóttina að hafa föt tilbúin við rúmgaflinn ef jarðskjálfti eða annað óvænt kemur upp þannig að hægt sé að skella sér í föt í snarhasti.



**Marilyn Monroe setti heimsbyggðina á annan endann þegar hún sagðist sofa nakin.**




**TRONDHEIM** rúmgrind
Lakkáferð. B171×L210, H115cm.
Dýnustærð B160×210cm.
Hvítt. vnr. 101.642.89

**TRONDHEIM** rúmgrindin er einnig fáanleg í B151×L210cm og B191×L210cm.

IKEA®



**MALM** rúmgrind
Lakkáferð B107×L211cm. Hvítt
vnr. 900.749.30
Fæst einnig í svörtu.

**MALM** rúmgrindur er einnig fáanlegar í B156×L210cm, B176×L210cm og B196×L210cm í eikarspóni, birkispóni og svarbrúnu. Hæð rúmbotnsins má stilla; gerir þér kleift að nota dýnur í ólíkum þykktum.

IKEA®



**SULTAN** dýnusamsetning B140×L200cm.

Í þessari samsetningu eru:
**SULTAN AUKRA** dýnubotn B140×L200cm.
Ljósgrátt vnr. 401.587.72
**SULTAN HAGAVIK** springdýna B140×L200cm.
Ljósgrátt vnr. 101.562.89
**SULTAN TÅRSTA** yfirdýna B140×L200cm.
Dökkgrátt vnr. 901.560.25
**SULTAN** fætur H10cm. Birki vnr. 300.962.61

IKEA®



Þór og Saga eru dýnur sem sérstaklega eru framleiddar fyrir Svefn og heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dýnur með greindarvísitölu sem auka lífsgæði

**Það þarf ekki að hugsa þegar lagst er á IQ-Care dýnurnar sem fást í Svefni og heilsu því þær laga sig sjálfkrafa að líkamanum.**

„IQ-Care dýnurnar koma frá Belgíu og hafa verið langvinsælastar hjá okkur um árabil," segir Sigurður Matthíasson, eigandi Svefns og heilsu, Listhúsinu, Engjateigi 19. „Þær eru lag- og svæðisskiptar og með þrýstijöfnunarefni sem gerir það að verkum að þær styðja mjög vel við líkamann. Þrýstingurinn er því ekki sá sami til dæmis við axlir og bak eða fætur en það getur haft áhrif á líðan í svefni. IQ-Care dýnurnar taka tillit til svefnstöðu og þar sem við eyðum nær þriðjungi af lífi okkar í svefni bæta þær lífsgæði fólks. Að auki er hægt að fá kodda úr sama efni og dýnurnar." Sigurður segir að dýnurnar henti öllum aldurshópum. „Við erum líka með stillanleg rafmagnsrúm fyrir IQ-Care og seljum álíka mikið af þeim og venjulegum rúmum en þau hafa hlutfallslega lækkað í verði. Fólk ver orðið meira af frítíma sínum í rúminu en áður og notar það ekki aðeins til þess að sofa. Fólk les í rúminu, horfir á sjónvarp, talar í síma og jafnvel notar það til íhugunar, svo að rúm er í raun og veru orðin fjölnota mubla," segir Sigurður brosandi.

En IQ-Care dýnurnar eru ekki einu dýnurnar sem Svefn og heilsa býður upp á því þeir hjá Svefni og heilsu láta einnig framleiða fyrir sig dýnur eftir sínum hugmyndum um góðar dýnur en það er nýjung hjá þeim. „Þetta eru svæðisskiptar pokagormadýnur, sem við höfum nefnt íslensku nöfnunum Þór og Saga. Vírinn í þeim er mismunandi þykkur eftir því á hvaða svæði ákveðnir líkamshlutar liggja á dýnunni. Við leggjum mjög mikið upp úr svæðisskiptum dýnum því þær laga sig að líkamanum og veita besta svefninn. Í þessum dýnum er einnig þrýstijöfnunarefni í undirdýnu og yfirdýnu. Þetta eru mjög góðar dýnur og jafnast á við þær bestu í þessum flokki í heiminum dag og eru jafnvel betri," segir Sigurður og bætir því við að með því að láta framleiða dýnurnar sjálfir geti þeir einnig boðið viðskiptavinum sínum upp á hagstæðara verð.

Þeir framleiða einnig rúmbotna í samvinnu við GÁ húsgögn en viðskiptavinurinn getur þá valið bæði um liti og fætur. Sigurður segir að leðurlitaðir botnar séu mjög vinsælir og fólk kjósi klassík og einfaldleika. „Innlend framleiðsla er nú á betra verði en erlend og er alls ekki síðri. Svefnsófarnir sem við bjóðum upp á eru einnig framleiddir hér heima og það gefur fólki í raun fleiri möguleika, til dæmis að velja um áklæði. Við bjóðum því fólki upp á sérsniðnar lausnir og sérsmíði."




Góð sæng í góðu rúmi

DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004




**Proflex** stillanlegt rúm með IQ-Care heilsudýnu.
Fæst í öllum stærðum.




**SCape Wallhugger** stillanlegt rúm með IQ-Care heilsudýnu.
Fæst í öllum stærðum.



Svefn&heilsa
www.svefn.is

**SAGA** heilsurúm með íslenskum botni.
Fæst í öllum stærðum.



Fjölstillanlegt heilsurúm **Activa Kynetic** frá Nottinblu. Ál grind með gagnvirku PBS fjaðrakerfi og sleðafærslu. Hægt að fá með nuddi og innfrarauðri fjarstýringu. Virkar mjög vel með Mediline heilsudýnum.



Sérpantað hjónarúm frá **Ruf betten**. Tegund **Casa KTF** með stillanlegum höfðagafli. Hægt að panta í mörgum litum og með ýmsum aukahlutum.



**Mediline** unglinga heilsurúm með rúmteppi og skápúða við höfðalag.



**Halldór Snæland við hluta hins mikla úrvals af dýnum sem fást í Lystadún Marco.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mediline, klæðskerasniðin og spennandi nýjung

**Reynsla er ekki föl en þróunin getur getið af sér nýjungar sem hinum óreynda hefði aldrei dottið í hug. Lystadún Marco, Mörkinni 4, veit hvernig dýna fær ólíka einstaklinga til að sofa sem best.**

„Árið 2009 markar tímamót í sögu fyrirtækisins Lystadún Snæland – Marco, sem í dag er nefnt Lystadún Marco,“ segir Halldór Snæland sölustjóri. „Það eru 60 ár liðin síðan fyrirtækið hóf starfsemi sína en frá upphafi hefur hún snúist um framleiðslu á heilsudýnum og rúmum jafnt fyrir heimili, stofnanir sem og skip. Auk okkar eigin framleiðslu seljum til dæmis amerísk rúm frá Sealy sem er stærsti framleiðandi rúma í Bandaríkjunum og rafstillanleg heilsurúm frá Nottinblu á Ítalíu.“

Lystadún Marco hefur ávallt fylgst vel með nýjungum og notar eingöngu úrvals hráefni frá viðurkenndum framleiðendum í sínar dýnur. „Flestar dýnur eru framleiddar samkvæmt stöðluðum stífleikum og stærðum, en það á ekki við um okkar dýnur, þar sem hver dýna er sérframleidd fyrir hvern og einn viðskiptavin. Það tekur frá einum degi til einnar viku að framleiða rúmin fyrir viðskiptavinina en sá biðtími er vel þess virði.“

Halldór tekur dæmi af hjónarúmsdýnum. „Eftir að hafa verið í framleiðslu í 60 ár þá erum við farin að skilja hvað það er sem fólk leitar að og hvað þarf til þess að gera til dæmis góða hjónarúmsdýnu sem hæfir báðum einstaklingunum. Oftar en ekki eru hjónarúmsrúmdýnur í einum stífleika, sem hentar ekki alltaf báðum. Í okkar augum eru engir tveir einstaklingar eins. Annar getur verið með veikt bak eða slæmur í öxlum og þarfnast því annarra lausna en hinn. Annað hjónanna getur verið þungt og hitt létt og svona mætti lengi telja. Starfsfólk í versluninni í Mörkinni 4 er þjálfað til að ráðleggja viðskiptavinum okkar við val á dýnum, auk þess sem sjúkraþjálfari er til staðar í versluninni á fimmtudögum frá klukkan 16 til 18.“

Halldór segir að til að leysa þessi vandamál hafi þeir hannað nýja línu af rúmdýnum sem heita Mediline. „Þessar nýju dýnur hafa algjörlega slegið í gegn hjá okkar viðskiptavinum. Þær líta út fyrir að vera ein heil dýna, en eru í raun og veru tvær dýnur. Önnur dýnan getur verið mjúk en hin stíf, allt eftir því sem parið þarfnast. Þannig getum við klæðskerasniðið rúmdýnur sem henta báðum einstaklingum jafn vel. Það má segja að þetta séu hinar einu og sönnu heilsudýnur. Yfirdýnuna er hægt að fá í margs konar stífleika og úr ýmsum efnum eins og til dæmis Celsius þrýstijöfnunarsvampi, Latex gúmmísvampi eða eggjasvampi allt eftir óskum viðskiptavinanna. Yfirdýnan skiptir máli, því hún gefur dýnunni mjúkt og notalegt yfirborð, en meira máli skiptir burðarlag hennar sem stjórnar því hve djúpt notandinn sekkur í dýnuna, en þessu er öllu hægt að stjórna með réttu efnisvali,“ segir Halldór.

Ef dýnan hentar viðskiptavininum ekki þá getur hann komið með hana til Lystadúns Marco og fengið henni breytt þar til hann verður ánægður. „Það skiptir okkur öllu máli að viðskiptavinurinn sofi vel og okkar vörur uppfylli allar væntingar.“

# 1989 ár vatnsrúma

Vatnsrúmið, eins og við þekkjum það, er sköpun frá árinu 1968 en bandaríski hönnuðurinn Charles Hall var enn í námi þegar hann bjó það til. Þó hafði einhvers konar vatnsrúm orðið til í byrjun 19. aldar og er öðru hvoru minnst á í sögum, til að mynda skrifum Marks Twain.

Hér á landi má sjá innflutt vatnsrúm auglýst öðru hvoru til sölu í smáauglýsingum blaða á árunum 1972-1975 en á árinu 1975 var „Alþjóðavörusýning“ haldin hérlendis þar sem íslensk framleiðsla A. Guðmundssonar á rúminu var kynnt fólki. Rúmið sló þó ekki strax í gegn og voru fregnir af því að fólk hræddist jafnvel að sofa í rúminu af ótta við að drukkna.

Á níunda áratugnum sló vatnsrúmið í gegn og árið 1989 var jafnvel verslun í Borgartúni sem bar nafnið „Vatnsrúm hf.“ en það ár birtust fleiri vatnsrúmaauglýsingar í blöðunum en nokkur önnur ár.



**Vatnsrúm voru markaðssett sem afbragðsslökun á níunda áratugnum hérlendis.**

### ● LAMPI MIKILVÆGARI EN LOFTLJÓS

Oft gleymist að huga að góðri lýsingu í svefnherberginu en þar koma lampar til sögunnar því fæstir nota loftljósið að ráði að kvöldi til. Góðir náttborðslampar, hvor á sínu borðinu, sem skína vel fyrir lestur eru þar frumskilyrði en einnig er gott að hafa einn eða tvo lampa í hornum hjá fatakápum og kommóðum til að gera stemninguna fallega. Sé fólk á höttunum eftir rómantískri stemningu má til að mynda benda á Laura Ashley en þar má finna mikið úrval af klassískum lömpum, bæði stökum fótum og skermum.



**Lampar þessir kallast Svarva og eru úr nýju PS-línunni sem IKEA frumsýndi um síðustu helgi.**



**Grænn litur er einn sá besti í svefnherbergið.**

## Græni liturinn róar fyrir svefninn

Miklu skiptir að vera með rétta liti inni í svefnherberginu en til að mynda getur áberandi rauður, hvort sem er í gardínum eða rúmteppi, virkað mjög stressandi.

Einn af betri litum til að hafa í svefnherberginu er grænn en hann virkar róandi. Grænn þykir koma jafnvægi á hugsanir og tilfinningar og minnka stress um leið og hann byggir upp orku.

Óþarfi er að mála allt svefnherbergið í grænum lit og best er ef hægt er að hafa aukahlutina í grænum, svo sem pullur, kodda og gluggatjöld.



**Það tekur meiri tíma að framleiða handsmíðaða vöru úr náttúrulegum efnum en árangurinn er þess virði.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Það sem þig dreymir um

**Hästens-rúmin er eru handsmíðuð úr náttúrulegum efnum en í hverju rúmi eru lög af hrosshárum og á milli þeirra bómull og ull.**

„Breytingarnar kunna að vera litlar en áhrifin eru mikil," segir Þórður Ásmundsson, eigandi Hästens-rúma, Grensásvegi 3. Það sem Þórður á við er hin nýja kynslóð rúmanna sem nú er komin á markað, Hästens 2000 II, Hästens Excelsior II og Hästens Luxuria. „Það má heldur ekki gleyma nýrri og endurbættri yfirdýnu, Hästens BJX Luxury. Hin nýja kynslóð rúmanna byggir á 150 ára gömlu handverki, sem sífellt er verið að endurbæta. Hver dýna er handsmíðuð og er úr náttúrulegum efnum sem gerir þær svo einstakar. Í hverju rúmi eru lög af hrosshárum og á milli þeirra er



**Rúmin eru handunnin af mikilli natni.**

bómull og ull. Í nýju rúmunum eru hrosshárslögin fíngerðari en áður auk þess sem þau eru fleiri en hvort tveggja gerir dýnurnar enn sveigjanlegri auk þess sem þær þola meira álag. Það er ekki hægt annað en að dreyma vel á slíkri dýnu," segir Þórður brosandi. „Það tekur vissulega meiri tíma að framleiða gæðavöru sem þessa, sem jafnframt er úr náttúrulegum efnum, en árangurinn er þess virði. Rúmin hafa einstakt fjaðurkerfi og þar sem hrosshárslögin eru svo mörg gefa dýnurnar auðveldlega eftir og laga sig að líkamanum. Það loftar auk þess alltaf eðlilega um líkamann vegna hinna náttúrulega efna sem rúmið er búið til úr."

Yfirdýnan, Hästens BJX Luxury, er með mjúku áklæði úr bómull og ull en millilagið er þykkt lag af hrosshári auk bómullar og ullar.

Þórður segir að það taki meira en fimm mínútur að velja sér rúmið sem fólk dreymi um. „Fólk ætti að taka sér tíma þegar það velur sér nýtt rúm. Við í Hästens-versluninni erum alltaf tilbúin að aðstoða fólk og veita því persónulega ráðgjöf því þarfir þess eru svo ólíkar. Við höfum nægt úrval og allan þann tíma sem fólk þarf. Hästens-rúm gæti verið rúmið sem fólk dreymir um, svo það er um að gera að koma og prófa."





**Hästens 2000 T II**
Stærð: 80-210 cm
Lengd: 2 m-2,20 m
Bólstrun: Bómull, hör, ull og hrosshár.

Handunnin og sérsmíðuð rúm




**Hästens Vividus**
Stærð: 80-210 cm
Lengd: 2 m-2,20 m
Bólstrun: Bómull, hör, ull og hrosshár.

Handunnin og sérsmíðuð rúm




**Hästens Superia**
Stærð: 80-210 cm
Lengd: 2 m-2,20 m
Bólstrun: Bómull, hör, ull og hrosshár.

Handunnin og sérsmíðuð rúm



● **DORMA BÝÐUR BETRI BLUND**

Ný verslun með rúm og allt sem þeim tengist verður opnuð í Holtagörðum í lok september. Verslunin hefur fengið nafnið Dorma og er í eigu bræðranna Egils Fannars Reynissonar og Guðmundar Gauta Reynissonar, sem einnig eiga og reka verslunina Betra bak.

Dorma mun bjóða blundinn á betra verði, ef svo má að orði komast, en þar verður boðið upp á ódýr rúm sem þó hafa gæði að leiðarljósi. Af nógu verður að taka því Dorma verður stærsta rúmaverslun sem opnað hefur á Íslandi, með um það bil 1.500 fermetra til umráða. Í versluninni verður einnig að finna svefnsófa og alls kyns smávöru sem tengist svefnherberginu og góðri hvíld, sængur, sængurfatnað og fleira. Hún verður í næsta nágrenni við Tekk Company og Habitat og því um að gera að leggja leið sína í Holtagarða í góða verslunarferð.

Dorma verður opnuð 26. september.

## Draumur um snyrtiborð

Talsvert ódýrara er að koma rómantísku svefnherbergi í framkvæmd en öðrum, og hafi konur lengi dreymt um að eiga sitt eigið kvenlega horn er um að gera að láta verða af því, sé pláss til í svefnherberginu. Byrja má á að fara í Góða hirðinn, nytjamarkað Hjálpræðishersins úti á Granda eða aðra staði sem selja gömul húsgögn og finna skrifborð. Það má svo pússa upp og lakka hvítt og þá er auðvelt að halda áfram með sköpunarverkið. Gömlum spegli og fallega dótinu sem maður á má stilla ofan á borðið, hengja upp til að mynda gamla hördúka sem gardínur og verkið er til.



**Svefnhergið má auðveldlega skreyta með rómantísku snyrtihorni.**



**„Skilgreiningin á heilsudýnu er sú að fundin er dýna eftir þörfum hvers og eins," segir Alda Björk, sölufulltrúi hjá Rúmgott.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Finnum dýnu sem hentar hverjum og einum

**Í Rúmgott er að finna mikið úrval heilsudýna og rafmagnsrúma á hagkvæmu verði. Í boði er blanda af innfluttum gæðadýnum og íslenskri framleiðslu.**

„Skilgreiningin á heilsudýnu er sú að fundin er dýna eftir þörfum hvers og eins," segir Alda Björk Óskarsdóttir, sölufulltrúi hjá Rúmgott á Smiðjuvegi 2 í Kópavogi.

„Við bjóðum mikið úrval af dýnum og leggjum einmitt áherslu á að finna dýnu sem hentar hverjum og einum," segir Alda og bætir við að þau bjóði því ekki upp á eina töfradýnu heldur vilji með miklu úrvali gefa fólki kost á að velja. „Við framleiðum sjálf stærsta hlutann af dýnum sem við seljum, allt svæðaskiptar heilsudýnur, erum reyndar eini aðilinn hér á landi sem framleiðir svæðaskiptar heilsudýnur. Það gefur okkur möguleika á að nánast klæðskerasauma dýnur fyrir okkar viðskiptavini."

Til að velja þá dýnu sem hefur rétta svæðaskiptingu fyrir viðskiptavininn býður Rúmgott upp á fría legugreiningu með búnaði sem greinir þyngdardreifingu líkamans. Þar sést á tölvuskjá hvaða dýna og hvaða svæðaskipting hentar best fyrir viðskiptavininn.

„Við höfum til dæmis þjónustað stóran hóp fólks með gigtarsjúkdóma og stoðvandamál og höfum leiðbeint því með val á dýnu, með tilliti til vandkvæða," segir Alda. Hún bætir við að þau hafi einnig gott úrval stillanlegra hágæða þýskra rafmagnsrúma sem henti fólki sem vilji láta sér líða vel, svo og eldra fólki sem eigi erfitt með hreyfingar.

Alda segir mikla áherslu lagða á að hjón velji sér hvort sína dýnuna. „Konur og karlar eru mjög ólík í vexti og hafa því mismunandi þarfir," útskýrir hún. En myndast þá ekki leiðinlegt gap á milli parsins? „Nei, það verður ekkert bil því dýnurnar eru renndar saman," svarar Alda. Hún segir einn stærsta kost þess að vera með tvær dýnur einnig þann að báðir aðilar geti sofið vært þó að hinn bylti sér en oft verði það þannig með samfelldar dýnur að léttari einstaklingurinn gangi í bylgjum þegar makinn hreyfi sig í rúminu.

Rúmgott er með gott úrval af innfluttum dýnum, til dæmis vottaðar latexdýnur frá Frakklandi. Hins vegar er meginuppistaða í dýnuúrvalinu íslensk framleiðsla. „Við höfum framleitt íslenskar dýnur á áttunda ár og rúmbotna í yfir tuttugu ár," segir Alda og bætir við að mikil reynsla liggi að baki Rúmgott enda byggi fyrirtækið á gamalli húsgagnavinnustofu og sé fyrirtækið orðið tæplega sextíu ára gamalt.

Valkvíði er því stærsta vandamálið sem viðskiptavinir Rúmgotts eiga við að etja. Hins vegar ætti enginn að vera hræddur við að velja ranga dýnu því boðið er upp á mánaðar skiptirétt. „Við erum með svo fjölbreytt úrval af dýnum að við finnum alltaf lausn fyrir hvern og einn."



**Nafn**: Royal, stillanlegt rafmagnsrúm.
**Stærð**: 160 x 200 cm.
**Gerð**: Þýsk hágæða rúm með sérvöldum dýnum.



**Nafn**: Dream rúm.
**Stærð**: 180 x 200 cm.
**Gerð**: Íslenskar hágæða springdýnur.
**Áklæði**: Tau eða leðurlíki.



Bjóðum uppá rúmstæði og náttborð í miklu úrvali.

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski á fiskveiðiárinu 2009/2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra auglýsir eftir umsóknum um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski, sbr. reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.

Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 15. september 2009.

Umsóknum skal skila til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík og einnig skal senda umsóknir með rafrænum hætti á netfangið postur@slr.stjr.is

Umsóknir skulu merktar sem „Þorskeldiskvóti".

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2009.*

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt hefjast hjá Námsmatsstofnun 30. nóvember næstkomandi fyrir þá sem hafa skráð sig í próf fyrir 10. nóvember. Þeir sem skrá sig eftir þann tíma eiga kost á því að taka próf vorið 2010. Prófin verða haldin í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins ef næg þátttaka fæst.

Skráning í prófin hefst 15. september nk. og fer hún fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um hvar prófin fara fram, sýnishorn af verkefnum og prófkröfur. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
2. september 2009

Skipulags stofnun

### Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ. (Vatnsskarðsnáma). Mat á umhverfisáhrifum

**- Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að mestu umhverfisáhrif efnistökunnar úr Háuhnúkum verði sjónræn sem og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Sjónræn áhrif verði talsvert til verulega neikvæð og áhrif á landslag og jarðmyndanir talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, loftgæði, grunn- og neysluvatn, hljóðvist, umferðaröryggi og fornleifar verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur að staðbundin áhrif á gróður verði verulega neikvæð í ljósi þess að jarðvegi verður rutt af efnistökusvæðinu og töluverð óvissa er um hvernig landnám og framvinda náttúrulegs gróðurs mun ganga að frágangi loknum. Á framkvæmdasvæðinu er hins vegar hvorki um stór samfelld jarðvegssvæði né sjaldgæfar tegundir að ræða og áhrifin á svæðisvísu því ekki veruleg. Bent er á að haft verði samráð við Grindavíkurbæ, Umhverfisstofnun og stjórn Reykjanesfólkvangs um landmótun og uppgræðslu við frágang svæðisins.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Alexanders Ólafssonar ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Skipulagsstofnun**

## Atvinnuhúsnæði



### ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU

**Byggingarár 2005 - Stærð húsnæðis 3530 fm. Lóð 20000 fm.**
**Einstök staðsetning við eina af stærstu umferðaræðum landsins.**
**Húsnæðið hentar vel undir fjölbreytta atvinnustarfsemi.**
**Fjöldi bílastæða og fagurt umhverfi.**
**Stórar innkeyrsludyr, bjart og rúmgott sýningarrými.**

**Upplýsingar veitir Magnús Pálmi Skúlason hjá Lögskipti, sími 527 3000.**



**Góð lofthæð og skrifstofurými að hluta til á 2 hæðum.**

## Atvinna

### STARFSFÓLK ÓSKAST

Reykjavík Backpackers

Leitum að hressum og duglegum aðilum til starfa í móttöku og við þrif.
**Áhugasamir hafi samband við Valda í síma 663-4521.**

FISKVERK

### Vilt þú vera með okkur í liði?

**Fiskverk óskar eftir**
**BAADERMANNI.**
**Miklir tekjumöguleikar!**

*Samstarf . Gæði . Áreiðanleiki . Afköst*

**Nánari upplýsingar veitir Stefán P. Jones**
**S: 5771522 • stefan@icelandicfresh.is**

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

### Hörðukór 1 - íbúð 903 - 203 kópavogur




OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 17:30 Í HÖRÐUKÓR 1, ÍBÚÐ 903 (Svanþór 698-8555)

Einstaklega vönduð 3ja herbergja 97,7 fm íbúð á 9. hæð við Hörðukór 1 í Kópavogi með glæsilegu útsýni. Stæði í bílakjallara fylgir. Frágangur í íbúðinni er sérstaklega góður, innréttingar eru úr kirsuberjavið. Svalirnar eru yfirbyggðar og nýtast þær vel sem sólstofa. **Eignin er laus til afhendingar! Lækkað verð! V 25,9 m. 4616**

### Hjallavegur 6 - 104 Reykjavík




OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 18:00 TIL 18:30 VIÐ HJALLAVEG 6 (Svanþór 698-8555)

71,2 fm, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 19,4 fm bílskúr í 3ja hæða fjölbýli við Hjallaveg 6 í Reykjavík. **Eignin er laus til afhendingar! V. 19,9 m. 4578**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 18-19

### Stigahlíð 4 – 105 Reykjavík.




Mjög skemmtileg 113,1fm 4-5 herbergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Vestursvalir. Eignin skiptist í forstofu, gang, 3-4 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og sér geymslu í kjallara. Sam.þvotta og þurrkherbergi auk hjólageymslu í kjallara. Nýstandsett eldhús, parket ofl. V-26,9millj. (6103)

**Leifur Aðalsteinsson sölumaður gsm: 820-8100 verður á staðnum.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

;ALLT HELGIN

FARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • TAKMARKAÐ MAGN • FRÁBÆRT ÚRVAL!
VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • HLJÓÐNEMAR • MARGMIÐLUNARSPI
UKAHLUTIR • KAPLAR • STÝRIPINNAR • KÆLINGAR • MÚSAM
• FARTÖLVUTÖSKUR • MINNISKORT • SKANNAR • HEYRN
• MP3 • SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYND
ETBÚNAÐUR • PRENTARAR • VIFTUR • HÁ
MÓÐURBORÐ • SKJÁKORT • FLAK
• TURNKASSAR • LYKLAB
PAPPÍR • HARÐIR D
• FARTÖLV
• M

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



**WD 1TB HARÐDISK FLAKKARI**

**WD Elements**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**17.990**



**124.990**

**TOSHIBA FARTÖLVA**

**Toshiba Satellite Pro A300-1EA**
2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA diskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA skjár • Intel GMA X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/b/g og Bluetooth 2.0 netkort • Windows Vista Business ásamt XP Pro



**79.990**

**TOSHIBA FARTÖLVA**

**Toshiba L300-25L**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA skjár • Intel GMA X4500 skjákort • Windows Vista Home Basic



**29.990**

**22" LCD**

**acer**

**Acer V223WBD LCD**
22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 punkta upplausn, 2500:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.



**msi SKJÁKORT**

**MSI GeForce N250GTS-2D512-OC**
512MB skjákort. 2200MHz GDDR3 minni, 738MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI, VIVO ofl.

**23.990**

## VERÐDÆMI

**ACER ASPIRE** 5738Z-424G32MN **FARTÖLVA - 109.990**
**TOSHIBA SATELLITE** PRO A300-1EA **FARTÖLVA - 124.990**
**TOSHIBA PORTÉGÉ** M800-11D **13.3" FARTÖLVA - 139.990**
**23.6" ACER** V243HQBD 5MS TFT **LCD SKJÁR - 43.990**
**ICY BOX** MP3010HW **ÞRÁÐL. TV FLAKKARI** M/UPPTÖKU **- 31.990**
**19" ACER** P194W 5MS CB **LCD SKJÁR** SVARTUR **- 26.990**
**LOGITECH** MEDIA 600 **LYKLABORÐ** MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM **- 3.990**
**CORSAIR 4GB** USB2 **MINNISLYKILL** MINI **- 3.990**
**SPEED LINK** SILVER LIGHTNING **STÝRI - 3.490**
**LOGITECH** DIALOG 320 DESKTOP **HLJÓÐNEMI - 1.290**
**512MB** DDR2 667MHZ **FARTÖLVUMINNI - 590**

## FRÁBÆRT ÚRVAL

**MÓÐURBORÐ - VERÐ FRÁ 2.990**
**NETBÚNAÐUR - ALLT AÐ 75% AFSL.**
**HEYRNATÓL - ALLT AÐ 70% AFSL.**
**DVD SKRIFARAR - VERÐ FRÁ 2.990**
**FARTÖLVUTÖSKUR - AÐ 70% AFSL.**
**TURNKASSAR - ALLT AÐ 40% AFSL.**
**MÚSAMOTTUR - VERÐ FRÁ 190**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |






NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Bedtime Stories

Fátt er jafn fyndið og eiga samtal um kvikmyndir við foreldra sína. Þegar árin taka að færast yfir lenda þeir nefnilega í því að nöfn fara að þvælast fyrir þeim. Enda ekkert skrýtið, hversu margar myndir ætli mamma og pabbi hafi séð um ævina? Hversu mörg nöfn á leikurum, leikkonum og leikstjórum ætli hafi runnið yfir hvíta tjaldið í gegnum árin? Engu síður er maður ekki svona hugulsamur þegar samtalið fer fram og maður gleymir þessum staðreyndum jafnharðan. Grínið fær þess í stað að leika lausum hala.

Þannig átti ég mjög skemmtilegt spjall við móður mína um kvikmyndina Bedtime Stories. Sem henni fannst nokkuð skemmtileg. Og þá sérstaklega aðalleikarinn. „Sem heitir, æi, hann lék þarna í myndinni…“



Nú er ekki nema von að lesendur blaðsins standi á gati og séu engu nær um hver leikarinn er. Áfram heldur leikurinn. „Hann er ekkert sérstaklega fríður, rosalega þekktur og brosir lítið.“ Er einhver kominn með svarið? Áfram með smjerið. „Hann lék á móti De Niro þar sem hann var vondi tengdapabbinn.“ Aha, svarið var komið: „Ben Stiller?“. Þögn. „Nei, þetta er ekki Ben Stiller, en þeir eru svolítið líkir. Þessi lék ekkert í þeirri mynd. Held að hann byrji á A.“ Og svo var símtalinu slitið eftir kvikindislegan hlátur erfingjans.

Fyrir þá sem eru að deyja úr spenningi og vilja endilega vita hvaða gamanleikari þetta er, sem er frekar ófríður og brosir helst til aldrei og svolítið líkur Ben Stiller þá er þetta Adam Sandler.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Útsölulok

# 30-70%

**AFSLÁTTUR**

**Allar**
pottaplöntur
**30-70%**
AFSLÁTTUR



Öll afskorin blóm
**20%**
AFSLÁTTUR



**Erikurnar eru komnar!**
**3 stk** að eigin vali
**1199**kr



**Hluti af andvirði hverrar ERIKU**
rennur til Göngum saman sem hefur það markmiði að styrkja grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini.

Göngum saman



Gjafavara
Styttur, box, myndir, rammar, könnur, skraut, skreytingarefni og margt fleira
**30-70%**
AFSLÁTTUR

ALLAR VÖRUR
**30-50%**
AFSLÁTTUR

Soldis
Silkitré & silkiblóm

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**!** **Ath. kl. 17.30**
*Á 10 ára afmælisárinu býður Salurinn upp á tónleika sex fimmtudaga í röð undir heitinu „Íslenskt? Já takk“. Í dag fær Jónas Ingimundarson Auði Gunnarsdóttur í heimsókn. Dagskráin stendur yfir í tæpan klukkutíma og er opin öllum meðan húsrúm leyfir. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fjölradda söngur

Hér er nú staddur einn kunnasti kórstjórnandi heims, Simon Carrington, við þjálfun á kammerkórnum Schola Cantorum í Hallgrímskirkju. Carrington var einn af upphafsmönnum sönghópsins King's Singers sem naut mikillar velgengni í áraraðir og starfar reyndar enn. Hann er nú eftirsóttur stjórnandi og ráðgjafi á sviði kórtónlistar um allan heim.

Á sunnudaginn 6. september stjórnar hann flutningi kórsins á verkum eftir John Taverner og James MacMillan, en þeir eru fulltrúar þess elsta og nýjasta í sögu fjölraddaðs söngs. Verkin sem Carrington hefur valið til flutnings eru „The Western Wind Mass“ eftir Taverner (1490-1545) og sex svokallaðar Strathclyde-mótettur eftir MacMillan (1959). MacMillan hefur slegið í gegn með tónsmíðum sínum undanfarin ár, en tónlist hans nýtur mikillar viðurkenningar og hefur hrifið áheyrendur um allan heim.

Mótettur MacMillans, sem Schola Cantorum flytur undir stjórn Carringtons, eru samdar árið 2008 og gera ýtrustu kröfur til söngvaranna, sem eru aðeins sextán talsins.

Carrington stjórnar nú í fyrsta sinn á Íslandi, en kom hér fram með King's Singers fyrir margt löngu.

Tónleikar Schola Cantorum eru á dagskrá Listvinafélags Hallgrímskirkju og hefjast klukkan 17.00 í Hallgrímskirkju sunnudaginn 6. september.



**TÓNLIST** Schola Cantorum – kammerkór Hallgrímskirkju. MYND/LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

**>Ekki missa af**

Fyrstu tónleikum **Sinfó** með þeim Ashkenazy-feðgum. Vladimir stjórnar og Vovka er einleikari. Þeir flytja **Wanderer-fantasíu** Schuberts í útsetningu Lizts. Á efnisskrá tónleikanna er einnig Manfreð-sinfónían eftir Tsjajkovskíj.

Tónleikarnir eru annað kvöld og verða sendir út beint á Rás 1.



**LEIKLIST** Bjartur, Heiðar, Hannes Óli og Árni Pétur við æfingar í sumarblíðunni FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

## Leikið undir súð

**LEIKLIST**
**Rándýr**
Höfundur: Simon Boven
Leikstjóri: Heiðar Sumarliðason
★★★
Athyglisverð sýning á þröngu sviði

Sex ára gamalt drama um frústrasjónir ensku millistéttarinnar er viðfangsefni Heiðars Sumarliðasonar leikstjóra. Hann setur verkið á svið undir súð í Batteríinu, heldur lítið spennandi og þröngu rými við Hafnarstræti, og fær í lið með sér ósamstæðan hóp leikara.

Það er fyrst hrós í umfjöllun um sýninguna að sviðsetning hennar tekst prýðilega, hópurinn nær vel saman, flutningurinn er yfirleitt góður þótt textaframburður sé á köflum óskýr í látlausum og frekar natúralískum leikstíl – sjónvarpsleik kalla sumir eldri leikarar þetta.

Á frummálinu heitir verkið Free – Rándýr er umsnúið heiti og fullyrðingasamt meðan upphaflegt heiti er íronískt. Heiðari hefur þótt efnið ríma við íslenskt umhverfi; átta persónur eru að leita hamingjunnar og lenda allar á villigötum, týnast, farast, í samkeppnis- og neyslusamfélagi. Þræðirnir átta vindast saman á hugvitsamlegan hátt og hægt og rólega gerir áhorfandinn sér ljóst samhengið.

Sumt af þessu unga fólki hefur maður séð áður, aðra ekki: Anna Svava var býsna nærri persónu sem hún lék í Földu fylgi; Árni Pétur var elstur leikaranna og skilaði vel afluktum manni sem hefur týnt glóð róttækni og er bara týra. Bjarni Snæbjörnsson var eftirtektarverður sem forfallinn pokatúristi á endalausum flótta. Magnús Guðmundsson erkitýpískur uppi og Tinna Gunnarsdóttir af sama sauðahúsi.

Þeir sem mér þóttu mest spennandi voru skólafélagarnir Hannes Óli og Bjartur Guðmundsson, en þeim hefur báðum farið mikið fram og eru hvor á sinn hátt efnilegir. Þá var Hjörtur Jóhann Jónsson einkar athyglisverður en hann er enn við nám.

Þetta er semsagt ágætlega heppnað, sett upp af smekkvísi og verður að taka ríkt tillit til þess hversu mikið rassagt þetta húsnæði er.

Þeir sem hafa áhuga ættu að skella sér: það er sýning á laugardag og svo frameftir haustinu.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Lokal-hátíðin hefst í dag

**Það er um margt dæmigert að alþjóðlega leiklistarhátíðin Lokal skuli hefja dagskrá sína í kvöld með maraþonsýningum Áhugaleikhúss atvinnuleikara.**



**LEIKLIST** Fishamble-New Play Company frá Dyflinni fagnaði tuttugu ára starfsafmæli í fyrra og er eitt öflugasta sjálfstæða leikhús á Írlandi. Það sýnir verkið Gleymt á laugardag og sunnudag í Batteríinu. MYND/LOKAL/FISHAMBLE

Þríleikurinn sem Árni Pétur Guðjónsson og fleiri standa að er um margt einkennandi fyrir stöðuna í íslensku leikhúslífi, þótt síðar á hátíðinni komi fram á dagskránni tilraunakennd verk stóru leikhúsanna: Utan gátta, Dauðasyndirnar og Þú ert hér. Atvinnuleikarar setja saman sýningar í tómstundum og leika kauplaust.

Þá hefur erlendum gestasýningum fækkað en hátíðin virðist vera orðin einhvers konar gluggi fyrir það sem þykir nýstárlegast í leikhúslífi frá fyrri vetri. Aðstandendur gera ljósa grein fyrir því að styrkjastoðirnar sem hleyptu hátíðinni af stað fyrir ári eru nú hrundar. Leikhúsin – stóru – hlaupa til og leggja til sýningar – og Þjóðleikhúsið húsnæði.

Hátíðin er ekki eina leiklistarhátíðin hérlendis; Act Alone og nú Artfart eru báðar á jaðri áhugamennsku og atvinnumennsku. Reyndar eru mörkin öll í þessum geira að riðlast: hlutar af Sequences og Reykjavík Dance Festival eru á mörkunum.

Er Lokal var haldin í fyrsta sinn í mars var athyglinni beint að nokkrum atvinnuleikhópum sem hafa verið í fararbroddi í nýsköpun í leiklist í Evrópu og í Bandaríkjunum. Í ár verður lögð áhersla á að sýna metnaðarfullar íslenskar leiksýningar frá liðnum vetri: LR býður upp á Dauðasyndirnar á laugardag, Þú ert hér á tveimur sýningum á laugardagskvöld; Þjóðleikhúsið sýnir Utangátta á föstudagskvöld, Ég og vinir mínir sýna Húmanímal í Hafnarfirði á laugardagseftirmiðdag, og fyrrnefndur þríleikur Áhugaleikhúss atvinnumanna sýnir þríleikinn sinn á föstudagskvöld í gömlu Landssmiðjunni (LHÍ) og í Nýlistasafninu: Ódauðlegt verk um stríð og frið er nýtt en eldri eru Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna og Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi.

Þá verða einnig sýnd þrjú útskriftarverkefni nemenda í Fræði og framkvæmd frá síðastliðnu vori; þeirra Leifs Þorvaldssonar, Ástbjargar Rutar Jónsdóttur og Hlyns Páls Pálssonar.

Erlendir gestir hátíðarinnar koma frá Dublin: Forgotten eftir Pat Kinevane í leikstjórn Jim Culleton, en leikhúsið hefur ferðast með þessa sýningu um Evrópu og til Bandaríkjanna og hlotið frábærar viðtökur áhorfenda. Fishamble-New Play Company frá Dyflinni fagnaði tuttugu ára starfsafmæli í fyrra og er eitt öflugasta sjálfstæða leikhús á Írlandi. Leikhúsið leggur höfuðáherslu á að þróa og setja á svið ný írsk leikrit. Það hefur frumsýnt 72 írsk leikrit og er eini leikhópurinn á Írlandi sem helgar sig alfarið nýrri leikritun.

Þetta hrífandi verk Pats Kinevane fjallar um fjóra vistmenn sem búa á elli- og hjúkrunarheimilum á Írlandi. Árið 1943 var undarlegt ár í lífi þeirra allra og sneri tilveru þeirra á hvolf. Leikritið byggir í senn á írskri frásagnarhefð og fornum aðferðum hins japanska kabukileikhúss og hefur víða verið sýnt undanfarin misseri, meðal annars á Bretlandseyjum, í París og í New York.

Pat Kinevane er leikari og leikskáld. Hann á að baki sautján ára feril í leikhúsi, í kvikmyndum, sjónvarpi og í útvarpi. Verkið er sýnt í Batteríinu laugardaginn 5. september klukkan 19 og sunnudaginn 6. september klukkan 20.

Eitt af markmiðum aðstandenda Lókal að þessu sinni er að fá til landsins listræna stjórnendur leiklistarhátíða vestan hafs og austan til þess að kynna þeim íslenskt leikhús. Útsendarar frá mörgum af virtustu leiklistarhátíðum hafa boðað komu sína, meðal annars frá Wiener Festwochen, Dublin Theatre Festival og listahátíðinni Transamerica í Montreal.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar www.lokal.is. en hún er á ensku.

**pbb@frettabladid.is**




# Biblíumatur

## í Neskirkju

*Jesús var veislumaður, en hvers konar mat borðaði hann? Hverjar eru matarhefðir Biblíunnar?*

Næstu föstudagshádegi verður í Neskirkju eldaður biblíumatur. 4. september verður Hátíðarverður Heródesar. Kynning kl. 12.

**Allir velkomnir.**

**Neskirkja.is**


# Heilsugæsla að austan

Á morgun kl. 17 opna Libia Castro og Ólafur Ólafsson sýningu í Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Sýning þeirra dettur ofan í Ljósanótt sem verður suður frá um helgina og er mikið fjör og mikið gaman. Sýning þeirra er annars eðlis: Þau munu sýna myndbandsverkið Caregivers (2008) sem þau unnu fyrir Evrópu tvíæringinn Manifesta 7 sem haldinn var í héraðinu Trentino á Norður-Ítalíu á síðasta ári.

Myndbandið sem tekið er í Trentino, dregur upp mynd af tveimur konum, innflytjendum frá Rúmeníu og Úkraínu, sem fluttust til Ítalíu til að vinna við umönnun aldraðra í heimahúsum. Í myndbandinu blandast saman heimildarmyndaog tónlistarmyndbandagerð, blaðamennska og klassísk samtímatónlist. Tónlistin í verkinu, sem samin er við blaðagrein er fjallar um sama viðfangsefni, er samin af Karólínu Eiríksdóttur og flutt af Ingibjörgu Guðjónsdóttur sópransöngkonu, Matthíasi Nardeau óbóleikara og Kvennakór Garðabæjar.



**MYNDLIST** Ólafur Ólafsson og Libia Castro. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL.

Libia og Ólafur hafa sýnt víða erlendis og á Íslandi síðan samstarf þeirra hófst fyrir tólf árum. Auk þátttöku þeirra í Manifesta 7 má nefna sýninguna „Allir gera það sem þeir geta“ í Hafnarhúsinu á síðasta ári, en hún var merkileg tilraun til að nema og skrá það sem á gekk á hápunkti góðærisins og verður gaman að sjá úrvinnslu hennar á sama stað við gott tækifæri.

Þá voru þau tilnefnd til hinna virtu hollensku Prix de Rome verðlauna 2009 og hlutu þau þriðju verðlaun fyrir verkið „Lobbyists“. Caregivers hefur meðal annars verið sýnt í Zacheta National Gallery of Art í Varsjá, á Cuvée-tvíæringnum í OK Center for Contemporary Art í Linz, í David Roberts Arts Foundation Fitzrovia í London og á einkasýningu listamannanna í Galerie Opdahl í Berlín.

Sýningin mun standa til 11. október. Suðsuðvestur er til húsa að Hafnargötu 22, Reykjanesbæ. Opnunartími: laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00-17.00 og eftir samkomulagi í síma 662 8785.

**- pbb**




Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is



JAY Z - RAPPARI



SIGRÍÐUR THORLACIUS

## > Í SPILARANUM

**Jay-Z** - The Blueprint 3
**Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar** - Á Ljúflingshól
**Baggalútur** - Sólskinið í Dakóta
**Helgi Valur** - The Black Man Is God, the White Man Is the Devil

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Gammar í tónleikaferð

Ofurgrúppa Daves Grohl úr Foo Fighters, Them Crooked Vultures, er á leiðinni í tónleikaferð til Bandaríkjanna, Kanada og Bretlands síðar á árinu. Fyrstu tónleikarnir verða í Austin í Texas 1. október en þeir síðustu í London 17. desember. Alls verða tónleikarnir fjórtán og eru farnir til að kynna fyrstu plötu sveitarinnar, Never Deserved the Future, sem kemur hugsanlega út í október.

Auk Grohl skipa sveitina Josh Homme, söngvari og gítarleikari Queens of the Stone Age, og John Paul Jones, bassaleikari hinnar goðsagnakenndu Led Zeppelin. Alain Johannes úr Queens of the Stone Age spilar einnig með á tónleikum. Fyrstu tónleikar Hrægammanna voru í Chicago í ágúst. Eftir það hituðu þeir upp fyrir Arctic Monkeys á tónleikum í London og stigu svo óvænt á svið á Reading- og Leeds-hátíðunum um síðustu helgi við frábærar undirtektir.



**DAVE GROHL** Ofurgrúppa Dave Grohl fer í tónleikaferð um Bretland í desember.

# Sex spila í Norðrinu

**Tónleikahelgin Norðrið verður haldin á Sódómu Reykjavík um helgina. Á föstudeginum koma fram Cosmic Call, Vicky og Mammút og kvöldið eftir stíga á svið Lydia Grétarsdóttir, Klive og Kira Kira. Mammút hefur þegar spilað í Þýskalandi í tengslum við Norðrið, sem er ætlað að kynna íslenska tónlist þar í landi. Með verkefninu er byggt á því sem þegar hefur áunnist með þátttöku íslenskra tónlistarmanna á Popkomm í Berlín, sem er ein af stærri tónlistarkaupstefnum í Evrópu. Klive og Kira Kira munu síðan fljótlega fylgja í fótspor Mammúts og spila í Þýskalandi.**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Airwaves 2009 tekur á sig mynd*

Þessa dagana er miðasala að hefjast á Iceland Airwaves-hátíðina 2009 sem fram fer dagana 14.-18. október. Endanlegur listi yfir þá sem fram koma er ekki tilbúinn, en ef við tökum mið af þeim listamönnum sem þegar hafa staðfest þátttöku verður hátíðin í ár heldur minni í sniðum en undanfarin ár. Sérstaklega eru erlendu nöfnin minna þekkt, en við því mátti auðvitað búast. Það er erfiðara að fá fjármagn í dag og svo fást helmingi færri dollarar og evrur fyrir hverja krónu í dag en fyrir tuttugu mánuðum þegar Airwaves 2008 var á teikniborðinu.



**FÆRRI STÓR NÖFN** Micachu & The Shapes eru á meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2009.

Hátíðin lítur samt vel út. Eins og vanalega spila allar helstu innlendu sveitirnar á henni og erlendu nöfnin lofa mörg góðu þó að þau séu ekki orðin heimsþekkt. Undanfarin ár hafa það einmitt oft verið litlu erlendu nöfnin og íslensku listamennirnir sem hafa gert mesta lukku á Airwaves. Á vefsíðunni icelandairwaves.is er hægt að skoða lista yfir þá listamenn sem hafa þegar boðað komu sína og þó að ég hafi ekki tékkað á þeim öllum get ég mælt með þessum fjórum:

MICACHU & THE SHAPES. Micachu er listamannsnafn hinnar 22ja ára gömlu Micu Levi, sem er eitt heitasta nafnið í ensku tónlistarlífi í dag. Hún fékk klassískt tónlistaruppeldi og í dag semur hún, syngur og spilar á hljóðfæri. Fyrsta stóra platan hennar, Jewellery, kom út hjá Rough Trade í vor og er ein af skemmtilegustu plötum ársins 2009. Tilraunakennt og hugmyndaríkt popp.

CASIOKIDS. Fín norsk rafpoppsveit sem er að gera það gott í Bretlandi og víðar.

ALASKA IN WINTER. Þýsk-amerísk sveit Brandon Bethancourt, sem er vinur Zach Condon úr hljómsveitinni Beirut. Rafskotna indípoppið hans svíkur engan.

THECOCKNBULLKID. Listamannsnafn Anitu Blay. Hún er ættuð frá Gana, en býr í London. Hún spilar nútímalegt popp og hefur verið líkt við Santigold.








**BÍTLARNIR** Fjórtán endurhljóðblandaðar Bítlaplötur verða gefnar út næsta miðvikudag og bíða margir spenntir eftir þeim.

# Löngu tímabær Bítlaútgáfa

**Bítlarnir eru á allra vörum um þessar mundir, bæði vegna nýs tölvuleiks og vegna þess að fjórtán plötur þeirra eru að koma út í endurhljóðblönduðum útgáfum.**

Á sama tíma og nýjar endurhljóðblandaðar útgáfur virðast koma út með sama flytjanda á nokkurra ára fresti hefur varla verið hreyft við Bítlaplötunum í 22 ár, eða síðan Capitol/EMI gaf gömlu vínylplöturnar út á geisladiskum í fyrsta sinn. Mörgum Bítlaaðdáendum þótti hljómurinn á diskunum ekki komast nálægt vínylplötunum í gæðum og allar götur síðan hefur eftirspurnin aukist jafnt og þétt eftir vönduðum útgáfum sem hæfa þeirri frábæru hljómsveit sem Bítlarnir sannarlega voru.

Hópur sérfræðinga í Abbey Road-hljóðverinu í London, öðru heimili Bítlanna, eyddi fjórum árum í endurhljóðblöndun platnanna með aðstoð nýjustu tækni og vísinda. Á sama tíma pössuðu þeir sig á því að halda í þá töfra sem upphaflegu upptökurnar bjuggu yfir.

Endurútgáfurnar, sem koma út næsta miðvikudag, samanstanda af öllum tólf hljóðversplötum Bítlanna, Magical Mystery Tour-plötunni og safnplötunum Past Masters Vol I. og II., sem verður komið fyrir á einum disk. Öllum fjórtán útgáfunum fylgir DVD-mynddiskur með heimildarmyndum um gerð þeirra, auk veigamikils umslags með hinum ýmsu upplýsingum. Einnig verður gefið út boxið The Beatles in Mono sem samanstendur af tíu Bítlaplötum sem voru hljóðblandaðar í monoútgáfu.

Á miðvikudag kemur einnig út tölvuleikurinn The Beatles: Rock Band sem er ætlað að ná til yngri Bítlaaðdáenda. Leikurinn er sá þriðji í Rock Band-seríunni en áður hafa komið út Rock Band I og II. Í leiknum geta fjórir þátttakendur spilað samtímis eins og hljómsveit með aðstoð „hljóðfæra“ og hljóðnema. Einnig geta þeir raddað rétt eins og Bítlarnir voru þekktir fyrir. Í leiknum eru 45 lög frá öllum ferli sveitarinnar auk þess sem Bítlarnir sjálfir sjást spila lögin með aðstoð sýndarveruleika.

Leikurinn var gerður með samþykki og aðstoð Apple Corps, fyrirtækis Bítlanna, þar á meðal þeirra Pauls McCartney og Ringos Starr. Að auki tók Dhani, sonur George Harrison, þátt í gerð leikjarins og einnig Giles Martin, sonur upptökustjóra Bítlanna, George Martin.

**Bítlaplöturnar fjórtán:**

- Please Please Me
- With the Beatles
- A Hard Day's Night
- Beatles for Sale
- Help!
- Rubber Soul
- Revolver
- Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band
- Magical Mystery Tour
- The Beatles (The White Album)
- Abbey Road
- Let It Be
- Past Masters
- Yellow Submarine

# Fyrsti rapptrúbador heimsins

Helgi Valur, sem er að eigin sögn fyrsti rapptrúbador heimsins, heldur útgáfutónleika á Prikinu í kvöld til að fagna plötu sinni The Black Man Is God, the White Man Is the Devil.

Fjögur ár eru liðin síðan fyrsta sólóplata hans, Demise of Faith, kom út. Hún var angurvær trúbadoraplata í anda Damiens Rice en á nýju plötunni syngur Helgi lög eftir 2Pac Shakur, Snoop Dogg og fleiri rappara með aðstoð kassagítarsins. „Ég er mjög hrifinn af svartri tónlist, hún hefur haft mest áhrif á mig. Jimi Hendrix, Tupac og allt Motown-dótið,“ segir Helgi.

Með plötunni vill hann benda á menningarlega yfirburði þeldökks fólks og að einsleitni íslensks samfélags án erlendra áhrifa sé ekki af hinu góða. Sú staðreynd að hvítur trúbador syngi bófarapp og hafi þessar skoðanir hefur ekki fallið alls staðar í kramið. „Bróðir minn reyndi mikið að fá mig til að hætta við að gefa plötuna út og svo er fólk í Suðurríkjunum sem er á móti þessu. Ég hef fengið haturspóst á Myspace þar sem það kallar mig „race traitor“. Mér finnst bara fyndið að fólk taki þessu svona alvarlega,“ segir hann. „Eins og með allt gott eru skiptar skoðanir á hlutunum.“



**HELGI VALUR** Rapptrúbadorinn hefur gefið út plötuna The Black Man Is God, the White Man Is the Devil.

Helgi segist hafa skemmt sér vel við gerð plötunnar og lítur á hana sem aðstoð við þeldökkt fólk sem hefur orðið fyrir aðkasti. „Ég ætla að reyna að verða „The white negro“ eins og Allen Ginsberg talaði um.“

Útgáfutónleikarnir, sem hefjast klukkan 21, verða teknir upp á myndband og gefnir út á Youtube. Erpur Eyvindarson hitar upp og aðgangseyrir er ókeypis fyrir þeldökka. Aðrir borga 1.000 krónur inn. - fb


SLEPPTU
ÞÉR Í RÆKTINNI
NIKEWOMEN
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

## > BARTON LÉLEGUST

Á vefsíðu Empire er að finna skemmtilegan lista yfir leikarana sem þykja hafa versta hreiminn. Þar er OC-leikkonan **Mischa Barton** í efsta sæti fyrir hreim sinn í St. Trinian's en fast á hæla hennar koma Heather Graham í From Hell og Don Cheadle í Ocean's 13.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Downey í stríð við geimverur

Leikstjórinn Jon Favreau hefur samþykkt, samkvæmt kvikmyndabiblíunni Variety, að leikstýra kvikmyndinni Kúrekar og geimverur eða Cowboys and Aliens. Þeir sem halda að myndin fjalli um kúreka sem eigi í stríði við indjána þar til geimverur lenda á miðri sléttunni í Arizona og gefa stríðinu nýja vídd hafa bara nokkuð rétt fyrir sér. Myndin er byggð á hasarmyndasögu eftir Fred Van Lente og Andrew Foley sem kom út fyrir þremur árum og hefur notið töluverðra vinsælda meðal hasarmyndasagnanörda.

Þetta verður allt athyglisverðara í ljósi þess að Robert Downey Jr. mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið, því þá er kominn vísir að nýju tvíeyki í Hollywood. Hefð hefur verið fyrir nánu sambandi leikstjóra og leikara og nægir þar að nefna De Niro og Scorsese, Ridley Scott og Russell Crowe og svona mætti lengi telja. Favreau og Downey eru mennirnir á bak við Iron Man-myndirnar en númer tvö verður frumsýnd næsta sumar. Fyrsta myndin sló í gegn í miðasölu enda fór Downey á kostum í hlutverki Tony Starks, hins drykkfellda og lausgirta uppfinningamanns, sem fær óvænt tækifæri til að bjarga heiminum í járngallanum sínum.



**NÝTT PAR** Robert Downey Jr. og Jon Favreau eru hugsanlega nýtt par í kvikmyndaheiminum, en þeir ætla að gera kvikmynd um stríð kúreka og geimvera.



**BJÓÐA ALLA VELKOMNA** Sandra, Natasha og Ragna Þyrí kynna hiphop-dansa í Kramhúsinu á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Dans fyrir alla í Kramhúsinu

„Við ætlum að kynna þá dansstíla sem við verðum að kenna í Kramhúsinu í vetur. Fólki er boðið að koma og læra nokkur spor hjá hverjum kennara og svo verður opið dansgólf að kennslu lokinni," segir Sandra Erlingsdóttir, danskennari hjá Kramhúsinu. Sandra, ásamt Natöshu og Rögnu Þyrí, standa að „Street dans jam session" þar sem fólki gefst tækifæri á að prófa dansa á borð við hiphop, krump, break dans og locking.

Sandra segir að dansinn veiti fólki útrás jafnt sem góða og holla hreyfingu. „Maður fær svo mikla útrás við að dansa. Dansinn gefur manni einnig aukið sjálfstraust og svo er þetta bara svo gaman." Aðspurð segir Sandra að fólk þurfi ekki að hafa sérstakan áhuga á rapptónlist til þess að hafa gaman af hiphop-dönsum.

„Þetta er kjörið tækifæri fyrir fólk til að koma og prófa mismunandi dansstíla og allir eru velkomnir, bæði börn og fullorðnir," segir Sandra.

Kennslan hefst klukkan 17 í Kramhúsinu nú á föstudag. - sm






# Alvöru íslenskt blóðbað

**Kvikmyndagerðarmennirnir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp hafa í gegnum fyrirtæki sitt, Kvikmyndafélag Íslands, verið óhræddir við að gera eilítið öðruvísi íslenskar kvikmyndir. Í kvöld brjóta þeir enn eitt blaðið og frumsýna spennutryllinn Reykjavík Whale Watching Massacre.**



### NÝTT OG ÍSLENSKT

R.W.W.M er ein fyrsta íslenska spennuhrollvekjan en hún verður frumsýnd í kvöld. Myndin er jafnframt fyrsta kvikmynd **Júlíusar Kemp** í leikstjórastólnum í ein tólf ár.

### KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS

**Veggfóður (1992)**
Leikstjóri: Júlíus Kemp
**Blossi/810551 (1997)**
Leikstjóri: Júlíus Kemp
**Íslenski draumurinn (2000)**
Leikstjóri: Róbert Douglas
**101 Reykjavík**
Leikstjóri: Baltasar Kormákur
**Maður eins og ég (2002)**
Leikstjóri: Róbert Douglas
**Strákarnir okkar (2005)**
Leikstjóri: Róbert Douglas
**Den Brysomme Mannen (2006)**
**Astrópía (2007)**
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
**Mannerheim (2010)**
Leikstjóri: Renny Harlin

(AF HEIMASÍÐUNNI KISI.IS)

R.W.W.M., eins og hún er oftast kölluð, er spennutryllir í anda þeirra mynda sem hafa flætt yfir Ísland frá hinni stóru Ameríku undanfarin ár og hrætt hafa líftóruna úr fjölda fólks. Myndin segir, eins og nafnið gefur til kynna, frá hvalskoðunarferð sem fer úrskeiðis þegar fjölskylda ein kemur um borð í hvalveiðiskip með hóp túrista og hefur fátt annað í huga en að hleypa öllu í bál og brand með tilheyrandi blóðsúthellingum. Handrit myndarinnar er eftir Sjón en með helstu hlutverk fara fyrrverandi leðurfésið Gunnar Hansen, Helgi Björnsson, Stefán Jónsson og Guðrún Gísladóttir auk Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar.

Leikstjórinn Júlíus Kemp braust fram á sjónarsviðið sem kvikmyndaleikstjóri með Veggfóður – erótísk ástarsaga. Hún þótti nokkuð djörf, heitar ástarsenur og ný sýn á reykvískt næturlíf heilluðu ungu kynslóðina upp úr skónum og ekki skemmdi fyrir að tónlist myndarinnar naut mikilla vinsælda hjá íslensku ungviði. Diskur með tónlist myndarinnar seldist eins og heitar lummur en þar mátti meðal annars finna lög með Pís of keik þar sem aðalleikkonan Ingibjörg Stefánsdóttir söng en tónskáldið Máni Svavarsson stóð bak við hljóðgervla. Máni semur þessa dagana alla tónlist fyrir Latabæ og hefur hlotið mikið lof fyrir. Meðal annarra nafntogaðra listamanna sem komu við sögu í kvikmyndinni má nefna að Baltasar Kormákur þreytti þar frumraun sína á hvíta tjaldinu sem listamaðurinn Lass og Steinn Ármann Magnússon fór á kostum í hlutverki sveppatínslumannsins Sveppa. Að ógleymdum Ara Matthíassyni en honum þótti takast einstaklega vel upp í hlutverki hommans Ugga. Að ekki sé talað um Dóru Takefusa.

Menn voru því nokkuð spenntir að sjá hvað næsta kvikmynd Júlíusar hefði upp á að bjóða en það var framtíðarmyndin Blossi/810551 sem var frumsýnd fyrir tólf árum. Ekki er hægt að segja að íslenskir gagnrýnendur hafi tekið myndinni fagnandi og samkvæmt imdb.com fær Blossi 3,8 af 10. Meðal leikenda voru Páll Banine, Birna Dungal og Finnur Jóhannesson, sem öll hafa snúið sér að einhverju öðru en kvikmyndaleik. En Blossi var engu að síður nokkuð sem engum hafði dottið í hug að gera. Og það hefur kannski verið einkennismerki Kvikmyndafélags Íslands

Júlíus og Ingvar hafa haft það markmið að leiðarljósi að gera „skemmtilegar" myndir fyrir fólk í yngri kantinum. Myndir sem hefur oft sárlega vantað í íslensk kvikmyndahús þar sem lýsingarorðum á borð við „listræn", „ljóðræn" og „stórfengleg" er aðeins ýtt til hliðar. Nægir þar að nefna Íslenski draumurinn, Maður eins og ég og síðast en ekki síst ævintýramyndina Astrópía sem sló rækilega í gegn fyrir tveimur árum. R.W.W.M. virðist smellpassa í þann flokk ef marka má myndbrot og myndir úr henni. freyrgigja@frettabladid.is

# Bókaspjall í íslensku sendiráði

„Þetta er mikill heiður og afar ánægjulegt, enda maðurinn virtur mjög og afar skemmtilegur viðræðu," segir rithöfundurinn Friðrik Erlingsson. Móttaka var haldin í íslenska sendiráðinu í London í gær þar sem Friðrik og Lucy Cuthew hjá Meadowside-útgáfunni, sem gefur út bækur hans í Bretlandi, ræddu við breska fræðimanninn Nicholas Tucker, sem hefur skrifað greinar um barnabókahöfunda í dagblaðið The Independent. Spurði hann Friðrik og Lucy um verk hans, samstarf þeirra, þýðingar á bókum hans og fleira. Gestir voru einkum fólk úr breska útgáfubransanum.

Friðrik hefur undanfarið verið á upplestrarferðalagi um Bretland í boði útgefanda síns og samtakanna Outside-In, sem beina sjónum sínum að vönduðum erlendum barna- og unglingabókum sem hafa komið út á Bretlandseyjum. Um síðustu helgi var hann gestur á alþjóðlegu bókmenntahátíðinni í Edinborg. Þar var hann með vinnustofu og kynnti bækurnar Benjamín dúfu og Góða ferð, Sveinn Ólafsson. Einnig var hann með ritæfingar fyrir upprennandi höfunda. Á mánudagsmorgun las hann síðan upp úr Benjamín dúfu en bókahátíðin býður nokkrum rithöfundum að halda slíka fyrirlestra, sem eru yfirleitt mjög vel sóttir. „Ég fékk fullan sal af áhugasömu fólki sem sýndi mér mikið þakklæti að lestri loknum, vildi spjalla og spyrja margs um sögur mínar og biðja um áritanir," segir Friðrik, sem var mjög ánægður með hátíðina.



**FRIÐRIK ERLINGSSON** Rithöfundurinn snjalli er staddur á upplestrarferðalagi um Bretlandseyjar um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á næstu dögum mun hann ferðast vítt og breitt um England í skóla og bókasöfn til að kynna bækur sínar. Góða ferð, Sveinn Ólafsson, eða Fish in the Sky, hefur einmitt verið lesin í nokkrum skólum þar í landi, auk þess sem Bróðir Lúsífer kemur út hjá Meadowside á næsta ári. - fb

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-70% afsláttur

## - aðeins í 5 daga!




**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfbuxur | 10.900- | **7.900-** |
| Útivistarjakar | 21.900- | **7.900-** |
| Barnaúlpur | 17.900- | **6.990-** |
| Skíðabuxur barna | 13.900- | **7.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 24.900- | **14.900-** |
| Skíðabuxur 2 laga | 21.900- | **12.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.900- | **6.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **7.900-** |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 3. sept. | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 4. sept. | kl. 12-20 |
| Laugardagur | 5. sept. | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 6. sept. | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 7. sept. | kl. 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UPP 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 - 5.50 | L |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 | L |
| G.I. JOE | kl. 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 10.10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 7 og 10(POWER) | 16 |
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 5.45 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10:10 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8(3D) | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | ekki sýnd í dag | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:10 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10 | 16 |

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍÐINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS


## KYNLÍFSMYNDBÖND KRUFIN

Kynlífsfræðingurinn **Yvonne Kristín** var nýverið álitsgjafi tímaritsins Elle varðandi kynlífsmyndbönd fræga fólksins. Meðal þeirra sem hafa lent í slíku eru **Paris Hilton**, **Jordan** og **Vanessa Hudgens**.



# Veitir kynlífsráðgjöf í Elle

**Kynlífsfræðingurinn Yvonne Kristín Fulbright var nýverið álitsgjafi á heimasíðu hins virta tímarits Elle varðandi kynlífsmyndbönd og nektarljósmyndir fræga fólksins í Hollywood.**

Mikill fjöldi slíkra myndbanda og ljósmynda hefur litið dagsins ljós undanfarin ár með aukinni net- og farsímanotkun þar sem stjörnur á borð við Paris Hilton, bresku fyrirsætuna Jordan og Vanessu Hudgens úr High School Musical sjást fækka fötum. Oft eru það fyrrverandi kærastar eða kærustur sem setja efnið á netið, stjörnunum til lítillar gleði.

Yvonne Kristín, sem á íslenska móður og bandarískan föður, er eftirsóttur kynlífsráðgjafi í Bandaríkjunum. Hún skrifar kynlífsdálka fyrir Foxnews.com, hefur verið álitsgjafi fyrir tímaritið Cosmopolitan og gefið út bækur um kynlíf. Í greininni í Elle segir hún að margar ungar stjörnur átti sig ekki á því að fyrrverandi ástfólk þeirra geti notfært sér sambandið í gróðaskyni. Hún segir að stjörnurnar þurfi samt ekkert endilega að biðjast afsökunar á hegðun sinni. „Það er ekkert rangt við nakinn líkama og að nota hann til að krydda ástarsambandið. Erótískar ljósmyndir og myndbönd sem eru tekin upp á símann eru nýjasta aðferðin til að reyna að hrífa einhvern," segir Yvonne. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að manni líði vel í sambandinu og treysti hinum aðilanum fullkomlega. „Fyrrverandi kærastar eða kærustur geta verið grimm þegar hlutirnir ganga ekki upp og þá skiptir engu máli hvort þau hafi verið saman í ellefu vikur eða ellefu ár. Stjörnurnar verða að vega og meta hvort áhættan sem af svona myndefni stafar sé þess virði."

freyr@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 3. september 2009**

### ➜ Tónleikar

**17.30** Jónas Ingimundarson og Auður Gunnarsdóttir. Íslenskar einsöngsperlur á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**21.00** **Baggalútur** verður með útgáfutónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00** **Rapptrúbadorinn Helgi Valur** og hljómsveit hans Hvítu Pardusarnir, verða með útgáfutónleika á Prikinu við Bankastræti. Einnig kemur fram Erpur Eyvindarson.



**21.00** **Blúsrokkbandið MOOD** og hljómsveitin Money spila á tónleikum á Batteríinu við Hafnarstræti. Að auki mun Haraldur Ingi Þorleifsson spila nokkur lög.

### ➜ Opnanir

**17.00** Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verða opnaðar þrjár sýningar.



**Endurkynni rammanna:** verk gerð eftir römmum úr kvikmyndum Friðriks Þórs Friðrikssonar og Lars Von Trier.
**Japösk ástarbréf:** sýning á verkum Errós.
**Hvergi:** sýning á verkum Ingibjargar Birgisdóttur.

### ➜ Gjörningar

**17.00** Kanadíska listakonan **Iris Taylor** leiðir göngutúrsgjörning. Lagt verður af stað frá Kling & Bang gallerii við Hverfisgötu 42 og gengið u.þ.b. 3,5km (2klst.). Gangan er hluti af sýningunni „Sleepless Nights" sem opnuð verður í **Kling & Bang** galleríi nk. laugardag.

### ➜ Sýningar

Í Skotinu í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á verkum Lisu K. Blatt undir yfirskriftinni „Öfgar heimskautanna". Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar 13-17.

Guðfinna Anna Hjálmarsdóttir og Valgerður Björnsdóttir hafa opnað sýningu á **olíumálverkum og grafíkmyndum** í sýningarsal Íslenskrar grafíkur við Tryggvagötu 17, (hafnarmegin). Opið fim.-sun. kl. 14-18.

Í Höfuðborgarstofu í **Geysishúsinu** við Aðalstræti hefur verið opnuð sýning um Tónlistar- og ráðstefnuhúsið sem gefur innsýn í þróun þess umfangsmikla verkefnis. **Opið alla daga kl. 9-16.**

### ➜ Bæjarhátíð

Fjölskylduhátíðin Ljósanótt fer fram 3.-6. september í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.ljosanott.is.**

### ➜ Námskeið

**20.00** Sr. Þórhallur Heimisson heldur Hamingjunámskeið í safnaðarheimili **Hafnarfjarðarkirkju** við Strandgötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Dans



**Reykjavík Dance Festival** 3.-6. september í Hafnarfjarðarleikhúsi við Strandgötu. Nánari upplýsingar á **www.dancefestival.is.** Aðgangur er ókeypis en tekið verður við frjálsum framlögum til styrktar hátíðinni.

**20.00** Sýnd verða **dansverkin** Marbara, Pretty Bassic og Shake Me.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Ætlaði í meðferð



**VILDI HÆTTA** Goldstein hafði verið edrú í mörg ár.

**Samkvæmt vinum stjörnuplötusnúðsins og fyrrverandi unnusta Nicole Ritchie, DJ AM, sem fannst látinn í íbúð sinni í lok síðustu viku, var hann á leið í meðferð eftir helgina. DJ AM, sem hét réttu nafni Adam Goldstein, hafði verið edrú í mörg ár, en hafði byrjað að neyta eiturlyfja aftur í kjölfar erfiðra sambandsslita. Goldstein hafði sagt vinum sínum að hann hygðist fara aftur í meðferð eftir helgina, en hann átti að þeyta skífum á skemmtistað í Los Angeles. Talið er að Goldstein hafi látist af of stórum skammti eiturlyfja stuttu áður en hann átti að halda af stað til Los Angeles.**

# Ólétt á ný

Sögusagnir um að leikkonan Halle Berry sé með barni hafa verið á kreiki síðustu vikur. Vinur barnsföður Berry hefur nú komið fram og staðfest fregnirnar við tímaritið Life & Style. „Halle er í skýjunum. Hún átti í erfiðleikum með að verða ólétt af fyrra barni sínu og í þetta skiptið tókst það með aðstoð vísindanna. Hún er hamingjusöm og ánægð með fréttirnar," var haft eftir vininum. Fyrir eiga Berry og eiginmaður hennar dótturina Nhölu.

# Brown úr samhengi



**ALLT Í MÓÐU** Brown segist ekki muna eftir að hafa ráðist á fyrrverandi kærustu sína.

**Söngvarinn Chris Brown var gestur spjallþáttastjórnandans Larry King fyrr í vikunni. Þar ræddi Brown opinberlega í fyrsta sinn kvöldið sem hann réðst á fyrrverandi kærustu sína, söngkonuna Rihönnu. Stutt brot úr viðtalinu þar sem Brown segist ekki muna eftir árásinni hefur verið notað til að auglýsa þáttinn. Brown er óánægður með myndbrotið og segir það gefa ranga mynd af því sem sagt var.**

**Í fréttatilkynningu sem Brown sendi frá sér stuttu eftir viðtalið stendur meðal annars að orð hans séu tekin úr samhengi.**

# Skúrar gólfin

Skoski leikarinn Gerard Butler segist ekki komast upp með neina stjörnustæla þegar hann heimsækir móður sína í Glasgow. „Alltaf þegar ég fer heim heimtar mamma að ég taki þátt í heimilisstörfunum. Hún biður mig um að vaska upp eða ganga frá og hlustar ekki á mig þegar ég reyni að segja henni að Hollywood-stjörnur standi ekki í svoleiðis löguðu. Undantekningarlaust enda ég á hnjánum við að skúra eldhúsgólfið," segir Butler um hina jarðbundnu móður sína.



**HJÁLPSAMUR SONUR** Butler segir að móðir hans fái hann alltaf til að taka til hendinni þegar hann kemur í heimsókn.





Kennsla hefst 14. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 11-17.

www.schballett.is

50 ÁRA
BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara


# Ballett við dauðan mann

**TÓNLIST**
**Á Ljúflingshól**
Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar
★★



Snoturt safn brilliant laga en allt átakalítið og ekki eftir efninu

Menn geta svosem deilt um hvaða aðferð þeir Múla-bræður brúkuðu við söngvasmíðar sínar fyrir Deleríum Búbónis, Rjúkandi ráð og Allra meina bót, hvað kom fyrst lag eða ljóð, hvað Jón átti í textunum. Hitt er aðalatriði að í þeim rann einhver straumur saman sem fann sér djúpan farveg í þjóðarsálinni, þótt menn hafi verið deigir að sannreyna hvort leikirnir eru á setjandi, fyndnin liðin, plottið svo þunnt, þá er víst að söngvadansarnir lifa. Safn Sigríðar Thorlacius og Heiðurspilta sannar það enn.

Þetta er samt skrýtið safn. Þarna eru ópusar sem eru samtal tveggja: Ástardúett, Án þín, hreinir karlasöngvar Fröken Reykjavík og Sjómenn íslenskir, meðan óbætt liggja hjá garði perlur eins og Verði kyrrt og Ágústkvöldið, jafnvel kyndugar rollur eins og lokasöngurinn úr Allra meina bót. Það er sem-sagt nóg eftir. Það er raunar furðulegt að ekki skuli fleiri listamenn hafa skellt sér í að túlka kvæðin. Því ekkert laganna í þessu safni er án persónu, hér tala alltaf raddir. Sem þarf að túlka, rétt eins og lagboðann í útsetningum. Sigríður er með skýran flutning, tekur á en túlkun er hennar veika hlið, hér er allt sungið fallega: hin tvíræða eða margræða skynjun á efnið er víðsfjarri ef frá er talinn söngur djáknans. Stjórnendur og framleiðandi hafa gleymt því atriði í vinnu sinni: í hinu dapurlega kvæði miðaldra konu í kólnuðu hjónabandi, Á ljúflingshól, nær hvorki lag né ljóð botni: grasið græna kól.

Að flestu öðru er þetta safn faglega unnið: bandið er víðast á sínu róli og leggur sig ekki fram um að spila undir heldur með, en spilar vel og víða af andagift og leikni.

Sigríður er vönduð í söng en fjölbreytileiki er ekki hennar aðal þótt hún sé mikið efni.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**TÓNLIST** Sigríður Thorlacius hefur fallega rödd en ekki sterka og skortir blæbrigði í túlkun.


Gjöfin þín að verðmæti 14.000 kr. er í Debenhams

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira 3.-9. september er þetta gjöfin til þín*

- 7 day scrub cream 50 ml
- Gula kremið dramatically different mosturizing lotion 30 ml
- Almost bronser sólarpúður
- Lash power maskari
- Long last glosswear varagloss
- Self sun daily body moisturizer 75 ml

*meðan birgðir endast







High Impact Curling maskari

Að eyða tíma í að nota augnhárabrettara er liðin tíð.
Með nýja High Impact Curling Maskaranum öðlast augnhárin aukna fyllingu, lengd og fallega sveigju.
Látið nýja töfravöndinn um að lyfta hverju einasta augnhári.
Helst á án þess að haggast á meðan augun eru opin.
Augnlækna prófað, hentar vel þeim sem nota augnlinsur.
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafritt.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

### > Heiðar segir fréttaflutning rangan

Framherjinn Heiðar Helguson var mættur á landsliðsæfingu í gær fyrir leikinn gegn Noregi í undankeppni HM 2010 sem fram fer á laugardag. Dalvíkingurinn leikur sem kunnugt er með QPR í ensku b-deildinni en var rétt áður en félagaskiptaglugganum var lokað á Englandi í fyrradag orðaður af Sky Sports fréttastofunni við sitt gamla félag Watford sem leikur einnig í ensku b-deildinni. „Það var ekkert í gangi og ég hef ekkert heyrt af þessu og veit ekki betur en ég eigi framtíð hjá QPR," sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

**sport**
sport@frettabladid.is

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON: KOMINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Á NÝ ÞRÁTT FYRIR FREMUR BRÖSUGT GENGI HJÁ NANCY

## *Eins og ég sé ekki lengur inni í myndinni hjá Nancy*






Framherjinn Veigar Páll Gunnarsson hefur ekki átt sjö dagana sæla hjá franska félaginu Nancy eftir að hann kom þangað frá norska félaginu Stabæk í janúar síðastliðnum. Veigar Páll var sem kunnugt er mjög sigursæll í Noregi en hefur lítið fengið að spreyta sig í Frakklandi og hefur ekkert komið við sögu í þeim fjórum leikjum sem Nancy hefur spilað á þessu tímabili í frönsku úrvalsdeildinni.

„Um leið og ég kom út þá tók það náttúrulega sinn tíma að komast inn í hlutina og félagið sýndi mér skilning í því og það var svona talað um að ég myndi fá mitt tækifæri á tímabilinu sem nú er nýhafið. Ég upplifi það hins vegar þannig núna að ég sé hreinlega bara ekki lengur inni í myndinni hjá knattspyrnustjóranum og mér finnst það persónulega vera mjög furðulegt. Mér finnst ég vera búinn að standa mig mjög vel á æfingum og í leikjum með varaliðinu og finnst ég alveg nógu góður til þess að fá tækifæri með aðalliðinu," segir Veigar Páll.

Veigar Páll var því sterklega orðaður við félagaskipti frá Nancy í sumar og Stabæk og fleiri félög voru talin vera á höttunum eftir honum.

„Það var eitthvað að gerast í sumar og nokkur félög sem sýndu mér áhuga en það varð ekkert úr því á endanum. Ef staða mín hjá Nancy verður óbreytt þegar félagaskiptaglugginn opnar í janúar þá mun ég að sjálfsögðu reyna að koma mér eitthvert annað."

Veigar Páll hlaut náð fyrir augum landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar og var mættur á landsliðsæfingu í gær fyrir landsleikinn gegn Noregi í undankeppni HM 2010.

„Það er frábært að vera kominn aftur heim og aftur í landsliðshópinn. Svo ég tala nú ekki um að það sé fyrir leik gegn Noregi. Það hefði ekki getað verið betri tímasetning að koma aftur inn í hópinn. Ég hlakka bara mikið til og vonast að sjálfsögðu til þess að fá að spreyta mig."



**GRÉTAR RAFN** Kominn á fullt eftir að hafa jafnað sig á veikindum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grétar Rafn Steinsson:

## Maður labbar ekki inn í liðið

**FÓTBOLTI** „Ég er kominn á fullt aftur og er bara klár í slaginn. Það tekur hins vegar tíma að ná orkunni aftur upp eftir að vera veikur í tíu daga, sér í lagi í jafn krefjandi deild og ensku úrvalsdeildinni," segir Grétar Rafn í viðtali við Fréttablaðið en bakvörðurinn missti af byrjun tímabilsins með Bolton í ensku úrvalsdeildinni vegna flensu.

„Maður labbar náttúrulega ekki beint inn í liðið eftir svona veikindi en ég verð bara betri og betri með hverri æfingunni og mun berjast fyrir því að endurheimta sæti mitt í byrjunarliðinu," segir Grétar Rafn.

Bolton hefur ekki farið vel af stað í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili en Grétar Rafn hefur fulla trú á því að félagið rétti úr kútnum.

„Leikmannahópurinn hjá Bolton hefur allavega aldrei verið eins sterkur og hann er nú eftir að ég kom til félagsins," segir Grétar Rafn. **- óþ**

# Þetta verður nýtt ævintýri fyrir mig

**Eiður Smári Guðjohnsen tjáði sig í gær í fyrsta skipti við íslenska fjölmiðla um félagaskipti sín til Mónakó. Spjall við knattspyrnustjóra og forráðamenn franska félagsins gerði útslagið um ákvörðun Eiðs Smára.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var mættur á æfingu hjá íslenska landsliðinu í gær, fyrir leikinn gegn Noregi í undankeppni HM 2010, aðeins tveimur dögum eftir að hann skrifaði undir tveggja ára samning við franska úrvalsdeildarfélagið Mónakó.

„Það kemur náttúrlega alltaf smá spennufall eftir að svona ákvörðun er tekin. Það er líka óneitanlega skrítið að fara til Frakklands og skrifa undir samning og mæta ekki einu sinni á æfingu hjá félaginu til þess að hitta liðsfélagana eða neitt heldur bara taka næstu flugvél til Íslands á æfingu með landsliðinu. En svona er þetta stundum," sagði Eiður Smári í viðtali við Fréttablaðið.

Eiður Smári var orðaður við fjöldann allan af félögum í sumar en vildi ekkert fara neitt nánar út í þá sálma. Hann kveðst bara ánægður með þá ákvörðun sem hann tók og hlakkar til þess að byrja að spila fyrir Mónakó.

„Þetta verður nýtt ævintýri fyrir mig og ný áskorun fyrir mig á mínum ferli. Það var vissulega margt annað í boði og ýmsir möguleikar í stöðunni en ég er mjög sáttur með ákvörðun mína. Ég veit samt að margir sem hafa fylgst með mér hefðu eflaust viljað að ég myndi fara aftur í ensku úrvalsdeildina. Ég lít hins vegar svo á að stórum kafla í mínum ferli með Chelsea á Englandi sé lokið og ég hafði hug á því að prófa eitthvað nýtt á þessum tímapunkti. Þar með er ég þó alls ekki að útiloka möguleikann á að snúa aftur til Englands í framtíðinni þar sem ég er nú ekkert að fara að hætta alveg strax," segir Eiður Smári.




**EIÐUR SMÁRI** Var mættur á æfingu með íslenska landsliðinu í gær fyrir leikinn gegn Noregi í undankeppni HM 2010 aðeins tveimur dögum eftir að hafa gert samning við Monaco.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þegar ég talaði við forráðamenn og knattspyrnustjóra Mónakó þá heyrði ég strax á þeim að þeir höfðu mikinn áhuga á að fá mig. Það hafði líka mikið að segja hvaða hlutverk þeir ætluðu mér í liðinu og það er virkilega góð tilfinning fyrir knattspyrnumann að finna það að menn hafi trú sér," sagði Eiður Smári.

Mónakó var á allra vörum tímabilið 2003-2004 þegar það komst í úrslitaleik Meistaradeildarinnar og tapaði þar fyrir Porto.

Mónakó hefur þó í raun verið á niðurleið síðan þá og leikur til að mynda hvorki í Meistaradeildinni né Evrópudeild UEFA á þessu tímabili en Eiður Smári hefur fulla trú á því að félagið geti gert góða hluti.

Eiður Smári þurfti þó sér í lagi að sannfæra syni sína um ágæti félagsins. „Eins og börn alast upp í dag þá er það Meistaradeildin, enska úrvalsdeildin og spænska úrvalsdeildin sem skipta mestu máli og elsti sonur minn var því ekki alveg að skilja af hverju ég valdi Mónakó. Ég held samt að um leið og hann mætir á völlinn og sér pabba sinn spila fótbolta á ný þá áttar hann sig á því að það mikilvægasta er náttúrlega að vera inni á vellinum," segir Eiður Smári.

„Ég sagði þeim hjá Mónakó að ég væri í raun og veru til að spila hvar sem er á vellinum. Ég er bara ánægður ef ég fæ að spila og vil gera mitt til þess að hjálpa liðinu að ná fyrri hæðum.

Ég veit reyndar að liðið hefur ekki verið upp á sitt besta upp á síðkastið en verður það ekki bara sterkara með mig innanborðs?" spyr Eiður Smári sposkur á svip.
**omar@frettabladid.is**





**Fræðslufundir fyrir karlmenn 18 ára og eldri sem hafa greinst með krabbamein/blóðsjúkdóm**

Boðið verður upp á fræðslu sem miðar að því að auka þekkingu og skilning á því breytingaferli sem verður í lífi karlmanna sem greinast með alvarlegan sjúkdóm.

MÁLEFNI SEM TEKIN VERÐA FYRIR ERU:

- LEITIN AÐ TILGANGI LÍFSINS
- UPPBYGGING LÍKAMA OG SÁLAR EFTIR ERFIÐ VEIKINDI
- AÐ VIRKJA SEM BEST EIGIN KRAFTA
- REYNSLUSAGA UNGS MANNS / FJÖLSKYLDAN
- KYNNING Á SLÖKUN OG JÓGA
- ELDAÐ FYRIR ELSKUNA
- UMRÆÐUR OG SPJALL Í LOK HVERS TÍMA

**Fyrirlesarar eru fagmenn með sérfræðiþekkingu:**

**Helgi Sigurðsson** krabbameinssérfræðingur, **Högni Óskarsson** geðlæknir og markþjálfi, **Stefán Hafþór Stefánsson** og **Haukur Guðmundsson** sjúkraþjálfarar, **Örn Haraldsson** jógakennari, **Ingvar Guðmundsson** matreiðslumeistari á Salatbarnum, **Daníel Reynisson** formaður Krafts, félag ungra krabbameinsgreindra og **Matti Ósvald** heilsufræðingur.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 16. sept. kl. 17:30–19:00 í 8 skipti.
Stjórnandi námskeiðs er Matti Ósvald heilsufræðingur.

LJÓSIÐ

Skráning er hafin í Ljósinu, Langholtsvegi 43, sími 561 3770, ljosid@ljosid.org, www.ljosid.is


KR-ingar eru óhressir með ummæli umboðsmanns Prince Rajcomar:

## KR stendur ekki á brauðfótum

**FÓTBOLTI** Margir hafa eflaust glöggvað sig á viðtali við umboðsmanninn Bram van Barneveld sem birtist á vefmiðlinum fótbolti.net í gær en þar hélt Barneveld því fram að Pepsi-deildar félag KR væri mjög illa statt fjárhagslega.

Barneveld er meðal annars umboðsmaður Prince Rajcomar og Marks Rutgers en báðir leikmennirnir hafa verið í herbúðum Vesturbæjarfélagsins í sumar. Rajcomar yfirgaf hins vegar félagið á dögunum og vill Barneveld meina að það hafi eingungis verið til þess að létta undir rekstri KR þar sem félagið hafi ekki haft ráð á að borga honum lengur.



**PRINCE RAJCOMAR** Var leystur undan samningi sínum við KR á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rúnari Kristinssyni, yfirmanni knattspyrnumála hjá KR, finnst yfirlýsingar Barneveld skrítnar svo ekki sé meira sagt.

„Þetta er sjokkerandi lesning og það verður að teljast skrítið þegar einhver umboðsmaður, sem hefur einu sinni komið til Íslands, er að tjá sig um fjárhag íslensks knattspyrnufélags. Ég leyfi mér að fullyrða að hann hafi ekkert verið að kíkja í bókhaldið hjá KR og geti því varla vitað mikið um málið."

Rúnar kveðst þó geta skilið afstöðu umboðsmannsins að einhverju leyti þar sem KR hafi sett sig í samband við hann um að finna nýtt félag fyrir Rajcomar.

„Þetta hljómar kannski þannig í hans eyrum að við eigum í einhverjum fjárhagserfiðleikum þar sem við fórum þess á leit við hann að hann myndi finna nýtt félag fyrir Prinsinn.

Það er einfaldlega þannig að þeir leikmenn sem við teljum okkur ekki geta nýtt og hafa valdið okkur vonbrigðum eru dýrir leikmenn fyrir félagið. Þess vegna viljum við leita leiða í stað þess að henda peningum út um gluggann.

Þess vegna leystum við Prinsinn undan samningi. Það er í raun ekkert flóknara en það. KR stendur ekki á brauðfótum fjárhagslega heldur gengur þetta bara fínt hjá okkur," segir Rúnar að lokum. **- óþ**


Hreinlætis-
tækifæri
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐARVERÐ
gott verð fyrir alla - alltaf
Sturtuklefi 80 x 100 cm m. botni
43.900
Sturtuklefi 80 x 80 cm
verð með botni
37.900
(einnig til 90 x 90 cm)
Sturtuklefi 80 x 80 cm
verð með botni
52.900
(einnig til 90 x 90 cm)
OVA handlaug 35x45 cm
3.900
LAI handlaug
8.390
FULYA handlaug 55 cm
6.990
LILA salerni með setu
13.900
WC kassi m. hnappi
kr. 17.490
Salerni kr. 10.900
Seta kr. 3.000
Salernissett innbyggt, allt settið:
31.390
Eldhúsvaskur 48x73cm 0.8mm
9.900
Salerni með setu
23.900
VitrA QUALITY
VitrA Form 500 Vegghengt salerni með hæglokandi setu
33.480
VEMAR blöndunartæki
5.990
VEMAR blöndunartæki há, í borð
11.900
VEMAR eldhús blöndunartæki
6.190
VEMAR blöndunartæki í eldhús
5.490
Reykjavík
Klettháls 7.
Opið virka daga kl. 8-18
laugard. 9-16
Suðurnes
Fuglavík 18.
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14
Akureyri
Furuvellir 15.
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Jóhannes Karl stendur fast á sínu

**Jóhannes Karl Guðjónsson er ósáttur við þau orð sem Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari lét falla í viðtali við Fréttablaðið í gær. Hann stendur fast á sínu og segir ljóst að Ólafur sé ekki starfi sínu vaxinn.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, gaf í viðtali við Fréttablaðið í gær sterklega til kynna í gær að hann myndi ekki velja Jóhannes Karl Guðjónsson í landsliðið á meðan það væri undir hans stjórn. Jóhannes Karl hefur reyndar aldrei spilað landsleik undir stjórn Ólafs þótt hann hafi tvívegis verið valinn. Í raun stóð til að velja hann í þriðja leikinn, eins og fjallað er um hér að neðan, en Jóhannes Karl baðst þá undan þar sem fram undan væri sameiginlegt barnaafmæli drengja sinna.

Þetta gerðist snemma árs árið 2008. Það var svo í vetur að Ólafur hélt utan til Englands til að fylgjast með Jóhannesi spila. Ólafur hringdi í Jóhannes Karl fyrirfram en þeim ber ekki saman hvað fór fram í samtali þeirra.

Ólafur þrætti fyrir það í gær að hafa lofað Jóhannesi Karli sæti í landsliðinu í téðu samtali, eins og Jóhannes Karl hefur áður haldið fram og gerir enn nú.



JÓHANNES KARL Sendir hér stuðningsmönnum Burnley hlýjar kveðjur. Einhver bið verður á því að hann spili fyrir stuðningsmenn íslenska landsliðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Hringdi stanslaust í tvo daga

„Ég stend fast á minni meiningu. Að hann hefði hringt í mig og tjáð mér að ég yrði valinn í hópinn sem mætti Liechtenstein í æfingaleik sem fór fram á La Manga. Ég veit reyndar líka að hann var búinn að tilkynna öðrum leikmönnum að ég yrði valinn aftur í landsliðið. Ég var því búinn að ræða það við fleiri leikmenn að ég væri að koma aftur í liðið,“ sagði Jóhannes Karl í samtali við Fréttablaðið. „Svo var ég ekki valinn. Ég reyndi að fá skýringar á því og hringdi stanslaust í hann í tvo daga. En hann vildi greinilega ekki tala við mig því hann svaraði mér aldrei.“

Jóhannes Karl segir þetta slæm vinnubrögð. „Ólafur á rétt á því að velja sitt landslið og stendur hann og fellur með því. Ég er ekki að setja út á það. En ég ákvað í samráði við mína fjölskyldu að hella mér á fullu aftur í landsliðsverkefnin – svo bara gerist ekki neitt. Ég tel þetta afar ófagmannleg vinnubrögð og ég er ósáttur við þau. En ég hef engar skýringar á því af hverju hann þrætir fyrir að hafa sagt þetta.“

Ólafur valdi Jóhannes Karl tvisvar í landsliðið en hann komst í hvorugt verkefnið vegna veikinda og meiðsla. Barnaafmæli sona hans kom í veg fyrir að hann yrði valinn í þriðja leikinn.

### Þögnin loksins rofin

Til stóð svo tæpu ári síðar að velja Jóhannes Karl aftur í hópinn en það gerðist ekki. Ólafur hefur ítrekað verið spurður um ástæður fyrir því að Jóhannes Karl hlýtur ekki náð fyrir augum hans en tjáði sig aldrei um það fyrr en í gær.

Ólafur tjáði sig þá til að svara orðum Jóhannesar Karls sem hann lét falla í samtali við Morgunblaðið 17. ágúst síðastliðinn. Jóhannes Karl sagði meðal annars þá að hann teldi Ólaf á rangri leið með landsliðið. Hann ítrekaði þá skoðun sína aftur nú.

„Menn eru dæmdir af sínum verkefnum og frammistöðu. Það er mín skoðun að við hefðum átt að gera miklu betur í riðlinum [í undankeppni HM 2010] enda áttum við möguleika á að ná öðru sæti riðilsins. Ég tel að Óli sé ekki rétti maðurinn í þetta starf. Hann hafði enga reynslu í þessu og ræður ekki við þetta verkefni. Þetta er of stór biti fyrir hann.“

### Vill enn spila með landsliðinu

Jóhannes Karl gerir sér grein fyrir því að hann muni líklega ekki spila með landsliðinu aftur á meðan Ólafur er við stjórnvölinn.

„Hann var greinilega búinn að bíta það í sig fyrir löngu að velja mig ekki og ég var orðinn langþreyttur á því að fá spurningar um af hverju ég var ekki valinn. Þess vegna ákvað ég að tjá mig sama hvaða afleiðingar það hefur. Ég er þó enn opinn fyrir því að spila með landsliðinu – það hefur ekki breyst.“

eirikur@frettabladid.is



STEMNING Íslenskir stuðningsmenn mæta líklega um þúsund norskum stuðningsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikur Íslands og Noregs:

## Búist við þúsund Norðmönnum

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands er von á um þúsund norskum stuðningsmönnum á landsleik Íslands og Noregs í undankeppni HM 2010 sem fram fer á Laugardalsvelli á laugardag.

Það má því búast við harðri baráttu bláklæddra og rauðklæddra innan vallar sem utan en hægt er að nálgast miða á leikinn í gegnum miðasölukerfi á midi.is en ef ekki verður uppselt hefst sala á miðum á Laugardalsvelli kl. 12 á leikdegi.

Hvorugu liðinu hefur gengið sem skyldi í undanriðlinum og þjóðirnar verma sem stendur tvö neðstu sæti riðilsins, Ísland er á botninum með fjögur stig eftir sjö leiki og Noregur í næstneðsta sæti riðilsins með sex stig eftir sex leiki. - óþ

Úrslitakeppni 1. deildar kvk.:

## FH og Haukar upp í efstu deild

**FÓTBOLTI Hafnarfjarðarliðin FH og Haukar unnu sér í gærkvöldi inn þátttökurétt í efstu deild kvenna næsta sumar þegar seinni leikirnir í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar kvenna fóru fram.**

**FH gerði 2-2 jafntefli við ÍBV í Eyjum en fyrri leikurinn fór 0-0 og komst FH því áfram með mörkum skoruðum á útivelli.**

**Haukar voru í vænlegri stöðu fyrir leik sinn gegn Völsungi á Húsavík eftir að hafa unnið 4-1 í fyrri leik liðanna en Haukar unnu seinni leikinn 0-1 og því samanlagt 5-1.**

**Úrslitaleikur 1. deildarinnar fer fram næstkomandi sunnudag og þar verður eins og segir um Hafnarfjarðarslag að ræða.** - óþ




Jóhannes Karl um „rifbeinsbrotið“:

## Aumur en ekki brotinn

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, tjáði sig við Fréttablaðið í gær um þær ástæður sem honum voru gefnar fyrir fjarveru Jóhannesar Karls Guðjónssonar eftir að hann var valinn í landsliðið. Hann sagði til að mynda að Jóhannes hefði borið við rifbeinsbroti þegar hann komst ekki á æfingamótið í Möltu til að spila gegn Armeníu. Fáeinum dögum síðar hefði hann svo spilað með Burnley, sem kom Ólafi furðulega fyrir sjónir.

Jóhannes Karl segist ekki muna eftir þessu í smáatriðum en staðfestir þó að í fyrstu hafi verið talið að hann væri rifbeinsbrotinn og því hafi hann ekki gefið kost á sér í landsliðið.

„Ég hafði fengið þungt högg í mig skömmu áður en fór aldrei í myndatöku sem staðfesti rifbeinsbrotið. Svo braggaðist ég. Ég spilaði þennan leik með Burnley en þurfti að fara snemma af velli vegna eymsla. Ég var því enn eftir mig eftir höggið.“

Ólafur sagði einnig í áðurnefndu viðtali að hann hefði valið Jóhannes Karl tvívegis. Það er vissulega rétt en til stóð að velja hann í þriðja skiptið þegar Jóhannes Karl baðst undan þar sem hann og hans fjölskylda ætluðu að halda upp á sameinað barnaafmæli sona hans.

Eftir þá höfnun setti Ólafur Jóhannes í kuldann í tæpt ár. Ólafur sagði að sú afsökun hefði verið „eins og blaut vatnstuska í andlitið“. Þeir ræddust þó við aftur í vetur og Ólafur sá hann spila með Burnley. Engu að síður var hann ekki valinn í landsliðið sem mætti Liechtenstein í æfingaleik í febrúar síðastliðnum, eins og Jóhannes Karl átti von á að myndi gerast. Síðan þá hefur hann aftur verið í kuldanum hjá Ólafi. - esá



JÓHANNES KARL Í leik með landsliðinu árið 2007.

### FJARVERAN

**Þeir leikir þar sem til greina kom að Jóhannes Karl myndi spila með íslenska landsliðinu.**

**DANMÖRK - UNDANKEPPNI EM ´08**

**13. nóvember 2007**
Jóhannes Karl valinn í landsliðið í fyrsta leik Ólafs, gegn Dönum í undankeppni EM 2008.
**16. nóvember 2007**
Tillkynnt að Jóhannes Karl forfallist vegna veikinda. Ólafur staðfestir að hann sé með lungnasýkingu.
**21. nóvember**
Ísland spilar við Danmörku og tapar, 3-0.
**24. nóvember**
Jóhannes Karl spilar í tíu mínútur í leik Burnley og Stoke í ensku B-deildinni.

**ARMENÍA - ÆFINGAMÓT Á MÖLTU**

**21. janúar 2008**
Jóhannes Karl er valinn í hópinn sem mætir Armeníu á æfingamótinu á Möltu.
**30. janúar 2008**
Tilkynnt að Jóhannes Karl forfallist þar sem hann sé meiddur. Hann segir í samtali við fjölmiðla líklega vera rifbeinsbrotinn.
**6. febrúar**
Ísland spilar við Armeníu og vinnur, 2-0.
**9. febrúar**
Jóhannes Karl er í byrjunarliði Burnley gegn Colchester í ensku B-deildinni en spilar í aðeins 52 mínútur.

**SLÓVAKÍA - ÆFINGALEIKUR**

**26. mars 2008**
Ísland vinnur Slóvakíu, 2-1, ytra. Ólafur hafði hug á að velja Jóhannes Karl í liðið fyrir leikinn en Jóhannes Karl baðst undan vegna barnaafmælis drengja sinna.

**LIECHTENSTEIN - ÆFINGALEIKUR**

**11. febrúar 2009**
Ísland vinnur Liechtenstein, 2-0. Ólafur skoðaði Jóhannes Karl fyrir leikinn en valdi hann svo ekki.

2 SPORT
*besta sætið*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# MEISTARADEILDIN

## HEFST 15. SEPTEMBER

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA




## RIÐLAR MEISTARADEILDAR EVRÓPU 2009

| A RIÐILL | B RIÐILL | C RIÐILL | D RIÐILL |
|---|---|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN | MANCHESTER UNITED | AC MILAN | APOEL |
| JUVENTUS | WOLFSBURG | ZÜRICH | CHELSEA |
| BORDEAUX | CSKA MOSKVA | REAL MADRID | PORTO |
| MACCABI HAIFA | BESIKTAS | MARSEILLE | ATLÉTICO DE MADRID |

| E RIÐILL | F RIÐILL | G RIÐILL | H RIÐILL |
|---|---|---|---|
| FIORENTINA | RUBIN KAZAN | UNIREA URZICENI | ARSENAL |
| LIVERPOOL | INTER MILAN | STUTTGART | OLYMPIACOS |
| DEBRECENI | BARCELONA | RANGERS | AZ ALKMAAR |
| LYON | DYNAMO KYIV | SEVILLA | R. STANDARD DE LIÈGE |

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Lucy Liu

„Ég held að það sé ekkert í heiminum eins hættulegt og mannleg heimska og fáfræði.“

***Liu fer með hlutverk í þættinum Fé og freistingar sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SKEMMTIR SÉR YFIR NÖRDUM OG ÆVINTÝRUM ÞEIRRA

# *Gamli, góði kjarkurinn er allt sem þarf*

Nördar eru sívinsælt sjónvarpsefni eins og dæmin hafa sannað í gegnum tíðina. Þættirnir um nördana sem stofnuðu fótboltalið nutu mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum og skömmu síðar kom í bíó Astrópía þar sem Nexus-nördar í hlutverkjaleikjum voru áberandi. Undanfarið hafa hinir ágætu þættir Beauty and the Geek verið sýndir á Stöð 2 þar sem fegurðardísir og nördar reyna að bæta hvort annað upp. Mest eru það þó nördarnir sem þurfa á hjálp að halda, enda flestir ef ekki allir félagsfælnir og hallærislega klæddir lúðar sem hafa aldrei kysst stelpu á ævinni.

Annar sniðugur nördaþáttur sem nýlega lauk göngu sinni á Skjá einum er með Jackass-vitleysingnum Steve-O. Þar lét hann þrjú grey ganga í gegnum ýmsar manndómsraunir til að vinna bug á því sem þeir óttuðust mest. Flestir stóðust prófið með sæmd og fengu í verðlaun medalíu heftaða á upphandlegginn. Síðar meir þökkuðu þeir „lækninum“ Steve-O fyrir að hafa breytt lífi sínu til hins betra.

Allir þessir nördar eiga sameiginlega forfeður úr hinum sígildu myndum Revenge of the Nerds frá níunda áratugnum. Þær gáfu nördum um allan heim von um að þeir gætu náð í sætustu stelpurnar og sigrað heiminn ef þeir hefðu bara kjarkinn í það. En baráttan er endalaus því enn þann dag í dag þurfa nördar að berjast fyrir sínu og oftar en ekki veitir þeim ekki af smá hjálp yfir erfiðasta hjallann. Að fylgjast með því getur verið hin besta skemmtun.



**NÖRDAR** Nördarnir þurfa á hjálp að halda frá fegurðardísunum í þáttunum Beauty and the Geek.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00 The Addams Family** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 The Apprentice** STÖÐ 2



▶ **20.15 Bræður og systur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Flashpoint** SKJÁREINN



▶ **21.45 In Treatment** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**12.50 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.

**15.00 Stundin okkar** (e)

**15.30 Ólivía í miðjunni**

**15.45 Tómas og Tim** (15:16)

**15.55 Leiðarljós**

**16.35 Táknmálsfréttir**

**16.45 EM-stofan**

**17.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (52:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**21.00 Fréttir aldarinnar** Afrek Guðlaugs Friðþórssonar 1984.

▶**21.15 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (16:23) Bandarísk þáttaröð um lögfræðing auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 EM kvöld**

**22.50 Nýgræðingar** (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**23.15 Trúður** (Klovn III) (4:10) (e)

**23.40 Gróðabragð** (Scalp) (6:8) (e)

**00.35 Kastljós** (e)

**01.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Jesus Christ Superstar**

**10.00 Running with Scissors**

**12.00 Home Alone**

**14.00 Jesus Christ Superstar**

**16.00 Running with Scissors**

**18.00 Home Alone**

▶**20.00 The Addams Family** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um hina skrautlegu Addams-fjölskyldu.

**22.00 The Amityville Horror**

**00.00 Irresistible**

**02.00 From Dusk Till Dawn 2**

**04.00 The Amityville Horror**

**06.00 Manchester United.**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (20:25)

**10.00 Doctors** (21:25)

**10.30 Sjálfstætt fólk**

**11.05 Primeval** (1:6)

**11.50 Monarch Cove** (2:14)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (16:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (17:300)

**14.30 Newlywed, Nearly Dead** (10:13)

**15.00 Ally McBeal** (17:21)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz og Elías.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (19:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (15:22)

▶**20.10 The Apprentice** (6:14) Í sjötta sinn leitar Donald Trump að nýjum lærlingi. Átján þátttakendur takast á í þrautum þar sem allt í senn reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekkingu, leiðtogahæfileika, samstarfsvilja og færni í almennum samskiptum.

**20.55 NCIS** (4:19) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hætturlegri í þessari fimmtu seríu.

**21.40 Eleventh Hour** (7:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru talin af yfirnáttúrlegum toga. Það er jafnan síðasta úrræði að kalla til Hoods því hann er erfiður í samstarfi.

**22.25 Goodfellas**

**00.45 Lie to Me** (11:13)

**01.30 The 4400** (4:13)

**02.15 Sympathy For Mr. Vengeance**

**04.15 NCIS** (4:19)

**05.00 Friends** (19:24)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**18.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.20 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**19.50 Man. Utd - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.

**22.30 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.30 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.15 Portsmouth - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.55 Tottenham - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.35 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**19.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.00 PL Classic Matches** Charlton - Man Utd, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.30 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 2000.

**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**21.55 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.25 Wolves - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.15 America's Funniest Home Videos** (21:48) (e)

**18.40 Kitchen Nightmares** (2:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey mætir galvaskur til leiks og freistar þess að bjarga veitingastöðum sem eru á vonarvöl. (e)

**19.30 All of Us** (21:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.

**20.00 Everybody Hates Chris** (15:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

**20.30 Family Guy** (14:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

▶**21.00 Flashpoint** (6:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (16:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.

**22.40 Penn & Teller. Bullshit** (52:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 Britain's Next Top Model** (e)

**00.00 Secret Diary Of A Call Girl** (e)

**00.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Útvegurinn** Umsjón hefur Sigurður Sveinn Sverrisson.

**21.30 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson spjallar við Langa Sela, Axel Hallkel Jóhannesson, leikmyndahönnuð og tónlistarmann.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.25

### Goodfellas



Margrómað meistaraverk Martins Scorsese sem byggt er á sannri sögu glæpamannsins Henry Hill sem komst ungur að aldri í afar viðsjárverðan félagsskap og varð fljótlega stórlax í skipulagðri starfsemi undirheimanna. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og hlaut Joe Pesci verðlaun sem besti leikarinn í aukahlutverki. Með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annars Ray Liotta, Robert De Niro, Lorraine Bracco og Paul Sorvino.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Mafíuþema

### Stöð 2 alla fimmtudaga

Í haust verður Mafíuþema alla fimmtudaga á Stöð 2. Sýndar verða kvikmyndir sem á einn eða annan hátt tengjast skipulagðri glæpastarfsemi, eða „mafíunni“. Meðal meistaraverka sem sýnd verða eru Godfather, Goodfellas, Untouchables, Donnie Brasco, Carlitos Way, Departed og Scarface.

Það er kominn tími til að sýna smá virðingu, annars mun einhver sofa með fiskunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Með hægð
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Smásaga: Marcel vegabóndi
**19.27** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Flugan óðaudlega
**23.05** Útvarpsperlur: Ég er ekki einu sinni skáld
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 93,5 | Rás 1 |
| FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 96,7 | Létt Bylgjan |
| FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan | FM 99,4 | Útvarp Saga |
| FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (16:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem það greiðir úr eigin flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (17:25)
**17.30 The O.C. 2** (10:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
**18.15 Seinfeld** (24:24)
**18.45 Doctors** (16:25)
**19.15 Doctors** (17:25)
**19.45 The O.C. 2** (10:24)
**20.30 Seinfeld** (24:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.45 In Treatment** (16:43) Sálfræðingurinn Paul Weston hlustar þolinmóður á sjúklinga sína þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**22.10 Ástríður** (3:12) Rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem á erfitt með að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins og á vegi ástarinnar.
**22.35 Medium** (3:19) Sjáandinn Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála og er hún því gjarnan kölluð til aðstoðar.
**23.20 Monarch Cove** (12:14)
**00.05 Sjáðu**
**00.35 Fréttir Stöðvar 2**
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Blackadder Goes Forth **19.30** Blackadder Goes Forth **20.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.45** My Family **21.15** My Family **21.45** EastEnders **22.15** The Weakest Link **23.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.45** Blackadder Goes Forth

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.50** S, P eller K **14.00** Boogie Update **14.30** Braceface **14.50** Højspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Hvor er vi landet? **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Løgn over løgn **22.20** Når Sharia dømmer

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Her er eg! **16.30** Frøken Fridas helsprøe eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** 2. verdenskrig - bak lukkede dører **20.25** Vart du skræmt, no? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intriger og begjær **22.10** I USA med Stephen Fry **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**13.15** Fråga doktorn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** En nästan vanlig ungdom **15.25** Edos mack **15.55** Tre Kronor live. Czech Hockey Games **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Tre Kronor live. Czech Hockey Games **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre Kronor live. Czech Hockey Games **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Jag och min familj **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Mitt huvud är en torktumlare **23.00** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta oft á Rás 2 eða X-ið þegar ég er að vinna við tölvuna. Undanfarið hef ég líka hlustað mikið á hljómsveitirnar Band of Horses og Lights on the Highway.*

Soffía Sveinsdóttir veðurfræðingur.

# Dagur Kári leikstýrir nýjum sjónvarpsþætti

Dagur Kári Pétursson mun leikstýra nýjum sjónvarpsþætti sem hefur verið gefið vinnuheitið Betlehem. Jóhann Ævar Grímsson skrifar handritið en þættirnir fjalla um blokk í Breiðholti og persónurnar sem þar búa. „Það er voðalega lítið hægt að segja núna um þættina, við erum bara að fjármagna þá og svona. En þeir eru á teikniborðinu,“ segir Jóhann Ævar í samtali við Fréttablaðið.

Ef þættirnir verða að veruleika verður þetta í fyrsta skipti sem Dagur Kári leikstýrir í sjónvarpi. Auk þess yrði Betlehem fyrsta verkefni Dags sem hann skrifaði ekki sjálfur. „Dagur er mjög góður leikstjóri, hæfur í því sem hann gerir og á eflaust eftir að bæta einhverri snilld við þetta,“ segir Jóhann.

Dagur Kári er um þessar mundir að undirbúa sig fyrir Kanadaferð því kvikmyndin hans A Good Heart verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og tekur þar þátt í „Special Presentation“-flokknum ásamt leikstjórum á borð við Werner Herzog, Pedro Almodóvar og Jane Champion auk Drew Barrymore sem er að leikstýra kvikmynd í fyrsta sinn.

A Good Heart hefur verið nokkuð lengi á teikniborðinu en upphaflega stóð til að Tom Waits og Ryan Gooslíng léku aðalhlutverkin. Þegar ekki tókst að samræma dagskrá þeirra voru engir aukvisar fundnir í staðinn, þeir Paul Dano og Brian Cox.

- fgg



**Í SJÓNVARP** Dagur Kári Pétursson mun að öllum líkindum leikstýra nýrri, íslenskri sjónvarpsþáttaröð sem hefur verið gefið vinnuheitið Betlehem. Jóhann Ævar Grímsson skrifar handritið.



**LÁRÉTT 2.** hrumur, **6.** í röð, **8.** nögl, **9.** skammstöfun, **11.** verslun, **12.** heimting, **14.** hvíld, **16.** rás, **17.** sigti, **18.** fát, **20.** bardagi, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT 1.** afl, **3.** tónlistarmaður, **4.** land í S.-Evrópu, **5.** upphaf, **7.** sáldraður, **10.** vöntun, **13.** ögn, **15.** alþjóðlegur samningur, **16.** þjálfa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** skar, **6.** rs, **8.** kló, **9.** etv, **11.** bt, **12.** krafa, **14.** áning, **16.** æð, **17.** sía, **18.** fum, **20.** at, **21.** arma. **LÓÐRÉTT: 1.** þrek, **3.** kk, **4.** albanía, **5.** rót, **7.** stráður, **10.** van, **13.** fis, **15.** gatt, **16.** æfa, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Helgi Magnús Gunnarsson.
2. 21 milljón króna.
3. Iben Hjejle.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
IMAGE kms
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

BUBBI MORTHENS: VILL STEFGJÖLDIN AFTUR

# Gríðarleg verðmæti í húfi

„Ég veit ekkert um samninginn né hvar hann er. Ef ég ætti peninga myndi ég vilja kaupa hann aftur,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens, sem ásamt fjölmörgum öðrum tónlistarmönnum gerði samning við Hugverkasjóð Íslands árið 2006.

Samningurinn fól í sér að sjóðurinn greiddi Bubba og fleiri tónlistarmönnum eingreiðslu, gegn því að höfundarréttargjöld þeirra næstu ár rynnu í sjóðinn. Baugur Group lagði 160 milljónir króna í sjóðinn, sem er í eigu Á bleiku skýi ehf. – dótturfélags Baugs.

„Ég er búinn að athuga möguleika mína á að kaupa samninginn aftur, því mér er ekki sama hvert hann fer – þannig séð,“ segir Bubbi. „Þetta eru gríðarleg verðmæti. Ég veit ekki hvort einhver ríkisbankinn, sem er að hirða úr fólki blóð og taugar, sé tilbúinn að lána pening til að kaupa þetta.“

Hugverkasjóður Íslands rann undir félagið Stoðir Invest ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum Baugs í apríl á síðasta ári. Lögfræðingurinn Egill Þorvarðarson, hjá Lögmönnum Höfðabakka, segir að Stoðir Invest sé í eigu sömu aðila og áður og að hugverkasjóðurinn sé eina eign félagsins. „Ég held að það sé ekki útséð hvert hugverkasjóðurinn fer eða í hvers eigu hann verður,“ segir Egill.

Samkvæmt Agli á fjárfestingarbankinn Straumur veð í Stoðum Invest. Það er því líklegt að sjóðurinn renni til Straums. Óvíst er hvað verður um sjóðinn hjá bankanum, en Fjármálaeftirlitið tók rekstur hans yfir í apríl á þessu ári.

Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson segir að honum sé ekki sama hvað hann sé tengdur. „Ég myndi helst vilja að sjóðurinn væri hjá ábyrgum aðilum – í öruggum höndum.“ Jón ítrekar að Baugur hafi staðið faglega að sjóðnum og efast ekki um að tilgangurinn hafi verið að styðja við bakið á íslensku tónlistarfólki.

Spurður hvort hann sjái fyrir sér að tónlistarmennirnir myndu hópa sig saman og losa sjóðinn úr íslensku útrásinni segir Jón að málið sé ekki það stórt fyrir sér. „Ég myndi ekki leggja á mig mikla vinnu til að gera það. Ég vil bara sjá sjóðinn í öruggum stað, þar sem menn fara eftir lögum og reglum, og maður þarf ekki að hafa áhyggjur að honum.“

atlifannar@frettabladid.is



### VILL KAUPA SAMNINGINN

**Bubbi** óttast um verðmætin sem liggja inni í hugverkasjóði Íslands. Hann vill kaupa sinn hlut aftur. Meðal annarra sem sömdu við sjóðinn eru **Jón Ólafsson** og **Jakob Frímann Magnússon**. Stoðir Invest eiga sjóðinn en hann er eina eign félagsins að sögn Egils Þorvarðarsonar hjá Lögmönnum Höfðabakka.

### ÞESSIR SÖMDU VIÐ HUGVERKASJÓÐ ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| Bubbi Morthens | Valgeir Guðjónsson |
| Gunnar Þórðarson | Eyþór Gunnarsson |
| Stefán Hilmarsson | Jakob Frímann Magnússon |
| Guðmundur Jónsson | Helgi Björnsson |
| Jón Ólafsson | Björn Jörundur Friðbjörnsson |

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Dularfulla barónessan Francesca von Habsburg er örugglega það besta sem komið hefur fyrir íslenskt listalíf – allavega eftir að Björgólfur Guðmundsson fór á hausinn. **Sigurður Guðmundsson** og félagar í Hjálmum fengu nýlega að bíta í ávöxt auðæva Francescu þegar hún greiddi flugmiða hljómsveitarinnar til Jamaíka. Þar dvaldi hljómsveitin við upptökur í hljóðverunum Tuff Gong og Harry J. í höfuðborginni Kingston og platan kemur út 20. september.



Myndband GusGus við lagið Add This Song hefur slegið í gegn á vefsíðunni Myspace.com eftir að það var frumsýnt á mánudag. Hátt í 16.000 manns hafa horft á myndbandið, sem skartar fyrirsætunni Tinnu Bergsdóttur í aðalhlutverki. Athygli vekur að myndbandið er óritskoðað hjá Myspace og fá því fjölskyldugersemar **Daníels Ágústs** að njóta sín fyrir allra augum. Þjóðverjar voru ekki eins líbó og létu ritskoða myndbandið.



Frést hefur að **Reynir Lyngdal** og félagar skáli nú í kampavíni þar sem nýjasta afurð þeirra, sjónvarpsþættirnir Hamarinn, hefur verið seld til allra Norðurlandanna nema Danmerkur. Ekki nóg með það, þá hafa Svíarnir ákveðið að sýna þáttinn á besta tíma, sem þykir mikið afrek og gæðastimpill í þokkabót. Óvíst er hvenær sýningar hefjast erlendis, en RÚV hefur sýningar á þáttunum í byrjun október.

- afb

NÚNA SPÖRUM VIÐ.
ALLUR FISKUR*
1.190 KR.KG.
-SAMA HVAÐ ÞAÐ ER-
Ýsuflök roðlaus beinlaus
Þorskflök roðlaus beinlaus
Steinbítsflök
Rauðsprettuflök
Stórlúða
Plokkfiskur
Saltfiskur
Smálúða
Fiskibollur
Gellur
Keilusteikur
Laxaflök
Löngusteikur
Allir Fiskréttir
Allir Sósuréttir
Allur Marineraður fiskur
og fleira og fleira.

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA
*(ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI, GILDIR EKKI UM FROSINN FISK)
SJÁUMST ELDHRESS Í DAG.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Felix slapp við Icesave

„Góð vinkona mín, sem var að vinna hjá kvikmyndafyrirtæki hér í bæ, hringir í mig og býður mér að koma í prufu fyrir „stærstu auglýsingu sem gerð hefur verið á Íslandi“. Hún sagði að þetta væri auglýsing sem ég vildi ekki missa af fjárhagslega. Það var mjög skýrt,“ segir leikarinn góðkunni, Felix Bergsson, sem var hársbreidd frá því að verða andlit Icesave-reikninganna í Hollandi.

Í maí í fyrra stóð yfir leit að Íslendingi í umrædda auglýsingu. Felix Bergsson var einn af þeim sem boðaðir voru í prufu, en hann var á leiðinni til útlanda og komst því ekki á tilgreindum tíma. Hann fékk samt að vita að auglýsingin væri fyrir Landsbankann og að verið væri að leita að andliti Icesave í Hollandi. „Andlit herferðarinnar! Mér finnst það best. Maður hefði ekki getað farið til Niðurlandanna næstu árin eða áratugina,“ segir Felix.

Ónefndur íslenskur leikari fékk giggið, en auglýsingin var aldrei framleidd – til allrar lukku fyrir þennan saklausa leikara sem hefði orðið andlit horfinna auðæfa Hollendinga sem treystu Íslendingum.

- afb



**HJÚKK** Felix Bergsson hefði getað orðið andlit Icesave í Hollandi en fór í staðinn til útlanda. Sem betur fer fyrir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# MacBook
# er skólabókin þín




## MacBook 13"
**Verð: 194.900.-**



### Já, getur keyrt Windows
og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er.  Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



### iLife '09

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina á Laugaveg 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds í allann vetur**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.apple.is/fraedsla**



**Microsoft Office pakkinn**
3 leyfi í pakka
**Verð: 18.990.-**



golla
**Fartölvutöskur**
Fyrir MacBook / MacBook Pro
Verð frá: 7.990.-



PURO
**Hátalarar / Music Balls**
fyrir iPod / iPhone
Verð: 4.990.-
(iPod á mynd fylgir ekki)



Western Digital
**Flakkarar**
USB2/640GB
Verð: 19.990.-

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000









BAKÞANKAR
Dr. Gunna

## Slím

Íslenska þjóðin er svo ung og vitlaus (les: iðandi af frumherjakrafti) að hún er enn þá að spá í það hvað hún eigi að gera þegar hún verður stór. Fyrst það klikkaði að klæða sig í grátt og millifæra yfirdrátt fyrir brjálæðinga, eða drita niður húsum sem enginn vill búa í, klóra sér nú margir í hausnum og reyna að láta sér detta eitthvað í hug sem gæti komið okkur upp af botninum. Það geta ekki alveg allir verið í fiski, ferðamennsku eða áli, því þrennu sem mest vit reyndist í – það sáu allir þegar ryk ruglsins hafði sest. Nú reynir á sköpunarkraft og hugmyndaauðgi, svo ég noti klisjurnar. Gamla gátan um að finna eitthvað upp sem enginn getur verið án er í fullu gildi.

**ÞRÓUN** tölvunnar er náttúrlega skýrasta dæmið um framsækna hugmyndaauðgi, enda er Bill Gates ríkasti maður í heimi. Ég hefði betur hlegið minna að nördunum 1982 sem hengu yfir grænum skjáum og vistuðu skjöl á kassettur. Ekki hefði mig grunað að tuttugu árum síðar hengi ég sjálfur meirihluta dagsins yfir tölvuskjá og yrði andlega fatlaður ef tölvan bilaði.

**ÉG** veit ekki hvaða snillingi datt í hug að láta búa til grænt slím og selja krökkum í grænni plast-öskutunnu, en hann er líklega ekki alveg eins ríkur og Bill Gates. Ég hefði viljað vera á fundinum þegar hann kynnti hugmyndina. Slím! Var enginn með efasemdir? Sáu bara allir strax að slímið er hin fullkomna uppfinning, algjörlega tilgangslaust drasl sem enginn krakki getur verið án?

**SEM** barn linnti ég ekki látum fyrr en ég hafði eignast mitt eigið slím. Ég man enn eftir lyktinni og þeirri unaðstilfinningu sem læddist um mig þegar slepjulegt slímið flæddi á milli fingra minna. Lufsan er með álíka sögu nema í hennar var alltaf vörutalning í Liverpool þegar hún kom í bæinn frá Ísafirði (sem var slímlaus bær). Hún eignaðist því aldrei slím og grætur það enn. Ég sýndi syni mínum slím í búð um daginn og hann hefur suðað í mér síðan. Slím. Bara orðið er ómótstæðilegt.

**SIGURGANGA** slímsins segir manni að hugmyndin getur verið algjörlega fráleit en samt gengið upp. Það er samt ekkert víst að hún geri það. Sjáðu bara Decode.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 3. september 2009, 246. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.16 | 13.27 | 20.36 |
| Akureyri | 5.56 | 13.12 | 20.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


